

SKÓGRÆKTAR RITIÐ 2014

2. TBL.





Viltu smíða úr íslensku timbri?

Hafðu samband við skógarverði og kannaðu hvað er fánlegt. Borðviður, staurar, hjallaspirur, plattar, bolir og fleira.

Austurland: 470-2070 • hallormsstadur@skogur.is

Norðurland: 470-2060 • vaglir@skogur.is

Vesturland: 470-2042 • valdi@skogur.is

Suðurland: 470-2080 • hreinn@skogur.is



SKÓGRÆKTAR RITIÐ 2014

2. TBL.

ÚTGEFANDI
SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS
ÞÓRUNNARTÚNI 6, 105 REYKJAVÍK
WWW.SKOG.IS
SÍMI: 551-8150

RITSTJÓRAR:
Brynjólfur Jónsson
Einar Örn Jónsson

PRÓFARKALESTUR:
Ragnhildur Freysteinsdóttir

UMBROT:
2B hönnunarstofa

PRENTUN:
ODDI

Gefið út í 3000 eintökum

ISSN 1670-0074

© Skógræktarfélag Íslands og
höfundar greina og mynda.

Öll réttindi áskilin /
All rights reserved.

Rit þetta má ekki afrita með neinum
hætti, svo sem með ljósmyndun,
prentun, hljóðritun eða á annan
sambærilegan hátt, þar með talið
tölvutækt form, að hluta eða í heild,
án skriflegs leyfis útgefanda og
höfunda.

MYND Á KÁPU:
Kristín Arngrímsdóttir
„Haust“, 2014
Blönduð tækni
Verkið er í eigu
Skógræktarfélags Íslands

- 4 Minning – Sigurður Blöndal
ÝMSIR HÖFUNDAR
- 12 Heiðursvarðar í skógum landsins XIII. hluti
JÓN GEIR PÉTURSSON
- 13 Tré ársins 2014
LAUFEY B. HANNESDÓTTIR
- 18 Ísland í alþjóðleg samtök jólatrjáaræktenda
ELSE MÖLLER
- 20 Reynslan af jólatrjáarækt á Íslandi
HELGI ÞÓRSSON
- 29 Um Sogn- og Fjarðafylki í Vestur-Noregi
EINAR GUNNARSSON
- 42 Trjávernd í þéttbýli
BJÖRK ÞORLEIFSDÓTTIR OG EINAR ÞORLEIFSSON
- 46 „Menn héldu að þetta væri algerlega tilgangslaust“
EINAR ÖRN JÓNSSON
- 48 Upphaf skiptiferða norskra og íslenskra skógræktarmanna
EINAR ÖRN JÓNSSON
- 51 Gróðursetningaáhöld frá upphafi til okkar daga
HALLGRÍMUR INDRIÐASON
- 54 Á slóðum risanna
GÚSTAF JARL VIÐARSSON OG SARA RIEL
- 62 Skrúður við Núp í Dýrafirði
BRYNJÓLFUR JÓNSSON
- 70 Móðir íslensku stafafuruskóganna
EINAR ÖRN JÓNSSON
- 76 Tuttugu ára trjáækt í Deild í Fljótshlíð
SVEINN ÞORGRÍMSSON
- 82 Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 2014
RAGNHILDUR FREYSTEINSDÓTTIR
- 89 Skógræktarárið 2013
EINAR GUNNARSSON



Skógræktarfélag Íslands og Skógræktarritið

Skógræktarfélag Íslands er landssamband 60 skógræktarfélaganna sem starfa í flestum byggðarlögum landsins. Skógræktarfélögin mynda breiðfylkingu nærri 7.500 áhuga- og stuðningsmanna skógræktar. Skógræktarfélag Íslands er málsvári félaganna og hefur það m.a. að markmiði að stuðla að trjá- og skógrækt, gróðurvernd og landgræðslu og að fræða og leiðbeina um skógrækt. Skógræktarfélögin eru öllum opin og eru allir sem skógrækt unna hvattir til þátttöku.

Skógræktarritið (áður Ársrit Skógræktarfélags Íslands) hefur komið út samfellt frá árinu 1932 og er eina fagritið sem fjallar sérstaklega um efni er varða skógrækt. Ritið kemur út tvisvar á ári og er hægt að fá það í áskrift (skog.is). Þeir sem hafa áhuga á að skrifa greinar í ritið eru hvattir til þess að hafa samband við ritstjóra (bj@skog.is).

Hægt er að fá helstu upplýsingar um fjölþætt starf Skógræktarfélags Íslands og aðildarfélaganna á heimasíðunni skog.is.

Höfundar efnis í þessu riti:



BJÖRK ÞORLEIFSDÓTTIR
sagnfræðingur



BRYNJÓLFUR JÓNSSON
framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands



EINAR GUNNARSSON
skógfræðingur



EINAR ÖRN JÓNSSON
blaðamaður



EINAR ÞORLEIFSSON
náttúrufræðingur



ELSE MÖLLER
skógfræðingur



GÚSTAF JARL VIÐARSSON
skógfræðingur



HALLGRÍMUR INDRIDASON
skógfræðingur



HELGI ÞÓRSSON
skógarbóndi í Kristnesi



INGVI ÞORSTEINSSON
náttúrufræðingur

Um mynd á kápu

Kápu Skógræktarritsins prýðir að þessu sinni mynd-verkið „Haust“ eftir Kristínu Arngrímsdóttur. Kristín á að baki langan og víðtækan námsferil, bæði hér á landi og á erlendri grund. Hún stundaði m.a. nám í listasögu í Uppsala í Svíþjóð á árunum 1973 til 1976, myndlistarnám hér á landi á árunum 1979 til 1986 og framhaldsnám í myndlist í Englandi á árunum 1996 til 1999.

Kristín hefur kennt myndlist, m.a. við Myndlista- og handiðaskólann, Austurbæjarskóla og Námsflokka Reykjavíkur og sem safnakennari við Listasafn Íslands. Þá hefur Kristín myndskreytt ýmsar bækur og auk þess skrifað og myndskreytt þrjár barnabækur, sem hlotið hafa alþjóðlegar viðurkenningar og verðlaun.



JÓN LOFTSSON
skógræktarstjóri



JÓN GEIR PÉTURSSON
skrifstofustjóri í umhverfis- og
auðlindaráðuneytinu



LAUFEB. HANNESDÓTTIR
verkfræðingur



RAGNHILDUR FREYSTEINSDÓTTIR
umhverfisfræðingur



SARA RIEL
myndlistarmaður



SKÚLI BJÖRN GUNNARSSON
forstöðumaður Gunnarsstofnunar



SVEINN ÞORGRÍMSSON
skrifstofustjóri í atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneytinu



VILHJÁLMUR LÚÐVÍKSSON
efnaverkfræðingur



ÞRÖSTUR EYSTEINSSON
sviðsstjóri þjóðskóganna hjá Skógrækt
ríkisins

MINNING

SIGURÐUR BLÖNDAL

03. NÓVEMBER 1924 - 26. ÁGÚST 2014

Sigurður Blöndal, skógræktarstjóri

Genginn er einn helsti máttarstólpi skógræktar á Íslandi, Sigurður Blöndal skógræktarstjóri. Sigurður tengdist skógræktarhreyfingunni sterkum böndum frá fyrstu tíð. Hann var víðlesinn og stöðugt að afla sér þekkingar á sviði skógræktar og náttúruvísinda. Úr þeim þekkingarbrunni var hann óspar að miðla til félagsmanna í skógræktarfélögum innan vébanda Skógræktarfélags Íslands. Á þeim árum sem Sigurður gegndi starfi skógræktarstjóra fór hann víða um land og heimsótti þá gjarnan skógræktarfélög og skógarreiti. Afrakstur þessara ferða birtist svo oft en ekki í greinum Sigurðar í Skógræktarritinu undir vinnuheitinu Fyrir og nú, en auk þess ritaði hann fjölmargar aðrar greinar um skógrækt. Í starfi sínu sem skógræktarstjóri árin 1977-1989 sýndi Sigurður það í verki hversu mikilvægt það væri að efla starf grasrótarinnar og leggja skógræktarfélögum lið. Samhliða öflugu starfi fyrir skógræktarhreyfinguna vann Sigurður markvisst að því að efla skógrækt bænda og auka skilning innan bændastéttarinnar á skógrækt sem búgrein. Með skrifum sínum hafði hann sterk og mótandi áhrif á þá kynslóð sem nú fer fyrir skógrækt á Íslandi og ef að líkum lætur mun áhrifa hans gæta langt fram á þessa öld.

Ritstjórar Skógræktarritsins vilja að leiðarlökum birta nokkrar minningargreinar sem hver um sig varpa nokkru ljósi á starf Sigurðar, persónu hans og lífshlaup.



Sigurður var skemmtilegur samferðarmaður. Hann kunnir þá list að ræða við fólk og var forvitinn um hagi þess. Fyrstu kynni ritstjóra af Sigurði voru árið 1980 þegar Sigurður var skógræktarstjóri. Hafði fengið tíma hjá ritara hans í þeim tilgangi að forvitnast um skógræktarnám. Átti von á stuttu viðtali. Eftir fjögurra tíma samtal, sem snérist að mestu um fiskvinnslu og umræður um þróun í sjávarútvegi, en minna um skógrækt, sagðist hann eiga nokkra þessa um skógrækt sem hann vildi afhenda. Skriðum við upp á háaloft á Ránargötu 18 þar sem hann dró fram bækur og bæklinga. Klifaður í bak og fyrir af þessum eftirminnilega fundi mátti matvæla- og fiskvinnslufræði sín lítills næstu vikurnar í fisktæknánáminu við Fiskvinnsluskólann í Hafnarfirði.

Mynd: Jóhann F. Gunnarsson

Minningarræða við útför Sigurðar Blöndal frá Egilsstaðakirkju

Kæru vinir, sveitungar og vandamenn Sigurðar Blöndal!

Ég stend hér á þessari minningarstund og á þessum undurfallega degi til að efna gamalt loforð við Sigurð Blöndal um að tala yfir honum gengnum. Ég leyfi mér að líta á mig sem fulltrúa þeirra mörgu sem urðu fyrir áhrifum af hugsjónaeldi og framtíðarsýn Sigurðar um ræktun lands og lýðs sem hann boðaði manna snjallast á seinni hluta 20. aldar. Hannes Hafstein orðfærði þá sýn í margrómuðu kvæði sínu við aldamótin fyrri. Segja má að sú draumsýn hafi nú ræst. **Við lifum og menning okkar vex í lundum nýrra skóga.**

Ég hitti Sigurð Blöndal fyrst árið 1970 þegar hann

bað mig að halda hátíðarræðu á Atlavíkursamkomu sem Skógræktarfélag Austurlands stóð fyrir á þeim árum. Hann vildi að fjallað yrði um viðhorf til náttúruverndar og umhverfismála sem þá voru að færast í brennidepil þjóðmála, ekki síst vegna deilunnar um Laxá í Þingeyjarsýslu. Stefán Jónsson, þáverandi fréttamaður hjá Ríkisútvarpinu og síðar þingmaður, hafði bent honum á mig vegna viðhorfa sem Stefáni þóttu nokkuð óhefðbundin hjá verkfræðingi á þeim árum - ekki síst hjá verkfræðingi sem einmitt var viðriðinn rannsóknir á nýtingu náttúruauðlinda í þágu atvinnuskapandi iðnaðar á vegum Rannsóknaráðs ríkisins!

Kjarninn í þeim hugmyndum var sá - og er enn - að friðun og vernd sé eitt form á nýtingu náttúrunnar og fullgilt í þágu **hagsældar og farsældar** fyrir manninn - jafnt á líðandi stundu sem fyrir framtíð hans á jörðinni. Náttúruvernd mætti því meta til verðgildis jafnt og aðra verðmætasköpun úr auðlindum náttúrunnar. **Umhverfisvernd væri brýn nauðsyn fyrst og fremst vegna mannsins sjálfs, en ekki vegna náttúrunnar - hennar sjálfrar vegna!** Við blasir vandrataður vegur og alls ekki laus við átök um hagsmuni og leiðir. Vísindarannsóknir og tækniframfarir gætu þó hjálpað til að sætta ólík sjónarmið.

Þetta féll í kramið hjá hinum framfarasinnaða Sigurði Blöndal. Mér og Áslaugu konu minni var því boðið til sumarhátíðarinnar og ræðuhalds í Atlavík og - það sem meira var - að gista í húsmæðraskólanum á Hallormsstað, æskuheimili Sigurðar. Í því húsi andar enn í dag einstökum arfi mennta, menningar og háleitra hugsjóna sem foreldrar Sigurðar hófu til vegs með stofnun skólans. Sá andi hefur augljóslega markað lífsstarf Sigurðar. Áhrifanna gætir víða í landinu, en ekki síst hér um slóðir.

Þetta varð eftirminnileg dvöl fyrir okkur hjónin. Sigurður leiddi okkur um Hallormsstaðaskóg og ég fékk nýja innsýn í líffræðilegan grunn skógræktarinnar og ögrun þess að rækta nýjan skóg á Íslandi - sjálfur minnugur afleiðinga hretsins vorið 1963 á fyrstu viðleitni mína og fjölskyldunnar í skógrækt. Enn á ég tré sem vaxið er af stiklingi sem tekinn var við þetta tækifæri af alaskaösp, úr kvæminu C-10 sem Haukur Ragnarsson, forstöðumaður á Mógilsá, hafði safnað í óshólmum Copper River í ferð sinni árið 1964 til Alaska. Stiklingurinn sá er nú orðinn mikill að vöxtum, a.m.k. 15 m hátt, bolmikið tré og á sér mörg klónuð afkvæmi.

Í kjölfar þessarar Atlavíkurhátíðar fylgdu svo áralöng samskipti við Sigurð, m.a. á vettvangi Land-

verndar og síðar Náttúruverndarráðs undir stjórn Eysteins Jónssonar með helstu áhuga- og fræðimönnum þess tíma um náttúruvernd. En fyrst og fremst snerust samskipti okkar Sigurðar um málefni skógræktar og landgræðslu - og leiðum til að bæta kápu hins „tötrum klædda Íslands“.

Ég var ráðinn framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs stuttu eftir að Sigurður var skipaður skógræktarstjóri. Það leiddi til margvíslegra samskipta, m.a. um leiðir til að efla skógræktarrannsóknir og tilraunir og um markmið og leiðir í skógrækt sem fjallað var um á þingum skógræktarmanna. Umræða milli okkar Sigurðar varð líka til þess að gerð var könnun á stórtækri nytjaskógrækt í tengslum við framtíðarkönnun forsætisráðuneytisins um miðjan 9. áratuginn sem sýndi fram á hagkvæmni og fjölþætt áhrif skógræktar. Eitt sinn bað Sigurður mig um aðstoð við að sameina krafta ýmissa aðila úr skógræktar-, landgræðslu- og garðyrkjugeiranum til að vinna úr og gera tilraunir með afar umfangsmikinn efnivið sem Óli Valur Hansson garðyrkjufræðingur og félagar hans, skógarverðirnir Ágúst Árnason og Böðvar Guðmundsson, höfðu safnað í Alaska haustið 1985. Það verkefni leiddi af sér einstaklega ánægjulegt samstarf við fjölmargt kunnáttu- og fagfólk sem dýpkaði skilning á mikilvægi erfðaefnisins og síðan afar gefandi persónuleg viðfangsefni fyrir mig í skógrækt og garðyrkju - ekki síst í frístundum allt til þessa dags.

Þannig hafði Sigurður varanleg og djúpstæð áhrif á lífsstarf mitt og áhugamál og ég þykist vita að sama gildi um marga hér inni - hvern með sínum hætti. Sigurður var einlægur framfarasinni og áhugamálin mörg en skógræktin og umhyggja fyrir náttúrunni og allri fjölbreytni lífsins voru þar efst á baugi. Sigurður var fordómalaus gagnvart öllum líftegundum skógarins sem þrífast vildu á Íslandi, líka þeim sem umdeildar urðu. Hann var maður líffjölbreytninnar.

Skógræktin á Íslandi hefur átt sér marga öfluga forgöngumenn sem lagt hafa hönd á plóginn. En ég þykist þó vita að það sé ekki síst Sigurði að þakka, - að öðrum ólöstuðum, - að skógrækt á Íslandi hefur komist á þann skrið sem nú blasir við. Sú jákvæða kynning og framtíðarsýn sem hann lýsti með leiftrandi orðum og eldmóði í ræðu og riti sannfærði bæði almenning og ráðamenn um mikilvægi skógræktar. Fljótsdalsáætlunin sem Sigurður beitti sér fyrir og tókst vel var það fordæmi sem um munaði. Samþættingin þar við hagsmuni bænda réði úrslitum um það land sem síðan hefur verið tekið til skógræktar.



Nestor Sigurður fræðir aðalfundargesti árið 2007, m.a. heiðursfélaga Skógræktarfélags Íslands, Óla Val Hansson og Vigdís Finnbogadóttur. Mynd: BJ

Sigurður lét sér sérstaklega annnt um áhugamannafélögin innan Skógræktarfélags Íslands. Hin árlegu skógræktarþing og Ársrit Skógræktarfélagsins voru áhrifaríkur farvegur fyrir fræðslu og hvatningu frá honum. Sigurður var einstaklega ötull á ritvælinum og skráði jafnframt með ljósmyndun alla þætti þróunar í skógrækt á hans tíð, bæði líffræðilega þætti og tæknilega, enda jafnan með myndavélina framan á sér þar sem hann gekk um. Hann rakti svo sögu skógræktar á Íslandi frábærlega vel í máli og myndum með aðstoð Skúla Björns Gunnarssonar í bókinni *Íslandsskógar - Hundrað ára saga* sem kom út 1999.

Skógræktarþingin verða mörgum skógræktarmönnum minnissæð ekki síst vegna framlags Sigurðar á þeim árum sem hann sótti þau. Þar voru haldnar innblásnar ræður, blaðalaust, og farið í fræðandi skoðunarferðir undir leiðsögn staðkunnugra, sem oft var krydduð leiftrandi athugasemdum hugsjónamannsins Sigurðar, blönduðum húmor og glaðværð. Síðast en ekki síst var samhugurinn eflur með tærum veigum og söng - hinni sönnu Skógarmannaskál - sem sunginn var í grænum lundum framtíðarvona - um land allt!

Sigurður var í nánari tengslum við landið, menningu þess og náttúru en gengur og gerist. Hann kom auga á hið sérstæða sem flestum yfirsást og nýtti það til að opna hugi fólks og miðla þekkingu sinni. Þar naut sín sagnamaðurinn Sigurður. Margar sögur eru t.d. af svörum Sigurðar um tilvist Lagarfljótsormsins sem hann eitt sinn taldi sig sjá ljóslifandi. Ég upplifði eina slíka. Fyrir um 20 árum var haldinn á Hallormsstað fundur SNS, Norrænnar samstarfsnefndar um

skógræktarrannsóknir. Norrænu rannsóknarráðin áttu aðild að þessu og ég sótti fundinn fyrir hönd Rannsóknaráðs Íslands. Sigurður Blöndal var að sjálf-sögðu leiðsögumaður á skógargöngu og lék á alls oddi að venju. Að lokinni fróðleiksferð um skóginn var slegið upp skógarmannamóttöku í Guttormslundi. Þegar hæfileg stemning var risin bað einhver Sigurð að segja frá því þegar hann sá Lagarfljótsorminn. Það gerði Sigurður með tilprifum á sinni góðu norsku og lýsti - „...hvordan ormens rygg hevet sig op fra vandfladen og tvistet sig op over floden - og jeg kunne følge den helt indtil den forsvandt - netop der bakom næsset!“. Erlendu gestirnir hlustuðu á þetta bergnumdir. Eftir nokkra þögn spur dr. Viggo Mohr, afar varkár norskur lífefnafræðingur og þá yfirmaður lífvísinda og líftækni hjá Norska rannsóknaráðinu: „...og tror du virkelig at du så ormen?“. Sigurður leit sposkur á Norðmanninum og svaraði: „Ja, - dette er nu akkurat som at spørge om man virkelig tror på skogrejsning i Island!“. Frásagnargleði Sigurðar og viðbrögð gesta við svarinu náðust á mynd en það var ekki spurt frekar út í Orminn!

Þannig náði Sigurður til fólks. Þannig upplifði ég samskiptin við hann og nú er ekki annað eftir en þakka allt sem hann veitti mér og mínum líkum. Minnismerkin blasa við um allt land í ungum skógum nýrrar aldar.

Tré er í flestum trúarbrögðum heimsins máttugt ták fyrir eilífðina og samhengi lífsins. „Plantaðu tré og þú eignast hlutdeild í eilífðinni“ segir einhversstaðar.

Þótt Sigurður hafi ekki verið trúaður á tilvist Himnarákis getum við raunhyggjufólk alveg leyft okkur að vona að það verði endurfundur - þó það verði ekki nema í smásveiflum á bylgjum ómsins frá Mikla-hvelli sem enn er hægt að hlusta á - eða inni í öllu því ósýnilega efni og orku sem samkvæmt núverandi viðtekinni heimsmynd stjarnæðlisfræðinnar fyllir alheiminn allt að 95%. En enginn getur séð þetta af því það liggur einfaldlega utan við þann raunheim sem við getum mælt. Þetta efni er þó uppspretta þyngdaraflsins sem heldur alheiminum saman og ræður þróun hans! Eilífðin er raunvísindunum órannsakanleg og þau geta heldur engu svarað um tilgang lífsins. Samt trúum við flest á tilgang þess. Tilgangurinn er lífið sjálft!

Í auðmýkt okkar gagnvart hinu óræða biðjum við almættið að blessa og geyma minninguna um Sigurð Blöndal!

Vilhjálmur Lúðvíksson

Frásögnin af Lagarfljótsorminum!

Vilhjálmur Lúðvíksson

Hér segir í myndum af frásögn Sigurðar Blöndal af Lagarfljótsorminum í skógarmannamóttöku fyrir fulltrúa SNS og norrænu rannsóknaráðanna í júní 1995.

„Þegar hæfileg stemning var risin bað einhver Sigurð að segja frá því þegar hann sá Lagarfljótsorminn. Það gerði Sigurður með tilþrifum á sinni góðu norsku og lýsti:



„ ...hvordan ormens rygg bevet sig op fra vandfladen og tvistet sig op over floden - og jeg kunne følge den helt indtil den forsvandt - netop der bacom næsset!“.



„ -....og tror du virkelig at du så ormen?“



„ Ja, - dette er nu akkurat som at spørge om man virkelig tror på skogrejsning i Island!“!!

Við ferðalok vil ég minnst góðs vinar, félaga og náins samstarfsmanns, Sigurðar Blöndals, fv. skógræktarstjóra nokkrum orðum. Kynni okkar Sigurðar hófust fyrir hartnær 50 árum þegar hann kom í heimsókn til frænda míns og fóstura, Þorsteins Valdimarssonar skálds, sem þá bjó á heimili okkar, en Þorsteinn hafði unnið hjá Sigurði í skóginum á Hallormsstað í mörg sumur og var þeim vel til vina. Ég menntaskólastrákurinn minnst þessara fyrstu kynna með mikilli ánægju og kannski var þarna lagður ákveðinn grunnur sem varð þess valdandi að ég nokkrum árum seinna valdi skógrækt sem nám og lífsstarf. Þessa fyrstu kvöldstund með Sigga kynntist ég fræðaranum, sögumanninum og söngmanninum sem heillaði mig strax og þarna tókust kynni og vinátta sem entist ævilangt.

Að loknu skógræktarnámi í Noregi fluttist ég árið 1974 ásamt fjölskyldu til Íslands og tók til starfa sem aðstoðarskógarvörður á Hallormsstað. Þetta voru spennandi tímar, að fá að takast á við verkefni í stærsta skógi landsins undir handleiðslu Sigurðar. Árangur af þrotlausu starfi frumherjanna, þ.á.m. Sigurðar, var að koma í ljós, skógar á Íslandi gætu orðið raunveruleg auðlind sem skipti máli fyrir land og þjóð í framtíðinni. Þetta var á fyrstu árum skipulegrar skógræktar á vegum bænda í Fljótsdals-áætlun sem byrjaði 1970 en Sigurður átti mikinn þátt í að það verkefni hófst og fengust fjárveitingar frá ríkinu til framkvæmda. Fljótdalsáætlun varð síðan fyrirmynd að skógræktarverkefnum á bújörðum bænda víðar um land sem á endanum leiddi til stofnunar Héraðsskóga og seinna fimm landshlutaverkefna, sem í dag eru stærstu framkvæmdaaðilar í skógrækt á Íslandi.

Sigurður var fyrst og fremst fræðarinn, með yfirgripsmikla þekkingu á skógrækt og náttúru landsins og skrifaði ótal greinar í blöð og tímarit um skógrækt ásamt að fræða og kenna skógrækt við m.a. Bændaskólann á Hvanneyri, Garðyrkiskóla ríkisins í Hveragerði og Menntaskólann á Egilsstöðum. Sigurður var mjög virkur í starfi skógræktarfélaganna í landinu og var eftirsóttur fyrirlesari á fundum þeirra. Hann tók að sér ásamt Skúla Gunnarssyni að skrifa bókina *Íslandsskógar, hundrað ára saga* sem út kom á hundrað ára afmæli skipulegrar skógræktar á Íslandi, sem miðast við upphaf gróðursetningar á Furulundinum á Þingvöllum árið 1899. Sigurður var áhugasamur ljósmyndari og hafa margar myndir hans ratað inn í bækur og tímarit sem fjalla um skógrækt.

Sigurður var alla tíð mjög áhugasamur um samstarf



Pípan var hluti af lífsstíl Sigurðar. Hér er hann að syndga upp á náðina ásamt Sæmundi Þorvaldssyni skógræktarfrömuði á Vestfjörðum. Aðalfundur í Reykholti 2002. Mynd: BJ

við erlenda skógræktarmenn og fór víða um heim og kynntist aðstæðum, stefnum og straumum í skógræktarmálum heimsins. Sérstaklega lagði hann mikla rækt við efla samstarf og tengsl við nágranna okkar á Norðurlöndum og eins Skotland, Írland og Kanada.

Eftir að ég tók við sem skógræktarstjóri árið 1990 studdi og leiðbeindi Sigurður mér ávallt þegar ég leitaði til hans en minningin um glaðværan féлага, vinamargan og hrók alls fagnaðar á fundum og ráðstefnum skógræktarfólks ber samt hæst.

Jón Loftsson

Fallinn er lávarður skógarins, einn af máttarviðum íslensks og ekki síst austfirks samfélags á 20. öld. Ég varð þeirrar gæfu aðnjótandi að kynnast Sigurði Blöndal þegar ég vann hjá Héraðsskógunum á síðasta áratug 20. aldar. Þá var hann fluttur aftur heim á Fljótsdalshérað og vann að því að reisa sér hús í miðjum Hallormsstaðaskógi þar sem hann hafði alið mestan sinn aldur. Á honum var engan bilbug að finna þó að eftirlaunaárin væru runnin upp. Mér er minnisstætt hve þrekmikill hann var þegar við vorum að velja leiðir fyrir göngustiga í Eyjólfsstaðaskógi fyrir Skógræktarfélag Austurlands. Þá áttum við góða stund á Reynivöllum, undir gríðarstórri krónu aldar-gamals reynitrés sem varð okkur Sigurði síðar báðum viðfangsefni fyrir gleiðlinsur myndavéla okkar. Á leiðinni til baka litum við síðan við hjá Douglasgreni-trjám sem standa nokkur í miðri sumarhúsabyggð-

inni á Eyjólfsstöðum og Sigurður rakti fyrir mig sögu þeirra frá því þau voru fræ í Bandaríkjunum. Að vera í samvistum við Sigurð var alltaf fræðandi og það var sama hvar borið var niður þar sem nokkur tré stóðu saman, á þeim vissi hann öll deili líkt og góður fjárbóndi þekkir sínar kindur.

Mér hlotnaðist sá heiður árið 1999 að vinna að bók um 100 ára sögu skógræktar á Íslandi með Sigurði Blöndal. Það var mikil en skemmtileg vinnutörn og ég lærði margt við fótiskör meistarans. Öguð vinnubrögð hans og reglusemi, t.a.m. varðandi skráningu ljósmynda, vöktu aðdáun mína. Sigurður treysti ekki á tölvur heldur dagbækur og eigið minni, sem lengst af var óskeikult. En það var ekki nóg með að hann vissi allt um skóga landsins. Hann var viðlesinn og fróður um allt milli himins og jarðar. Sérstakt dálæti hafði hann á bókmenntum og það var einstaklega gaman að setjast með honum í ársbyrjun og ræða jólabækurnar. Þá komu nú ýmsar skoðanir til tals á mönnum og málefnum og tíminn flaug í stofunni hjá þeim Sigurði og Guðrúnu.

Sigurður Blöndal var frændi Gunnars Gunnarssonar og rifjaði oft upp kynni sín af skáldinu. Hann studdi dyggilega hugmyndir um endurreisn Skriðuklausturs undir formerkjum Gunnarsstofnunar og veitti mér góð ráð við fyrstu skrefin í forstöðumannsstarfi. Hann og Guðrún sóttu flesta viðburði sem menningarsetrið stóð fyrir meðan heilsa Sigurðar leyfði og þau nutu þess að skreppa í kaffi í Klaustur. Eitt af því sem Sigurður hafði mikið yndi af var að spila lumber, líkt og frændi hans Gunnar. Sérstaklega eru minnisstæðar góðar ferðir norður í Eyjafjörð að taka lumber-slag við Húnvetninga, en á níráðisaldri lét Sigurður sig hafa það að koma með í nokkrar slíkar.

Ég vil einnig minnst á ljósmyndasýningu sem Sigurður hélt í gallerí Klaustri árið 2005. Allir vita hve góður náttúruljósmyndari hann var en á þessari sýningu sýndi hann svarthvítar myndir af fólki. Ég leyfi mér að segja að hvaða lærði portrett-ljósmyndari sem er hefði verið fullsæmdur af þeim myndum. Sigurður hafði næmt auga fyrir góðri myndbyggingu eins og myndasafn hans ber fagurt vitni um.

Þær munu lifa lengi allar þær góðu stundir sem tengjast Sigurði Blöndal í mínum huga, hvort sem var í veislum skógarmanna, við að rýna í myndir eða á eintali úti í skógi. Síðustu árin vorum við nágrannar í skóginum eina og gjarna hefðu þær mátt vera fleiri heimsóknirnar á Kvíaklett til þeirra Guðrúnar. En þakka ber þær stundir sem gáfust, þær voru gjöfular.

Sigurður Blöndal var aðlaður af náttúrunni sjálfri og

orður hans sjáum við í vaxandi skógum um land allt. Minning hans lifir í þeim grænu lundum.

Skúli Björn Gunnarsson

„Þetta var mesta hörmung sem ég hef nokkru sinni séð.“ Svona lýsti Sigurður heitinn Blöndal miðhálandi Íslands eftir að hafa ekið Sprengisandsveg með Benedikt syni sínum á björtum sumardegi fyrir nokkrum árum síðan. Hann sat þá á skrifstofu minni á Egilsstöðum og við ræddum málin. Í staðhæfingunni fólst ákveðin glettni, því Sigurður var vel meðvitaður um miðhálandisumræðuna, hvað þar væri dásamlegt, ósnortið víðerni, mestu náttúruperlur landsins o.s.frv.

Hins vegar meinti hann þetta innilega – gróðurlausar auðnir voru í hans augum hörmung á að horfa, jafnvel á góðviðrisdegi og óháð því að aðrir dásömuðu þær. Það vafðist ekki fyrir honum að gróíð land væri betra en ógróíð og að skógur væri besta gróðurlendið, sérstaklega skógur vaxinn stórum og öflugum trjám.

Öðru sinni, veturinn 2004, sátum við á skrifstofunni og ræddum um sitkagreni. Þá var Sigurður með handrit að fyrstu greininni í ritröð um innfluttu skógartrén sem birta átti í Skógræktarritinu, einmitt um sitkagreni. Var hann þá búinn að víða að sér öllum mögulegum tölum um innflutning fræs, plöntuframleiðslu, gróðursetningu og vöxt. Hann mundi þetta allt vel, tölurnar voru bara til staðfestingar. „Plönturnar drápuð í milljónavís í gróðrarstöðvunum“ sagði hann og sá greinilega mjög mikið eftir því hvað menn voru lengi að ná tökum á plöntuframleiðslunni. „Ímyndaðu þér ef hér væri tuttugu sinnum meiri sitkagreniskógur frá sjötta áratugnum“ sagði hann. Sigurði var umhugað um að ná árangri. Það skipti hann máli að trén yxu vel og að það tækist að klæða landið skógi að verulegu marki.

Sigurður naut þess að lifa tíma mikilla framfara í skógrækt og átti sjálfur stóran þátt í þeim framförum. Hann ólst upp í mesta skóginum í annars nær algjörlega skóglausu landi. Af lýsingum Sigurðar frá bernsku-árum sínum sem kúasmali að dæma var sá skógur þó að mestu kjarr á strjálingi og víða ekki einu sinni það, ekkert í líkingu við Hallormsstaðaskóg dagsins í dag. Þegar hann tók þar við sem skógarvörður um miðjan sjötta áratuginn var Guttormslundur kominn í tveggja til þriggja metra hæð en að öðru leyti lítið



Fljótsdalshérað hefur alið marga hugsjónamenn í skógrækt. Hér er einn góðvinur Sigurðar, öðlingurinn Björn Bjarnason í Birkihlíð, sem stóð fyrir mikilli einkaskógrækt á jörð sinni í Skriðdal. Myndin er tekin í móttöku Skógræktarfélags Austurlands árið 2002 en báðir störfuðu fyrir félagið um áratuga skeið. Mynd: BJ



Sigurður og kona hans, Guðrún Sigurðardóttir, voru aufúsugestir á samkomum Skógræktarfélags Íslands, gleðigjafir og góðir samferðamenn. Þau hjónin voru gerð að heiðursfélögum Skógræktarfélags Íslands árið 1989 og nutu virðingar í ranni skógræktarfólks. Þau voru höfðingjar heim að sækja. Af þeim heimsóknum hefur margur skógræktarmaðurinn komið gladari, trúfastari og vissari í sinni sök um framtíð skógræktar á Íslandi. Hér eru þau hjónin á Kvíakletti árið 2000 þar sem þeim leið allra best. Mynd: BJ

um árangur í skógrækt á Íslandi yfirleitt. Uppbygging gróðrarstöðva var þó hafin og áhersla var á að gróðursetja. Stærstur hluti gróðursetninga í Hallormsstaðaskógi fór fram í skógarvarðartíð Sigurðar. Náði hann að fylgjast með vexti og þroska þeirra reita í meira en hálfa öld. Hann vissi vel af eigin raun um alla erfiðleikana sem þurfti að yfirstiga og öll skakkaföllin sem trén urðu fyrir. Því var hann sallarólegur yfir einstaka atburðum eins og vorhretinu 2003 sem stórskemmdi mestallt lerki á Héraði. „Þetta er ekki verra en áður hefur gerst“ sagði hann mér.

Á meðan Sigurður gegndi embætti skógræktarstjóra stýrði hann framförunum. Tæknilegar framfarir urðu geysimiklar, ekki síst með tilkomu gróðurhúsa og bakkaplantna. Hann talaði fyrir þeirri hugsun að meta ætti gildi skóga út frá fjölbættum notum; efnislegum gæðum vissulega en einnig gildi þeirra til útivistar, skjólmyndunar og jarðvegsverndar svo dæmi séu tekin. Hann færði styrktarkerfi skógræktar

af tilraunastigi Fljótsdalsáætlunar yfir í lögbundið form Nytjaskógræktar á bújörðum, sem var undanfari núverandi Landshlutaverkefna í skógrækt. Að öðrum sem komu að því verkefni ólöstuðum var Sigurður helsti hugmyndafræðingur Landgræðsluskóga. Hann lét taka niður *Óviðkomandi bannaður aðgangur* skiltin sem víða prýddu girðingar Skógræktar ríkisins og bauð almenning velkominn í skógana. Opnun skóganna hefur síðan haldið áfram hjá Skógrækt ríkisins og Skógræktarfélagi Íslands og eru skógar nú meðal fjölsóttustu útivistarsvæða landsins.

Sigurður upplifði ekki miklar breytingar í timburframleiðslu íslenskra skóga á meðan hann var skógarvörður og síðan skógræktarstjóri, enda skógrækt enn á æskuskeiði sínu. Hann lifði þó í aldarfjórðung eftir að hann hætti launaðri vinnu og á þeim tíma byrjaði uppskeran að skila sér. Hann stýrði sjálfur grisjun á vegum Skógræktarfélags Austurlands í Eyjólfsstaðaskógi. Hann fylgdist vel með aukinni

framleiðslu borðviðar úr lerki frá Hallormsstað og gladdist með okkur hinum þegar ljóst var að stærð grenis úr íslenskum skógum dugði til að reisa fiskihjalla. Á síðustu árum upplífið hann hina miklu aukningu á grisjun sem möguleg var vegna markaða fyrir kurl og vorið 2014, eftir að hann var orðinn að mestu rúmliggjandi, fór Björn tengdasonur hans með hann inn í Fljótsdal til að sjá nýja skógarhöggsvél við grisjun.

„Þetta getur Ísland“ með aðstoð framfarasinnaðra, fróðra og staðfastra manna á borð við Sigurð Blöndal. Megum við öll taka hann okkur til fyrirmyndar.

Pröstur Eysteinnsson

Andlát Sigurðar Blöndal, fyrrum skógræktarstjóra, kom ekki á óvart eftir þau erfiðu veikindi sem vítað var að hann hafði átt við að etja á þessu ári. Hann féll frá þegar haustið var að ganga í garð á Austurlandi og haustlaufin tekin að falla í Hallormsstaðaskógi, eftir að hafa lokið hlutverki sínu í þessu stórkostlega umhverfi sem Sigurður ólst upp í og hafði átt svo ríkan þátt í að móta.

Skógarmaðurinn sjálfur var þrotinn að kröftum og hafði orðið að draga sig í hlé vegna veikinda. Hann var orðinn nær níræður að aldri og þurfti engan að undra að eitthvað brygðist að lokum sem ekki yrði um bundið. Og svo fór. En líkt og nýtt lauf mun vaxa til lífs og hefja skyldustörf sín að vori, eins mun árangurinn af hinu mikla ævistarfi Sigurðar halda áfram að verða landi hans og komandi kynslóðum til ómetanlegs gagns, þótt hann sjálfur sé horfinn sjónum.

Ég sem þessi orð rita varð þeirrar gæfu aðnjótandi að kynnst Sigurði fyrst árið 1951 á Landbúnaðarháskólanum á Ási í Noregi, þar sem hann var að ljúka skógræktarnámi en ég að hefja nám í landbúnaðarfræðum. Við vorum einu Íslendingarnir við skólann á þeim tíma. Samneyti okkar tveggja varð því mikið og það var ómetanlegt fyrir mig að fá að njóta þar vits, reynslu og yfirvegaðs lundarfars Sigurðar. Á Ási tengdumst við vináttu- og samstarfsböndum sem entust til æviloka og aldrei bar skugga á.

Í marga áratugi eftir að við komum heim frá námi unnum við náði saman, hann á Skógrækt ríkisins og sem skógarvörður á Hallormsstað en ég á Rannsóknastofnun landbúnaðarins, að baráttunni gegn gróður-

og jarðvegseyðingu sem við, og aðrir sem létu sér málið varða, nefndum STÆRSTA UMHVERFISMÁL ÞJÓÐARINNAR. Þótt mikið hafi áunnist á þessu sviði vegna breyttrar og betri landnýtingar, vegna aðgerða þeirra mörgu stofnana og aðila sem að málinu hafa komið og vegna hlýnandi loftslags, blasir gróðureyðingin og nekt landsins við og er enn stærsta vandaamálið, þótt minna sé um það fjallað en áður. Önnur umhverfismál gera nú meira tilkall til umræðunnar.


Sigurður réðst til Skógræktar ríkisins strax að námi loknu og þar varð til sterkur og vel menntaður kjarni skógfræðinga undir forystu hamhleypunnar Hákonar Bjarnasonar, þáverandi skógræktarstjóra. Þessi hópur hafði mikil áhrif á mótun og stöðu skógræktar hér á landi og viðhorf þjóðarinnar til hennar. Fyrir um hálfri til heilli öld litu Íslendingar ekki skógrækt sömu bjartsýnisaugum og nú. Það þurfti nánast trúboð, þrotlaust starf starfsmanna og góðan árangur í skógræktarstarfinu til að breyta því hugarfari. En það hefur tekist, og ekki skal gleyma þeim þætti sem öflugt og vel skipulagt starf skógræktarfélaganna í landinu hefur átt í því að skógræktarhugsjónin hefur náð til almennings.

Árið 1977 var Sigurður Blöndal skipaður skógræktarstjóri og þá var honum lögð mikil ábyrgð á herðar. Hann tókst alla tíð á við þetta viðamikla verkefni í samræmi við sína yfirveguðu skapgerð. Hann hafði öðlast mikla þekkingu og reynslu í starfi sínu hjá Skógrækt ríkisins og síðar sem skógarvörður á Hallormsstað. Hann bjó yfir afar víðtækri þekkingu á náttúrufari og gróðurskilyrðum, ekki síst skógræktarskilyrðum landsins, og hann var manna fróðastur um erlendar trjátegundir og kvæmi til notkunar hér á landi.

Sigurður starfaði sem skógræktarstjóri í þrettán ár og rækti það starf með miklum ágætum. Það átti raunar við um öll þau fjölbreytilegu störf og verkefni sem honum voru falin.

Það er með mikilli eftirsjá sem Sigurður Blöndal, þessi mikli heiðursmaður og trygglyndi vinur, ræktunar- og umbótamaður Íslands, er kvaddur. Minningin um hann og störf hans mun lengi lifa.

Ingvi Þorsteinsson



HEIÐURSVARÐAR Í SKÓGUM LANDSINS - XIII. HLUTI

HEIÐURSVARÐI UM ÁRMANN DALMANSSON Í KJARNASKÓGI Í EYJAFIRÐI

Í Kjarnaskógi í Eyjafirði stendur heiðursvarði um Ármann Dalmannsson.

Ármann (f. 1894, d. 1978) var frumkvöðull í skógræktarmálum í Eyjafirði, sem með störfum sínum markaði mikilvæg spor í eyfirsku skógræktarstarfi. Hann var formaður Skógræktarfélags Eyfirðinga frá 1947-1949 og varð jafnframt fyrsti fasti starfmaður félagsins og framkvæmdastjóri. Hann starfaði hjá félaginu árin 1947-1968 og var jafnframt um tíma skógarvörður Skógræktar ríkisins í Eyjafirði. Hann kom upp Gróðrarstöðinni í Kjarna og hóf þar skógrækt árið 1947. Nú þekkja allir Kjarnaskóg, hið

vinsæla útivistarsvæði við Akureyri. Ármann var samhliða störfum sínum að skógræktarmálum afar virkur félagsmálamaður á ýmsum vettvangi. Nánar má lesa um fjölbreytt störf Ármanns í bókinni *Ásýnd Eyjafjarðar*, afmælisriti Skógræktarfélags Eyfirðinga frá árinu 2000.

Heiðursvarðinn um Ármann Dalmannsson var reistur af Skógræktarfélagi Eyfirðinga og afhjúpaður í Kjarnaskógi þann 12. september 1994, á 100 ára fæðingarfamæli Ármanns.

Höfundur: JÓN GEIR PÉTURSSON



Tré ársins 2014

Lerkið í Lundinum

Tréð sem Skógræktarfélag Íslands hefur valið sem Tré ársins árið 2014 er evrópulerki í Arnarholti í Stafholts-tungum í Borgarfirði. Sigurður Þórðarson, sýslu-maður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, lét gróðursetja það árið 1909. Tréð var mælt þann 14. september 2014 og reyndist 15,2 m hátt og ummál þess 2 m í 60 cm hæð. Tréð stendur í brattri brekku, sem veit móti suðvestri undir Arnarholtsklettum, nyrst í lundi margra trjáa, sem gróðursett voru á sama tíma, þar á meðal eru síberíulerki, ilmreynir og birkir. Norðan við þessa gróðursetningu eru yngri tré, mest rauðgreni.



2. mynd. Skilti sem markar Tré ársins 2014 afhjúpað við hátíðlega athöfn þann 14. september 2014. Mynd: Ragnhildur Freysteinsdóttir

Arnarholt í Stafholtstungum

Arnarholt í Stafholtstungum er landnámsjörð. Í Landnámu segir að Þorbjörn, sonur Arnbjarnar Óleifssonar langháls, hafi numið Stafholtstungu milli Norðurár og Þverár og búið í Arnarholti. Jörðin hefur við landnám náð yfir Miðtungu og vestasta hluta Syðstungu. Í dag eru um fimmtán bæir á þessu svæði og jörðin Arnarholt hefur dregist mikið saman, í um 330 ha. Talið er að búskapur hafi haldist á jörðinni alla tíð frá landnámi. Í manntalinu sem tekið var 1703 bjuggu ellefu manns í Arnarholti og íbúafjöldi var á bilinu 10 til 15 manns allt til þess að sýslumaður Mýra- og Borgarfjarðarsýslu settist að í Arnarholti 1879, en það var Guðmundur Pálsson frá Borg. Þá fjölgaði íbúum nokkuð. Guðmundur Pálsson lést 1887 og tók þá við staðnum Sigurður Þórðarson sýslumaður.

Sigurður Þórðarson var fæddur 24. desember 1856 á Litla-Hrauni við Eyrarbakka. Hann var sonur hjónanna Þórðar Guðmundssonar, sýslumanns í Árnessýslu og Jóhönnu Andreu Knudsen. Sigurður ólst upp með foreldrum sínum, gekk í Lærðaskólann, lauk stúdentsprófi 1876 og embættisprófi í lögum

frá Kaupmannahafnarháskóla 1885. Sigurður var sýslumaður í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu í tæp 30 ár eða til 1914 er hann fékk lausn frá störfum sökum lasleika. Eftir það vann Sigurður meðal annars sem lögfræðiráðunautur hjá Landsbankanum. Þegar Sigurður varð sýslumaður keypti hann jörðina Arnarholt og bjó þar myndarbúi þótt það hafi aldrei verið stórbúi. Krafðist sýslumaður þess af mönnum sínum að vel væri um allt gengið og vel farið með allar skepnur. Sigurður sýslumaður varð riddari af dannebrog árið 1911 en dannebrogssorðunni má líkja við fálkaorðuna íslensku. Sigurður þótti gott yfirvald og hann mun hafa verið góður lagamaður og gott til hans að leita í vandamálum⁵.

Hjörtur Snorrason keypti jörðina af Sigurði árið 1915. Hjörtur var skólastjóri á Hvanneyri og alþingismaður. Hann bjó í Arnarholti frá 1915 til dauðadags árið 1925. Ragnheiður Torfadóttir eiginkona hans bjó þar áfram eftir lát hans til 1935. Guðmundur Guðbjartsson, sem ættaður var frá Jafnaskarði, bjó í Arnarholti frá 1935. Hann fórst í flugslysi 1951 og bjó Anna Kristjánsdóttir kona hans þar áfram til ársins

1964. Sævar Guðmundsson tók við búi af móður sinni árið 1964 og bjó með Sólveigu Guðmundsdóttur konu sinni til 1994. Arnarholt er ekki í ábúð en núverandi eigendur jarðarinnar hafa skipulagt frístundabyggð á henni. Hjónin Laufey B. Hannesdóttir og Gísli Karel Halldórsson hafa lögheimili í Arnarholti.

Gróðursetningin

Nú eru 105 ár síðan trén voru gróðursett. Þau komu líklegast úr gróðrarstöðinni við Rauðavatn í Reykjavík. Á starfsárum stöðvarinnar, 1901 til 1914, voru gerðar tilraunir með fjölda erlendra trjáplantna, s.s. síberíulerki, evrópulerki og fjallafuru². Trén hafa verið stungin upp úr beði sem smáplöntur og pakkað í striga með mosa við ræturnar til að halda að þeim raka. Nokkrar plöntur hafa verið hafðar í hverju bunti. Til Arnarholts hafa þær að öllum líkindum komið með skipi frá Reykjavík í Borgarnes. Ekki voru komnar brýr á árnar þannig að annað hvort voru þær fluttar á hestbaki eða á báti upp Hvítá og Norðurá í Arnarholt. Dyfa þurfti plöntubúntunum í læk öðru hvoru svo ekki þornaði á þeim. Pangað komnar þurftu þær sem fyrst að komast í jörð. Til er lýsing á framkvæmd gróðursetningarinnar eftir Einar Helgason, sem birtist í mánaðarritinu Frey í desember 1910:

Sigurður sýslumaður Þórðarson víggirti allstóran blett, sumarið 1909, skammt fyrir norðan túnið. Í þennan blett gróðursetti hann talsvert af trjám og bætti þar við í vor sem leið, svo nú eru þar nokkur hundruð trjáplöntur og bletturinn er á við aðra dagsláttu að stærð. Trén eru af ýmsum tegundum, reynivíður, birki, barrfelli og fjallafura. Plönturnar eru lífvænlegar, enda skortir þær ekki umhugsun og aðhlynningu.³

Meira er vitað. Í Hlöðutúni, næsta bæ vestan við Arnarholt, bjó Brynjólfur Guðbrandsson. Anna dóttir hans, fædd 1906, var húsfrú á Gilsbakka í Hvítársíðu þar sem höfundur þessarar greinar var í sveit. Hún sagði að faðir hennar hefði gróðursett trén í lundinum. Faðir Önnu var Brynjólfur Guðbrandsson, fæddur 18. september 1875 á Klafastöðum í Skilmannahreppi. Hann var lærður búfræðingur frá Bændaskólanum á Hvanneyri 1901 og bóndi í Hlöðutúni 1908 – 1959. Fyrsta árið í Hlöðutúni var hann jafnframt ráðsmaður í Arnarholti hjá Sigurði Þórðarsyni sýslumanni.

Árið 1905 kvæntist Brynjólfur Jónínu Guðrúnu Jónsdóttur frá Fossi í Grímsnesi. Brynjólfur og Jónína



3. mynd. Brynjólfur Guðbrandsson (1875 – 1959), bóndi í Hlöðutúni og Jónína Guðrún Jónsdóttir (1875–1960). Mynd: úr einkasafni Brynjólfs Guðmundssonar

eignuðust sjö börn. Þau hjón keyptu Hlöðutúnsjörðina af Sigurði Þórðarsyni sýslumanni árið 1915. Auk bústarfa vann Brynjólfur mörg önnur störf. Hann sat í fyrstu fræðslunefnd Stafholtstungnahrepps, var kennari í Stafholtstungum, meðhjálpari og í sóknarnefnd Stafholtskirkju, var mörg ár í hreppsnefnd og skattanefnd og gegndi auk þess mörgum öðrum trúnaðarstörfum¹.

Á Hlöðutúnsholtinu var reistur barnaskóli og þinghús fyrir Stafholtstungnahrepp árið 1913 og var þar skólahald til 1953. Á búskaparárum Brynjólfs og Jónínu hvíldi alla tíð á heimilinu mikið álag sem fylgdi skólanum, vegna umsjónar og þrifa hússins. Eins dvöldu alla vetur á Hlöðutúnsheimilinu eins mörg börn og frekast var hægt að koma fyrir.

Eins og fram kom hér á undan var Brynjólfur lærður búfræðingur og hefur verið réttur maður í verkið að gróðursetja trjáplönturnar.

4. mynd. Arnarholt og Hlóðutún í Stafholtstungum, hæðarmismunur 5 m, hæðarlínur í m. Mælt 1910.
Mynd: Generalstabens topografiske Afdeling.





6. mynd. Lundurinn í Arnarholti laust fyrir 1930. Mynd: Torfi Hjartarson



7. mynd. Tré ársins 2014 og Valsholuklettur til hægri.

Kort danskra landmælingamanna af Arnarholti
Árið 1910 unnu danskir landmælingamenn við landmælingar í Stafholtstungum. Það er langt í frá eina verk þeirra hér á landi, því dönsku landmælingamennirnir unnu hér mikið afrek í því að gera nákvæmt landmælinganet og kortaútgáfu af Íslandi á árunum 1900 til 1940, en það er önnur saga. Kortið sem þeir teiknuðu af Arnarholti og Hlíðutúni hefur varðveist. Gróðursetningin er merkt inn á kortið með örnefniinu Lundur (með stórum staf). Hægt er að nálgast kortið á vef Landmælinga Íslands⁴.

Umhirða um trén til síðustu ára

Eins og fram kom í lýsingu Einars Helgasonar hér að framan var hugsað vel um trén í Lundinum. Hann var víggirtur sem merkir að gaddavír var notaður í girðinguna, en notkun á gaddavír hófst snemma á 20. öldinni. En mennirnir stjórna ekki veðrinu. Frosta-
veturinn 1918 fór illa með Lundinn og við höfum eftir Önnu Brynjólfsdóttur að mörg tré hafi drepist en komið upp af sömu rót. Af þeim trjáum sem voru gróðursett í upphafi eru enn í Lundinum barrfrellir, sem við nú köllum lerki, reyniviður og birkir en ekkert bólar á fjallafurrunni.

Ábúendur í Arnarholti hugsuðu vel um Lundinn og hlúðu að trjánum. Haft er eftir Torfa Hjartarsyni, syni Hjartar og Ragnheiðar sem tóku við Arnarholti eftir Sigurð Þórðarson, að hann hafi gróðursett í Lundinn „í staðinn fyrir það sem drapst“. Ekki er vitað hvaða trjategundir. Ábúendur eftir Hjört og Ragnheiði, þau Guðmundur og Anna, Sævar og Sólveig, héldu ávallt við girðingunni kringum Lundinn en eftir að lausaganga búfjár var ekki lengur viðhöfð í Arnarholti var girðingin fjarlægð. Trjánur í Lundinum hefur fækkað vegna þess að lerki hefur brotnað í snörpum vindum.

Nokkrar myndir eru til úr Lundinum frá fyrri tíð. Torfi Hjartarson frá Arnarholti, síðar tollstjóri, tók mynd af Lundinum laust fyrir 1930 (6. mynd). Á myndinni sjást lerkitré og maður stendur á milli trjáanna. Kletturinn í miðjunni og sá sem er fjærst heitir Valsholuklettur. Erfitt er að átta sig á hvort Tré ársins 2014 sést á myndinni en það gæti verið það sem ber hæst yfir Valsholukletti. Það stemmir nokkurn veginn við klettana sem sjást í bakgrunni á myndinni. Ekki er lengur hægt að taka mynd frá sama stað þannig að klettarnir sjást vegna þess að tré byrgja útsýni. 7. mynd er tekin haustið 2014 og á henni sést Tré ársins 2014 og Valsholuklettur. Ljóst er hvað trén hafa vaxið mikið.

Hvers vegna?

Reynum að setja okkur í spor Sigurðar sýslumanns. Hvers vegna lagði hann út í að rækta skóg á Íslandi og hvers vegna hafði hann svona mikla trú á því að það væri hægt? Ástæður þess geta verið margar. Hann hefur kynnst skógum á námsárunum í Danmörku, mikil vakning var á Íslandi í upphafi aldarinnar að klæða landið skógi, sbr. einkunnarorð Ungmennahreyfingarinnar „Ræktun lýðs og lands“, fyrstu lögin um skógrækt eru frá 1907 og líklegt er að Sigurður hafi þekkt fólk sem ræktaði trjáplöntur og þannig haft kost á að fá tré til gróðursetningar.

Hver sem megin ástæðan hefur verið fyrir því að Sigurður lagði út í þetta fyrirtæki er ljóst að tilraunin heppnaðist, þótt það hafi tekið meira en 100 ár að henni væri veitt athygli. Nú stendur í Lundinum minnisvarði um að hugsjónir manna fyrir meira en öld gengu upp, Lundurinn er minnisvarði um að láta skal reyna á hugmyndir en ekki gefast upp.

Höfundur: LAUFÉY B. HANNESDÓTTIR

Heimildir

1. Brynjólfur Guðbrandsson bóndi að Hlíðutúni - minning. 1959. Morgunblaðið, 08.09.1959. Bls. 16.
2. C. E. Flensborg. 1906. Íslands Skovsag 1905. Tidsskrift for Skovvæsen Bd. XVIII, B., København.
3. Einar Helgason. 1910. Garðrækt í Borgarfirði. Freyr Mánaðarrit um landbúnað, þjóðhagsfræði og verzlun. VII. Nr. 12: 136-137.
4. Generalstabens topografiske Afdeling. 1910. Arnarholt í Stafholtstungum. Mælikvarði 1:1000. Hæðarmismunur 5 m, hæðarlínur í m. Mælt 1910. Generalstabens topografiske Afdeling. Af vefsíðu Landmælinga Íslands: http://atlas.lmi.is/islandskort-dana/b%C3%A6jarteikningar/kortin_1200/B35L038.jpg.
5. Sigurður Þórðarson, sýslumaður. 1932. Morgunblaðið, 26.10.1932. Bls. 2.



Ísland í alþjóðleg samtök jólatrjáaræktenda

Hefur Ísland eitthvað að gera í Evrópusamstarf um jólatrjáaræktun?

Árið 2009 voru samtök jólatrjáaframleiðenda í Evrópu stofnuð (The Christmas Tree Grower Council of Europe - CTGCE). Þetta eru samtök ellefu landa í Evrópu sem framleiða jólatré fyrir heimamarkað og/eða fyrir útflutning. Markmið samtakanna er að:

- Vinna að hagsmunum evrópskra jólatrjáaframleiðenda
- Hvetja neytendur til að kaupa lifandi jólatré
- Stækka sölumarkaði í Evrópu fyrir jólatré
- Þróa og bæta gæði lifandi jólatrjáa almennt
- Þróa leiðbeiningar um gæðastaðla við mat á jólatrjám
- Samræma upplýsingar og leiðbeiningar við notkun plöntuvarnaefna
- Stuðla að rannsóknnum tengdum plöntuvarnaefnum
- Skipuleggja viðburði þar sem jólatrjáaframleiðendur geta hist og skipst á hugmyndum, þekkingu og reynslu.

Fulltrúar fyrir hvert land hittast á fundum tvisvar ári. Einn stuttur fundur (hálfur dagur) snemma ársins (febrúar) þar sem sala og þróun tengd jólatrjáa-

markaði nýliðins árs er rædd. Síðan er sumarfundur í júní (þrír dagar) þar sem þátttakendur heimsækja ákveðið land, skoða jólatrjáaframleiðslu á staðnum og skiptast á þekkingu og reynslu. Sumarfundurinn hjá jólatrjáasamtökunum var 2014 haldin í Jindrichuv Hradec í Tékklandi, dagana 12. til 14. júní.

Algengt er að margir jólatrjáaframleiðendur heim-sæki alþjóðlega jólatrjáasýningu í Danmörku í Langesø á Fjóni. Hún er alltaf haldin þriðja fimmtu-dag í ágúst. Á þessari sýningu er hægt að sjá allt sem tengist jólatrjáaframleiðslu frá fræi (2. mynd) til stórra sérhæfðra véla (1. mynd). Sýningin nýtur mikilla vinsælda og er heimsótt af mörg hundruð jólatrjáaframleiðendum og áhugafólki frá Evrópu og Skandinavíu. Sýningin 2014 var 21. ágúst.

Árið 2014 voru ellefu lönd skráð í samtökin: Austur-ríki, Belgía, Danmörk, Bretland, Frakkland, Holland, Króatía, Sviss, Svíþjóð, Tékkland og Þýskaland. Öll lönd sem eru með jólatrjáaframleiðslu, óháð framleiðslumagni, eru velkomin í samtökin. Árlegt þátttökugjöld er 500 €, fyrir hvert land.

Íslandi var boðið að taka þátt sem áheyrnarfulltrúi á fundi CTGCE í febrúar 2014 sem var haldinn í Kaupmannahöfn. Markmiðið með þátttökunni var að fá innsýn í verkefni og hlutverk samtakanna og



1. mynd. Vél til að nota við formun og til að klippa neðstu greinar af jólatrjáum.

athuga hvort hagstætt sé fyrir Ísland og íslenska jólatrjáaframleiðendur að taka virkan þátt í þessu evrópska samstarfsverkefni.

Að mati höfundar eru ákveðnir kostir við að taka þátt í alþjóðlegu samstarfsverkefni. Samstarfið mun auðvelda aðgang að þekkingu og rannsóknnum tengdum jólatrjáaæktun og auðvelda aðgang sérfræðinga og framleiðanda sem hafa glímt við svipuð ræktunarfæðingarmál eins og hér á landi.

Við getum notað evrópska gæðakerfið sem fyrirmynd til að þróa okkar gæðakerfi á Íslandi og flokka jólatré sem eru ætluð fyrir sölu. Síðast en ekki síst getum við lært af þeirra auglýsinga- og söluaðferðum, tekið þátt í þeirra markaðskönnun og kannski lært eitthvað af þeirra reynslu og mistökum.

Árgjöldin fyrir þátttakendur í samtökunum eru frekar há fyrir land eins og Ísland með mjög litla og dreifða framleiðslu. Hins vegar getur alþjóðleg samvinna verið heppileg leið til að auðvelda fyrstu skrefin sem oftast fylgja nýrri ræktunaraðferð eins og t.d. jólatrjáaæktun á ökrum. Í samstarfi við CTGCE fengi Ísland aðgang að stórum gagnabanka, yðri hluti af stóru alþjóðlegu neti og fengi aðgang að sérfræði-



2. mynd. Köngull frá nordmannspin (*Abies nordmanniana*) skorinn langsum svo fræin sjást.

þekkingu tengdri jólatrjáaæktun og framleiðslu.

Þátttakan mun ekki tryggja að íslensk jólatrjáaframleiðsla vaxi „til himins“ en getur hjálpað til að auka áhuga fyrir á henni og stuðla að aukinni framleiðslu og gæðum jólatrjáa fyrir heimamarkað. Ef til vill er þetta sá innblástur sem þarf til að íslensk jólatrjáaækt verði markviss og skilvirk.

Á Íslandi er enginn aðili sem hefur sérhæft sig í jólatrjáaframleiðslu og lítil þekking fyrir hendi. Þó hefur undanfarin ár verið skipulega safnað saman upplýsingum um ýmislegt varðandi jólatrjáaæktun og jafnframt eru nokkrar tilraunir, s.s. um tegundaval, áburðargjöf og ræktunarferlið í gangi. Jólatrjáaæktun á Íslandi hefur aðallega verið sinnt af skógræktarfélagum og Skógrækt ríkisins en síðustu árin hafa skógarbændur bæst í hópinn. Fyrir jólin 2012 seldust opinberlega 8907 íslensk jólatré, þar af 77% frá skógræktarfélagum, 14% frá Skógrækt ríkisins og 7% frá skógarbændum (upplýsingar frá Skógræktarritinu 2013, 2. tbl.). Sala lifandi jólatrjáa hefur dregist saman jafnt og þétt síðan 2000. Eftir hrunið 2008 jókst sala á íslenskum jólatrjáum til muna en hefur síðan minnkað um 16% miðað við söluina 2009. Ef Ísland mun gerast aðili að CTGCE telur höfundur eðlilegt að fulltrúi landsins kæmi annað hvort frá Landssamtökum skógaræiganda og /eða skógræktarfélagum.

Hliðstætt þessum samtökum sem er í þágu framleiðenda er annað alþjóðlegt samstarf sem er fyrir sérfræðinga og leiðbeinendur. Þar er ráðstefna annað hvert ár þar sem nýjasta þekking er kynnt og áriðandi mál tengd greininni eru rædd. Árið 2013 var ráðstefnan haldin í Nova Scotia í Kanada þar sem Brynjar Skúlason tók þátt fyrir hönd Íslands. Árið 2015 verður ráðstefnan haldin í Noregi þar sem allir með áhuga fyrir rannsóknnum og þróun tengdri jólatrjáaæktun eru velkomnir.

Upplýsingar um CTGCE er hægt að nálgast á vef-síðu samtakanna: <http://www.ctgce.com/en/>.

Höfundur: ELSE MÖLLER



Balsampinur í Vaglskógi.

Reynslan af jólatrjáarækt á Íslandi

„Búinn að vera í þessum bransa í 25 ár“
sagði leigubilstjórinn

Það var fyrir jólin 1988 að undirritaður hóf sinn jólatrjáasöluferil hjá Skógræktarfélagi Eyfirðinga sem var gjarnan með þrjú útibú á Akureyrarsvæðinu. Á síðustu árum hefur greinarhöfundur haft sinn eigin jólatrjáamarkað í miðbæ Akureyrar. Salan er í stíl við umfang ræktunarinnar eða um 30 heimaræktuð tré á ári. Ræktunin gengur vel og draumar um stækkun eru farnir að gera vart við sig.

Ef til vill finnst sumum til lítils að berjast við jólatrjáaheimsveldið Danmörku með sinn nordmannspin í fremstu víglínu. En þegar betur er að gáð má sjá að tækifærin eru til staðar. Við höfum kaldara loftslag og þéttari vöxt, við höfum tré með mun nettara vaxtarlagi sem samsvara sér betur en danski nordmannspinurinn. Við höfum blágreni, fjallapín og rauðgrenið sem var fyrsta jólatré í heimi, í Þýskalandi hér forðum. Við höfum ótal tegundir sem gefur viðskiptavininum mikla valmöguleika og þar með skemmtilegri verslun og meiri menningu.

Jólatrjáarækt hefur verið stunduð á Íslandi í yfir 50 ár. Hver er reynslan? Hvað hefur gengið vel og hvað illa og hvað ber framtíðin í skauti sér?

Rauðgreni (*Picea abies*)

Rauðgreni var fyrst tekið sem jólatré á Hallormsstað árið 1955 og síðar um land allt, aðallega á vegum Skógræktar ríkisins. Því var mikið plantað á árunum 1958-1977 og iðulega ræktað undir birkiskermi. Það er fallett, fingert og ilmar vel, en missir barrið þegar það þornar. Hér á árum áður, þegar jólatré voru höggvin í október og nóvember, þá gat þetta verið bagalegt, ekki síst ef hitakaflar komu eftir að trén voru felld þannig að þau voru farin að þorna strax við sölu. Nýhöggvin jólatré sem vel eru vökvuð standa mun betur. Svo má líka segja að það sé bara allt í lagi að tréð sé farið að láta á sjá á þrettándanum. Mörgum finnst rauðgrenið hið eina sanna jólatré, bæði á Íslandi, í Skandinavíu og víðar. Enn er eftirspurn eftir rauðgreni sem jólatrjám, en það hentar ekki þar sem menn ætla að láta tréð standa inni lengur en þrettán daga.

Rauðgrenið þrífst vel undir birkiskermi, en eins má bjóða því lerkiskerm. En það verður að gæta þess að hafa skerminn ekki of þéttan, því þó rauðgrenið sé skuggþolið þá má það ekki verða of teygt og veiklulegt. Einnig kemur til greina að planta rauðgreni í úthaga með lerki sem fósturtré. Rauðgrenið



Bergsveinn Þórsson vafrar milli blágrenitríða í jólatríðasölunni í Kjarna árið 2006.

er ein auðveldasta trjátegundin í jólatríðarækt og með þokkalega hátt nýtingarhlutfall. Reynolds er fyrir því að áburðargjöf seinnihlutans sumars gefur betri lit á trjánum sem höggvin eru þá um veturinn. Nota skal myndarlegar bakkaplöntur og plöntubil má vera niður undir 1,2 m. Ræktunartíminn er 10-18 ár. Bæta má nýtingu með hliðarklippingu (megrun).

Stafafura (*Pinus contorta*)

Stafafuran hefur verið mest selda íslenska jólatréð á síðustu árum. Gróðursetning á henni hófst ekki að ráði fyrir en árið 1959 og notkun á henni sem jólatré hófst um 1980. Stafafuran er fagurgræn, mikið ilm- andi og barrheldin. Hún er harðger og þrífst á berangri og má ekki rækta undir skermi vegna þess að þá teygir hún of mikið úr sér. Til að byrja með var hér nær eingöngu ræktuð stafafura af Skagway kvæmi. Hún reyndist all greinamikil og sérlega fagurgræn. Seint á níunda áratugnum var Skagway kvæmið mikið til leyst af hólmi af nokkrum meginlands- kvæmum (Bennet Lake, Tutshi Lake o.fl.). Þessi kvæmi þóttu henta betur til timburframleiðslu, þar sem þau eru með hraðari vöxt og minni greinar. Því miður er þetta í andstöðu við þarfir jólatríðaræktandans. Afleiðingarnar eru þær að þó aldrei hafi verið hátt nýtingarhlutfall af stafafuru þá varð það sínu verra eftir kvæmaskiptin. Nýtingarhlutfall af óklipptri

stafafuru af innanlandskvæmi fer varla yfir 5%. Auk þess virðast innanlandskvæmin að öllu jöfnu förlari en Skagway furan.

Rætt hefur verið um að hækka nýtingarhlutfall stafafuru með því að hægja á hæðarvexti, en flestar furur eru ónýtar sem jólatré vegna þess að þær eru of gisnar. Tilraunir eru nú gerðar með toppklippingar og toppbremsun með því að klippa í börk sprota með þar til gerðri töng. Ekki er útséð um hverju þetta muni skila. Eins mætti reyna vaxtarhemjandi aðgerð með því að barksjera meirihluta stofns niður við rót. Einnig mætti reyna að klippa toppsprotann í sundur í miðju við brum og loks mætti að reyna að klippa alveg burt topp og binda upp hliðargrein úr efsta kransi með spelku.

Stafafuru á að rækta á bersvæði en ágætt er að lauma nokkrum lerkitrjám með til að auka skjól. Það mætti hugsa sér 1000 lerki á móti 5000 stafafurum á hektara. Aðeins ætti að nota Skagway kvæmi, gjarnan af völdum innlendum plöntum. Fylgjast þarf vel með þróun í vaxtarhemjandi aðgerðum. Þéttastar verða plönturnar í rýru mólendi eða mel. Nota má litlar bakkaplöntur sé um gróðurlítið mólendi eða mel að ræða. Ræktunartíminn er 8-16 ár.

Blágreni (*Picea engelmannii*)

Blágreni hefur verið ræktað hérlendis í um hundrað ár. Það var þó ekki fyrr en um 1990 að það kom á jólatríðamarkaðinn. Blágreni er ljóselskara en rauðgreni og verður að rækta á opnu svæði, gjarnan í skjóli skógar eða í skjólpöntum með lerki, gjarnan 1000 lerki á móti 5000 blágreni á hektara. Blágreni undir skerm verður of hraðvaxið og greinalítið. Kvæmi blágrenis eru nokkuð misjöfn, ekki síst vegna þess að sum kvæmi eru frá þeim stöðum þar sem blendingstré blágrenis og hvítgrenis ráða ríkjum. Þeim trjám fylgir oft heldur leiðinleg lykt sem fylgir hvítgreninu og sumir vilja líkja við kattarhland, þessi lykt getur reyndar líka fylgt öðrum blágrenikvæmum en líklega í minna magni. Þess ber að geta að þrátt fyrir þessa lykt þá er hvítgreni notað sem jólatré í Bandaríkjunum og þá þykir þetta hin eina og sanna jólalykt. Blágreni af kvæminu Rio Grande eru eka blágreni með langar og fallega blágráar nálar og ágætt vaxtarlag. Blágreni tekur öllum klippingum mjög vel og með hliðarjöfnun og tvitoppa klippingu má fá nýtingu á blágreni upp í 70% sé það ekki í of frjóu landi. Bestu gróðursetningarstaðir eru hálfþurrir móar, ekki of jarðdjúpir, við gætum hugsað okkur bláberjalyngs þursaskeggs mólendi. Blágreni er mun



Kvæmamunur í fjallapín. Annars vegar „njólar“ af Skagway kvæmi og hins vegar státtin planta af suðlægu kvæmi.

barrheldnara en rauðgreni. Nota skal öflugar bakka-plöntur, stærð í hlutfalli við grósku lands. Ræktunartími er 10-25 ár.

Fjallapínur (*Abies lasiocarpa*)

Fjallapínur hefur verið lengi í ræktun hér en árangur er misjafn. Tugum kílóa af fjallapínsfræi var sáð í gróðrarstöðvum landsins á síðustu öld en árangurinn getur varla talist í samræmi við það. Alla vega ef litið er á skýrslur yfir jólatrjáatöku því þá kemur í ljós að aðeins nokkur hundruð fjallapínir hafa verið seldir sem jólatré hérlendis. Ástæðurnar eru margvíslegar. Mikil afföll hafa orðið vegna þess að plönturnar þola illa samkeppni við gras fyrst eftir gróðursetningu og vegna kals og sveppasjúkdóma. Þá er mikil tvítoppamyndun í fjallapíni vegna haustkals og svo eru til kvæmi með allt of gisinn vöxt eins og Skagway (athyglisvert er að besta stafafurukvæmið er eitt versta þínkvæmið). Þrátt fyrir þetta eru bundnar nokkrar vonir við fjallapín sem jólatré. Hann er barrheldinn og ágætlega ilmandi. Hann getur verið afar þéttur og íturvaxinn og hann tekur vel hliðar- og tvítoppaklipplingum. Hann þarf að vaxa undir skermi en einnig kemur til greina að nota hann í skjólgróðursetningum með lerkí, 1200 lerkí á móti 6000 fjallapínum á

hektara. Með réttu kvæmavali (suðlæg fjallakvæmi) og topp- og hliðarklipplingum má fá nýtingu á fjallapín upp fyrir 50%. Þá eru afföll ekki talin en þau eru meiri hjá þín en öðrum ættkvíslum jólatrjáa. Velja verður stærð plantna eftir grósku lands og ekki setja smáplöntur á kaf í sínu. Ræktunartími er 12-24 ár.

Spáð og spekúlerað

Plöntubil við gróðursetningu ræðst af nokkrum þáttum. Sé meiningin að hefja ekki jólatrjáatöku fyrr en trén hafa náð 1,5 m hæð þá má ekki fara mikið niður fyrir 1,5 m í bil eða 4450 tré á hektara. Sé hinsvegar inni í myndinni að hefja jólatrjáatöku strax við 1 m hæð þá má fara niður í 1,2 m bil eða um 7000 tré á ha.

Þá látum við lokið umtali um helstu jólatrén og snúum okkur að allra handa þælingum um jólatrjáaræktun og greinaræktun framtíðarinnar og spáum í hugsanlega möguleika.

Jólatré í Bandaríkjunum

Bandaríkjamenn líkjast Íslendingum að því leiti að þeir nota allskonar tré sem jólatré. Nýlega var gerð könnun á því hver væru þeirra uppáhalds jólatré. Tíu vinsælustu tegundirnar voru:



Glæsilegur hvítþinur í Lystigarði Akureyrar.



Ekki er allt gull sem glóir. Tuskulegur nordmannspinur í Lystigarði Akureyrar.

1. Glæsipinur (*Abies fraseri*)
2. Dögglingiviður (samn. myrkárpollur, douglasgreni, degli) (*Pseudotsuga menziesii*)
3. Balsampinur (*Abies balsamea*)
4. Broddgreni (*Picea pungens*)
5. Skógarfura (*Pinus sylvestris*)
6. Blýantseinir (*Juniperus virginiana*)
7. Hvítgreni (*Picea glauca*)
8. Geislafura (*Pinus strobus*)
9. Hvítþinur (*Abies concolor*)
10. Virgíníufura (*Pinus virginiana*)

Bandaríkjamenn rækta tré á stórum ökrum og þau eru nánast öll formklippt, þannig að þau eru ákaflega þétt og regluleg. Svo þétt og regluleg að manni dettur í hug gervitré við fyrstu sýn. Ræktunarskilyrði í Bandaríkjunum eru mjög mismunandi og því er nokkuð svæðisbundið hvaða tegundir eru notaðar.

Jólatré í Danmörku

Danmörk framleiðir 10 milljónir jólatrjáa árlega og eru 85% þeirra flutt út. Þetta er nánast eingöngu nordmannspinur úr akurræktun, auk 35.000 tonna af jólagreinum (nordmanns og nobilis) enda eru þeir stærstu trjáframleiðendur Evrópu og fyrirmynd

annarra ríkja í framleiðslu jólatrjáa. Bæði í Bandaríkjunum og Danmörku eru gjarnan notaðar ber-rótarplöntur og oft svokallaðar 2/2 plöntur en það eru mun stærri plöntur en venjulegar bakkaplöntur. Bil fyrir jólatré sem höggvin eru þegar þau hafa náð 1,8 m hæð er haft um 1,5 m. Hið umdeilda gróðureyðingarlyf Roundup er yfirleitt notað oft í hverri ræktunarlötu jólatrjáa í Danmörku og Bandaríkjunum.

Önnur tré

Það eru engin takmörk fyrir því hvað nota má sem jólatré. Í hitabeltinu eru hverskyns stofublóm notuð í þessum tilgangi og listamenn hafa notað allan fjandann fyrir jólatré. En ef við erum svolítið íhaldssöm og leitum eftir trjám sem svipar til þeirra sem þegar eru á markaði þá má nefna eftirfarandi:

Af þinum

Hér eru nefndir til sögunnar nokkrir þinir sem hafa sýnt að þeir geta þrífist hér. Samt sem áður ber að geta þess að þinir eru fremur erfiðir í uppeldi og fræið geymist illa. Einnig verða oft á þeim mikil vanhöld eftir gróðursetningu. Í kveri sínu „Innfluttar trjátegundir í Hallormsstaðaskógi“ segir Sigurður



Smá blágreniakur í Kristnesi. Trén eru 15-18 ára, af kvæminu Rio Grande. Þegar hefur verið tekið mikið af trjám úr reitnum. Þau sem eftir eru, eru flest öll klippt.

Blöndal um balsamþingróðursetningu af þremur kvæmum frá 1962 „Flestar plönturnar vesluðust upp“. Um hvítþin „Á 3. gróskuflokki hafa plönturnar varla tosast upp í hálfan meter á 30 árum“. Um nordmannsþin „Af þeim 600 trjám, sem gróðursett voru 1967 lifa 3 í kröm, og hafa nánast ekkert vaxið. Að vísu voru þau gróðursett í þriðja gróskuflokk“.

Sumum þinum hættir meira við haustkali en öðrum, þetta á sérstaklega við um nordmannsþin og hvítþin. Eigi að vera einhver von um að nýta þá sem jólatré þá er itrekuð klipping algjört skilyrði. Raunar á þetta að meira eða minna leyti við um hina þinina líka, að eigi að fá gott nýtingarhlutfall, þá þarf endurteknar klippingar yfir vaxtarlotuna.

Það sem gerir þin sérlega eftirsóttan sem jólatré er að hann heldur nálunum áratugum saman eftir að hann er felldur. Sjaldan er þó reynt til hlítar á þann kost.

Síberíupínur (*Abies sibirica*). Er fagurgrænni en fjallapínurinn og öllu léttbyggðari. Greinar hans eru ljómandi fallegar og hann getur orðið ágætt jólatré. Hann hefur þann galla að greinarnar eru fremur veiklu- legar. Síberíupínurinn hefur reynst þökkalega í upp-



Síberíupínur af Altai uppruna í Kjarnaskógi.

eldi og greinilegur kvæmamunur er á þeim gróður- setningum sem til eru í landinu. Stálpaðar potta- plöntur af kvæminu Altai (plantað um 1995 undir skermi) koma ágætlega út bæði í Kjarna, Vaðlareit og víðar um land.

Eðalþínur (*Abies procera*). Mikið notaður í skraut- greinar. Mikið af greinum hans er flutt hingað árlega og selt undir nafninu nobilis. Nokkur dæmi eru um að hann hafi þrífist ágætlega hér og þar um landið. Hann er notaður sem jólatré í Bandaríkjunum. Gróðursetjið pottaplöntur í skjóli.

Rauðþínur (*Abies magnifica*). Ágæt gróðursetning er til af þessari tegund á Hallormstað undir skermi og þykja trén sérlega jólatrjáaleg. Tegundin er náskyld og nauðalík eðalþin.

Balsamþínur (*Abies balsamea*). Hefur verið rækt- aður undir skermi í Fellsskógi í Þingeyjarsýslu og Vaglaskógi. Greinarnar hafa verið seldar á Húsavík undir nafninu ilmpínur, sem verður að kallast fyrir- taks markaðssetning. Enda er balsamþínurinn mjög ilmandi og raunar alveg í sérflokki með það. Greinar- höfundur skoðaði 50 ára balsamþinreit í Vaglaskógi



Ónýtt grenitré eða öndvegis jólatré? Sama tréð fyrir og eftir klippingu. Markviss jólatrjáarækt verður ekki stunduð nema með klippurnar stöðugt á lofti.

við gerð þessarar greinar. Kvæmið var frá Labrador og heitir Port Hope Simpson. Það vakti athygli að langflest trén hafa lifað og flest eru þau einstofna, en trén hafa vaxið ákaflega hægt og eru mjög mjóslegin (kallað pípuhreinsarar á jólatrjáamáli), auk þess sem litur trjánna er nokkuð fólur og væskilslegur.

Glæsipínur (*Abies fraseri*). Dæmi er um vel lukkaða, unga gróðursetningu á glæsipíni hér. Full ástæða er til þess að skoða hann nánar en tegundin er náskyld balsampíni. Einskonar eftirlegukind úr sunnanverðu hálendi austurstrandar Bandaríkjanna. Glæsipínurinn er eitt vinsælasta jólatré Bandaríkjanna og hefur oft en nokkuð annað tré skreytt sali Hvíta hússins.

Nordmannspínur (*Abies nordmanniana*). Er til hér-lendis en þykir viðkvæmur. Ekki er þó vonlaust að það mætti fá úr honum jólatré á besta stað með klippingu. Gróðursetja pottaplöntur í skjóli.

Hvítþínur (*Abies concolor*). Hvítþínur kelur gjarnan á haustin og verður varla jólatré hér nema með mikilli klippingu. Fallegar greinar með löngum ljósum nálum. Gróðursetja pottaplöntur í skjóli.

Af greni, furum og sjaldgæfum berfrævingum Þegar Norðmenn eru orðnir þreyttir í kjálkunum eftir endalausar rökræður, þá segja þeir gjarnan „smak og behag kan ikke diskuteres“, sem mætti útleggja þannig „um smekk og hentisemi þýðir lítt að þjarka“, en það er einmitt á forsendum smekks og hentisemi sem undirritaður hefur valið eftirfarandi tegundir til umtals:

Sitkagreni (*Picea sitchensis*). Síðustu ár hefur sitkagreni verið notað sem jólatré í nokkrum mæli. Að einhverju leyti má segja að það hafi gerst vegna þess að ekki er völ á öðrum trjám, því sitkagreni er mjög grófgert, stórgert og stingandi með heldur gisnum nálum. Samt er það svo að mörgum líkar vel við þetta jólatré og fullyrt hefur verið að sumum þyki þetta hið eina sanna jólatré. Sitkagreni hefur afar lága nýtingarprósentu. Sitkabastarður er sínu finlegri og jafnvaxnari en hefur þó sömu galla og hið fyrrnefnda, auk hins vafasama ilm hvítgrenis.

Balkanfura (Samn. Silkifura) (*Pinus peuce*). Líkist lindifuru en er hraðvaxnari og léttbyggðari. Greinar af henni hafa verið seldar í Danmörku undir nafninu silkifura og einnig í blómabúðum hér. Balkanfura



Þrettán ára blandgróðursetning í Kristsnesi. Rússalerki, stafafura og rauðgreni. Lerkið er fyrirmyndarféstra, sem vex hraðar og gefur viðkvæmari tegundum skjól þegar líður að uppskerutíma.

þrífst ágætlega hérlendis. Hægt að fá fallegar greinar en varla jólatré.

Skógarfura (*Pinus sylvestris*). Eitt besta timburtré Evrópu en fáum þar á bæ hefur dottið í hug að nota það sem jólatré. Hinsvegar er skógarfuran mest gróðursetta jólatré Bandaríkjanna. Hér á landi er skógarfuran mun þéttari en stafafuran. Höfundurinn hefur ræktað skógarfuru af strandkvæmi frá Norður-Noregi, nánar til tekið Meløy Kommune. Gallinn er sá að nokkur hluti plantnanna er hrjáður af furulús. Reynslan er sú að um þriðjungur plantna sé óhæfur sem jólatré vegna þessa. Þá er vetrarlitur skógarfuru nokkuð gulgrár ef miðað er við stafafuru. Þrátt fyrir þetta er skógarfuran líkleg til að skila um 40% nýtingu þar sem best lætur. Ræktun á bersvæði og um 7500 plöntur á hektara. Uppskerutími 9-17 ár. Tíma gæti tekið að búa til markað fyrir skógarfuruna. Undirritaður hefur enn sem komið er aðallega selt hana sem smátré, 0,8-1,5 m á hæð.

Lindifura (*Pinus sibirica* og *P. cembra*). Snotur fimm nála fura sem getur verið hið huggulegasta jólatré og ekki síður fallegar greinar. Skjólgóður staður, ekki undir skermi.

Döggling sviður (*Pseudotsuga menziesii*). Visbendingar eru um mikinn kvæmamun hjá döggling sviðnum og ekki ólíklegt að það finnist kvæmi sem hentað gæti til jólatrjáaframleiðslu hér undir skermi. Þarf vafalaust stæðilegar plöntur, klippingu og bestu aðstæður.

„Þetta fína“

Loks eru hér taldar upp þrjár tegundir sem hentað gætu til greinaframleiðslu í smáum stíl, til dæmis til sölu í blómaverslunum, til kransagerðar og svo leiðis smá heimilisiðnaðar. Þetta eru alaskasýprus (*Chamaecyparis nootkatensis*), fagursýprus (*Chamaecyparis lawsoniana*) og risalífviður (*Thuja plicata*). Allar hafa þessar tegundir vaxið og dafnað við bestu skilyrði undir skermi. En hægt vaxa þær.



Fjallapínur Colorado



Fjallapínur Skagway



Alaskasýprus



Nordmannspínur



Síberíupínur



Balsampínur



Eðalpínur



Hvitpínur



Sitkagreni



Blágreni



Rauðgreni



Skógarfura



Stafafura



Lindifura



Silkifura



Bergsveinn Þórsson og Beate Stormo bunta danskan nordmannspin í Kjarna fyrir jólin 2006. Alltaf er markaður fyrir fallegar ilmandi greinar.

Ráð til byrjenda og lokaorð

Jólatrjáarækt er ekki fyrir byrjendur, eða svo við orðum þetta skýrar: Góður árangur næst ekki í jólatrjáarækt nema menn hafi viðtækan skilning á landi og trjám. Auk þess þarf að hafa góða kunnáttu í klippingum.

Ef farið er í jólatrjáarækt af fullri alvöru með það að markmiði að ná sem hæstu nýtingarhlutfalli, þá er ekki nóg að gróðursetja og koma aftur eftir 15 ár með sögina. Það þarf árlegt eftirlit og klippingar. Spurningar eins og þarf að grisja skerminn meira, er teinungur að lemja trén, þarf að stytta eða toppa eða jafna hliðargreinar, spelka upp toppa, fækka toppum, eða bera á? Líti menn á hverja hríslu sem verkefni sem á að enda sem jólatré þá er margt sem glöggur ræktandi getur gert annað en að standa hjá og biða.

Ræktun á mörgum tegundum jólatrjáa hefur þann kost að ólíklegt er að allra handa pestir leggist á margar tegundir í einu, þannig að árlegt uppskeruöryggi er meira en sé aðeins ein tegund ræktuð. Galli við fjölbreytta ræktun gæti verið sá að erfiðara sé að koma trjám í smásölu sé sú söluaðferð valin.

Ræktun á jólatrjám hentar vel sem aukabúgrein þar sem álagstíminn er mjög bundinn við nóvember og desember.

Íslenskur jólatrjáamarkaður er í stöðugri þróun. Það er ekkert sem bendir til þess að notkun jólatrjáa sé á undanhaldi enda er þetta skemmtilegur siður.

Grein þessi var send nokkrum gamalgrónum jólatrjáaræktendum til yfirlesturs og eru þeim Þór Þorfinnssyni, Böðvari Guðmundssyni, Sigurði Skúlasyni og Bergsveini Þórssyni þakkaðar ábendingar við þessa grein. Þá má ekki gleyma Steinari Björgvinssyni og Rúnari Ísleifssyni og öllum þeim sem gáfu góð ráð.



Síberíupinur og fjallapinur í jólatrjáasölnni í Kjarna.

Einn bjartan nóvemberdag í framtíðinni munum við svo fylla fjölda gáma af jólatrjám og senda þá til Danmerkur svo þeir þurfi ekki að nota sinn feita ljóta nordmannspin. Eða hvað?

Höfundur: HELGI ÞÓRSSON

Orðabók jólatrjáasalans

Veggtré: Allar greinarnar á annarri hliðinni.

Horntré: Greinar á svona einum fjórða trésins.

Pípuhreinsari: Mjótt jólatré.

Kútskaft: Svipar til pípuhreinsarans en öllu nettara.

Legið á greni: Rólegur tími í jólatrjáasölu.

Lifandi jólatré: Deyjandi jólatré.

Greni: Allar aðrar greinar en greni.

Feitt tré: Mikið um sig.

Þétt tré: Getur ýmist verið þétt eða feitt eða hvort tveggja.

Gervijólatré: Plast sem þykist vera jólatré.

Að falska: Bæta við greinum í torgtré (hjálpartæki: borvél og lím).

Þetta fina: Greinar af sýprus og thuja.

Algengar spurningar úr jólatrjáasölnni

„Fellir þetta tré greinarnar?“

„Eigiði birki jólatré?“

„Eigiði lerki jólatré?“

„Hvað á að vera langt á milli jólatrjáa?“ („Svona eitt ár“ svaraði Hafsteinn Hafliðason hér um árið).



Hópmýnd tekin við fornan steinkross þar sem talið er að Guláping hið eldra hafi verið.

Um Sogn- og Fjarðafylki í Vestur-Noregi

Ferð Skógræktarfélags Íslands 30. ágúst til 5. september 2014

Í kjölfar heimsóknar Skógræktarfélagsins í Sogn- og Fjarðafylki til Íslands sumarið 2012 bárust pakkir fyrir móttökurnar og formlegt heimboð. Var það boð þegið með þökkum og undirbúningur hófst með góðum fyrirvara. Í forsvari fyrir móttökunefndinni voru Hans Fredrik Lauvstad, stjórnarformaður Skógræktarfélagsins í Sogn- og Fjarðafylki, sem lengi var æðsti maður skógstjórnarinnar í fylkinu, Svein Saure, forstöðumaður gróðrarstöðvar skógræktarfélagsins að Brandsøy á Florø og Ingvar Åberge, náttúrufræðingur og sérlegur áhugamaður um tengsl Noregs og Íslands. Eins og fram kemur í greininni höfðu nefndarmenn ekki legið á liði sínu því móttökur voru óvenju veglegar og vel undirbúnar og mættum við hvarvetna fádæma gestrisni á ferð okkar um hið

undurfagra grannland sem við eigum svo margt sameiginlegt með en er þó um margt framandi, ekki síst í jarðfræðilegu og gróðurfarssögulegu tilliti. Frá Íslandi fór 31 manns hópur að meðtöldum fararstjórunum en auk greinarhöfundar var Kristján Baldursson frá ferðaskrifstofunni Trex í fararstjórn. Aðalleiðsögumaður okkar var Hans Fredrik Lauvstad, sem fyrr er getið, en í ferðinni hittum við fjölmarga heimamenn sem miðluðu af þekkingu sinni og rausnarskap. Auk Hans Fredrik voru þeir Svein og Ingvar leiðsögumenn á völdum köflum og Anne Lise Lauvstad, eiginkona Hans Fredrik, fylgdi á eigin bíl ásamt greifingjahundinum Pivo og gættu þau þess að við fengjum ávallt nóg að borða og drekka og villtumst ekki af leið. Þar sem flogið var til Björgvin, sem er í

næsta fylki fyrir sunnan Sogn- og Fjarðafylki, hófst ferðin á stuttri heimsókn um þann forna höfuðstað.

Stutt yfirlit um land og skóg

Jarðsaga Noregs er ákaflega merkileg og spannar alla jarðsöguna. Noregur hefur því að geyma flestar þær bergtegundir sem finna má í heiminum nema þær sem finnast á virkum eldfjallasvæðum en síðast var eldvirkni á Óslóarsvæðinu á Perm-tímabilinu (fyrir 280-225 milljón árum). Tvisvar í jarðsögunni hafa Noregur og Grænland náð saman og hinir miklu fjallgarðar Noregs eru hluti af kaledónískum fellingafjöllum sem ná frá Skotlandi (gamla nafnið á Skotlandi var Kaledónía) og norður til Svalbarða. Grjótharðar umbreyttar bergtegundir eins og granít og gneis eru nokkuð algengar en fágætari umbreytt bergtegund er fylkisbergtegundin eklógít (*eklogitt*). Hún er frekar fágæt en hana má finna á nokkrum stöðum, aðallega í Nordfjord innanverðum. Storkubergið amfibólít kemur fyrir eins og djúpbergtegundin anorþósít (*anortositt*). Harðpressuð setlög eins og völuberg (*konglomerat*) og flöguberg (*skiffer*) eru einnig nokkuð algeng. Harka og efnainnihald bergtegunda hafa eins og gefur að skilja mikil áhrif á jarðvegsmyndun og eðli jarðvegs og þar af leiðandi á skóginn og þær tegundir sem þar vaxa. Bestur er jarðvegurinn þó jafnan þar sem ísinn skildi eftir jökulruðninga eða þar sem land hefur risið úr sæ. Landslag í Sogni og Fjörðum er stórbrotið með sínum vogskornu fjörðum allra lengda en Sognarfjörðurinn er dýpsti (lengsti, um 207 km) fjörður í heimi ef frá er talið Scoresby-sund sem oftast er þakið ís. Há og hvöss fjöllin rísa úr sæ en undirlendi og aðdragandi upprisu þverhniptra fjallanna er víðast hvar afar takmarkað. Út með ströndinni er úrkumubelti sem bætir upp takmörkuð jarðvegsgæði fyrir skóginn en lengra inn til landsins ber skógurinn meiri svip af meginlandsskógi og ríki skógarfurunnar styrkist.

Sogn og Fjarðafylki er um 18.623 km² og íbúafjöldinn um 110 þúsund og telst stöðugur.

Í Noregi er nýtanlegur skógur (*produktiv skogareal*) skilgreindur þannig að krónuþekja sé að lágmarki 10% af yfirborði lands og að framleiðslugeta bolviðs sé yfir 1 m³ á hektara/ári. Slíkur skógur þekur um 2.550 km² af Sogn og Fjarðafylki eða um 14% af heildarflatarmáli. Þar af er laufskógur ríkjandi á 54%, fura á 32% og greni á 14% af flatarmáli nýtanlegra skóga. Náttúrulega hefur greni þó aðeins náð takmarkaðri útbreiðslu innst í Sogni en mest af greninu hefur verið gróðursett. Ilmbirki er aðaltegund lauf-

skóganna en gráelri er einnig talsvert algengt, sem og rauðölur og heggur. Á góðum vaxtarstöðum inn til landsins má finna eðallaufskóga með aski, álmi, rauðelri og hengibjörk.

Standandi bolviðarmagn í laufskógunum er 11 milljónir m³ en 10 milljónir m³ af greni og 9 milljónir m³ af furu. Árlegur heildarviðarvöxtur er 0,8 milljónir m³ en sjálfbær viðartekja talin vera við ríflega 0,7 milljónir m³. Árlega eru högnir um 350 þúsund m³, langmest greni en um 20 þúsund m³ af furu. Greniskógræktin hefur því skilað mikilli framleiðni aukningu í skógunum á mælikvarða viðarvaxtar og efnislegrar verðmætasköpunar.

Ferðasaga

Laugardagur 30.08

Eftir tíðindalausla liðlega tveggja tíma flugferð tók Björgvin vel á móti okkur. Eftir viðkomu á Thon Hotel Bryggen sem er við Hákonarhöllina og gömlu bryggjuna (Bryggen) var dagurinn frjálur, hvort sem var til að anda að sér borgarblænum, skoða tré og byggingar eða kíkja í búðir og veitingahús. Sumir tóku toglestina upp til Fløyen en þaðan er einstakt útsýni yfir borgina og borgarskógurinn býður upp á góðar gönguleiðir, áningarstaði, fjölbreytileika í trjategundavali og gömul og tignarleg tré. Skógurinn flokkast sem „Bergen Naturpark“ og þar er Skógræktarfélagið í Bergen (Bergens skog- og træplantningsselskap) í forsvari.

Sunnudagur 31.08

Á sunnudagsmorgninum tók á móti okkur Bernt - Håvard Öyen, afkastamikill skógvísindamaður og nú forstjóri Bryggen og vararæðismaður Íslands, auk þess að vera stjórnarmaður í Skógræktarfélagi Hörðalands. Leiddi hann hópinn um gömlu bryggjuna sem er líkt og Þingvellir á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna sem menningarminjar. Sögu bryggjunnar má rekja um 1000 ár aftur í tímann en í valdatíð Ólafs kyrra um 1070 fær Björgvin hlutverk höfuðstaðar á vesturströnd Noregs og staðurinn verður biskupssetur. Síðar flyst konungsvaldið frá Niðarósi til Björgvinjar sem verður þar með höfuðstaður Noregs og um tíma Íslands. Á valdatíma Hákonar V Magnússonar Háleggs (1299-1319) flyst konungsvaldið frá Björgvin til Ósló. En mikilvægi Björgvinjar sem miðstöðvar verslunar og viðskipta og samskipta yfir hafið hafði vaxið. Bærinn var um tíma fjölmennasta borg Norður-Evrópu. Fiskur frá vesturströndinni og Norður-Noregi var fluttur út í gegnum Björgvin en



Bernt leiddi okkur um Bryggen og hér sýnir hann hvernig viðgerð húsa gengur fyrir sig. Til að mæta ágangi og hækkun sjávar eru húsin tjökkuð upp um 80 cm. Grunnur húsanna eru tólf lög af krosslögðum bjálkum. Á myndinni frá vinstri eru; Magnús Gunnarsson, Bernt - Håvard Øyen og Sævar Hafsteinn Jóhannsson.

nýlenduvörur inn. Hansakaupmenn gerðu bæinn að einum helsta verslunarstað sínum ásamt Novgorod, Brügge og London. Þeir þrengdu mjög að verslun heimamanna og voru nær einráðir í utanríkisversluninni um tíma, nema í siglingum til Íslands, sem áfram var á vegum heimamanna. Bryggjan var lengi helsta festi Hansakaupmanna og sú húsaröð sem nú myndar þessa merku arfleifð má einmitt rekja til tíma Hansakaupmanna og sameiningu norskrar og evrópskrar byggingarlistar. Furutimbríð var sótt í skógana í Harðangursfirði og nágrenni. Bryggjuhúsin eru húsaröð þriggja hæða plankahúsa (*gårder*) sem byggð voru þvert á bryggjuna; neðstu tvær hæðirnar þjónuðu sem vöruhús og verslanir en efsta hæðin sem skrifstofu- og íbúðarhúsnæði. Traðir eru milli húsanna sem ásamt lyftibómum auðveldaði meðferð varnings. Stórir brunar hafa haft sín áhrif á ásynd og endurnýjun húsanna; stór bruni varð 1702 en síðasti stórbruni var 1955. Í dag er margvísleg starfsemi á Bryggen; verslanir, veitingahús, gallerí og þjónustustarfsemi ýmskonar og sér eignarhaldsfélag eigenda



húsanna, Stiftelsen Bryggen, um rekstur og útleigu. Um 2,5 milljónir ferðamanna koma fyrir framan Bryggen árlega en 1,6 milljón manns ganga inn um traðirnar. Þetta kallar að sjálfsögðu á aðstöðu, viðhald og kostnað en ekki er selt inn á svæðið þótt aðstaðan sé fyrir hendi.

Skoðunarferð um Bryggen lauk með hádegisverði í boði Skógræktarfélags Hörðalands á þriðju hæð í einu bakhúsanna þar.

Frá Bergen var ekið norður til hins forna konungaseturs Sæheims (no. Seim) sem getið er í Íslendingasögnum og Konungasögum Norðurlanda. Í Lindås er nyrsti beykiskógur Noregs, sem gróðursett eða sáð hefur verið til einhvern tímann á tímabilinu 500 -1000 e. Kr. Ekki er vitað með vissu hver stóð fyrir



Konungsgröfin í Sæheimi sem talin er vera gröf Hákonar hins góða Aðalsteinsfóstra (d. 961 e. Kr.).

flutningi beykisins til Sæheims en með DNA-samburði hefur hann verið rakinn til Danmerkur. Tilgangurinn hefur væntanlega verið að nýta skóginn sem beitarland fyrir svín og útvega verðmætan smíðavið á konungssetrinu. Nú þekur beykiskógur um 20 hektara og hefur hann skyggt út aðrar trjátegundir og ofurhægt lagt undir sig stærra svæði. Um sjö hektarar af skóginum eru nú náttúruverndarsvæði og heitir sá hluti Vollom, sem trúlega hefur sömu merkingu og Völlur. Hæstur trén eru um 25-30 m og gæðin þökkaleg, þótt þau keppi ekki við beykivið vaxinn í mið-Evrópu.

Rétt sunnan við beykiskógin er konungsgröf frá heiðnum sið og lauk heimsókn okkar í Hörðalandi þar. Talið er að þar sé grafinn Hákon hinn góði Aðalsteinsfóstri, yngsti sonur Haraldar hárfagra. Hann ólst upp hjá Aðalsteini hinum sigursæla Englands-konungi, þess er hafði sigur í orrustunni miklu við Ólaf Skotakonung, en í liði Aðalsteins voru ekki minni kappar en þeir bræður Egill og Þórólfur Skallagrímssynir. Þórólfur féll í orrustunni en framganga Egils réð samkvæmt Egilssögu baggamuninn. Varðveist hefur kvæði á fornensku um þessa frægu orrustu, *Orrustan um Brunanborg*.

Hákon sneri heim til Noregs og tók við konungdómi af eldri bróður sínum, Eiríki blóðöxi, sem var orðinn óvinsæll meðal þegna sinna. Hákon aftur á móti varð vel látinn heima fyrir en herjaði víða um lönd. Árið 961 sóttu að honum frændur hans Eiríkssynir með liðsstyrk frá Danakonungi í mikilli orrustu að Fitjum



Heimildir um forna höfðingja í Noregi eru m. a. sóttar í verk þeirra frænda Snorra Sturlusonar og Sturlu Þórðarsonar.

sunnan við Björgvin. Hákon sigraði í orrustunni en lést af sárum sínum á Hellnum en mælti fyrir að heygja ætti hann á Sæheimi. Þar sem hann átti engan erfingja mælti hann svo fyrir að krúnan gengi til frænda hans Eiríkssona.

Frá konungsgröfinni var stefnan tekin til Gulafjarðar en þar er talið að hið forna Gulapíng hafi verið en það mun hafa verið fyrirmynd Alþingis okkar Íslendinga. Í Heimskringlu Snorra Sturlusonar segir svo frá:

Þá er Hákon [hin góði] var konungur í Noregi var friður góður með búendum og kaupmönnum svo að engi grandaði öðrum né annars fé. Þá var ár mikið bæði á sjá og á landi. Hákon konungur var allra manna glaðastur og málsnjallastur og lítillátastur. Hann var maður stórvitur og lagði mikinn hug á lagasetning. Hann setti Gulapíngslög með ráði Þorleifs spaka og hann setti Frostapíngslög með ráði Sigurðar jarls og annarra þrænda þeirra er vitrastir voru. En Heiðsævis-



Espen Selvik, forstöðumaður Gulapings, var liflegur og fróður leiðsögumaður okkar og lét sig ekki muna um að leika Egil Skallagrímsson og fórst það vel úr hendi. Espen er tónskáld og tónlistarstjóri og hefur samið fimm sínfóniur og tvær sönötur. Hann er einnig tónlistargagnrýnandi Bergens Tidende og heiðurskonsúll Lithäen. Sævar Hafsteinn Jóhannsson og Árni Þórólfsson (t.v.) virða fyrir sér myndarlega evrópuþíni (*Abies alba*).

lög hafði sett Hálfðan svarti [Goðröðsson f. um 820, d. 860, konungur Upplendinga frá 839 og faðir Haraldar Hárfagra] sem fyrr er ritað.

.....

Hálfðan konungur var viskumaður mikill og sanninda og jafnaðar og setti lög og gætti sjálfur og þrýsti öllum til að gæta og að eigi mætti ofsi steypa lögunum. Gerði hann sjálfur saktal og skipaði hann bótum hverjum eftir sínum burð og metnaði. Ragnhildur drottning ól son og var sá sveinn vatni ausinn og kallaður Haraldur. Hann var brátt mikill og hinn fríðasti. Óx hann þar upp og gerðist þegar íþróttamaður snemma og vel viti borinn. Móðir hans unni honum mikið en faðir hans minna.

Ekið var til Leirvåg þar sem tekin var ferja yfir til Sløvåg og ekið þaðan til Gulafjarðar. Í Eivindvik hittum við fyrir leiðsögumann okkar og aðalgestgjafa, Hans Fredrik Lauvstad og Anne Lise Lauvstad, eiginkonu hans. Eftir innritun á hótél var haldið í skoðunarferð á þingstaðina tvo, Gulapíng hið eldra og nýrra. Hið síðarnefnda var í tilefni árpúsundamóta útnefnt sem þúsaldarstaður og árið 2005 komið upp digru minnislistaverki þar og aðstöðu til mannfagnaða. Ekki dugði norskt granít, sem nóg er þó af, heldur voru steinblokkirnar sóttar til Kína.

Eftir þessa fróðlegu skoðunarferð um þingstaðina var haldið heim á Eivindvik Hotel þar sem beið okkar vegleg veisla.

Mánudagur 01.09

Dalsfjarðardagurinn rann upp bjartur og fagur og framundan ferð um Fjalir, heimasveit Ingólfs Arnarsonar og Leifs [Hjörleifs], frænda og fóstbróður Ingólfs. Ekið var frá Eivindvik og tekin ferja frá Rutledal til Rysjedalsvíka og þaðan ekið til Hrífudals (Rivedal). Þaðan er talið að þeir fóstbræður Ingólfur og Leifur hafi ýtt úr vör ásamt fylgdarliði og haldið til Íslands eftir að vinátta þeirra við syni Atla jarls hinn mjögva af Gaulum endaði illa vegna ástar þeirra Leifs og Hólmsteins til Helgu, systur Ingólfs.

En um veturinn gerðu þeir fóstbræður veislu sonum jarlsins. Að þeirri veislu strengdi Hólmsteinn heit, að hann skyldi eiga Helgu Arnardóttur eða öngva konu ella. Um þessa heitstrenging fannst mönnum fátt, en Leifur roðnaði á að sjá, og varð fátt um með þeim Hólmsteini, er þeir skildu þar að boðinu.

Fór svo að Ingólfur og Leifur felldu Hólmstein og síðar Herstein Atlason. Þeir náðu þó sáttum við Atla jarl og eftirlifandi son hans, Hástein, með því að

gjalda þeim mest af eigum sínum. En móðir þeirra Atlasona var mjög ósátt við sáttfýsi Atla og Hásteins og sáu þeir Ingólfur og Leifur að hag sínum væri betur borgið í nýju landi. Þar missti Atli bandamenn góða og stutt var í endalok veldis hans.

Þá er Haraldur konungur gekk til ríkis í Noregi og hann mægðist við Hákon jarl Grjótgarðsson, fékk hann Sygnafylki Hákon jarli mági sínum, er Haraldur konungur fór í Vík austur. En Atli jarl vildi eigi af láta ríkinu, áður hann fyndi Harald konung. Jarlarnir preyttu þetta með kappi og drógust að her. Þeir fundust á Fjöllum í Stafanessvagi og börðust; þar féll Hákon jarl, en Atli varð sár og fluttur í Atley; hann dó þar úr sárum.

Eftir það hélt Hásteinn (son hans) ríkinu, þar til er Haraldur konungur og Sigurður jarl drógu her að honum. Hásteinn stökk þá undan og brá til Íslandsferðar. Hann átti þóru Ölvisdóttur; Ölvir og Atli voru synir þeirra.

Hásteinn skaut setstokkum fyrir borð í hafi að fornum sið; þeir komu á Stálfjöru fyrir Stokkseyri, en Hásteinn kom í Hásteinsund fyrir austan Stokkseyri og braut þar. Hásteinn nam land milli Rauðár og Ölfusár upp til Fyllarlækjar og Breiðamýri alla upp að Holtum og bjó á Stjörnusteinum og svo Ölvir son hans eftir hann; þar heita nú Ölvisstaðir. Ölvir hafði landnám allt fyrir utan Grímsá, Stokkseyri og Ásgautsstaði, en Atli átti allt milli Grímsár og Rauðár; hann bjó í Traðarholti. Ölvir andaðist barnlaus; Atli tók eftir hann lönd og lausafé; hans leysingi var Brattur í Brattsholti og Leiddólfur á Leiddólfssstöðum.

Atli var faðir Þórðar dofna, föður Þorgils Örrabeinsstjúps. Hallsteinn hét maður, er fór úr Sogni til Íslands, mágur Hásteins; honum gaf hann ytra hlut Eyrarbakka; hann bjó á Framnesi. Hans son var Þorsteinn, faðir Arngríms, er veginn var að fauskagrefti, hans son Þorbjörn á Framnesi.

Ennfremur segir í Landnámu:

Björn buna hét hersir ágætur í Noregi, son Veðrar-Gríms hersis úr Sogni; móðir Gríms var Hervör, dóttir Þorgerðar Eylaugsdóttur hersis úr Sogni.

Frá Birni er nær allt stórmenni komið á Íslandi; hann átti Vélaugu. Þau áttu þrjá sonu; einn var Ketill flatnefur, annar Hrappur, þriðji Helgi; þeir voru ágætir menn, og er frá þeirra afkvæmi margt sagt í þessi bók.

Í ljósi þessa og þess að landnám Ingólfs byggist að því er virðist af vinum og sveitungum Ingólfs og hins að Hásteinn, sonur Atla jarls á Gaulum og hans fólk, nemur stóra hluta Árnessýslu og Rangárbings ytra, er ljóst að við erum hér komin að leita rótanna.

Í Hrífudal mætti okkur óvænt móttökunefnd heima-



Kjell Ask miðlar sýn heimamanna í Hrífudal á söguna bak við landnám Íslands. Kristján Baldursson, Gísli Karel Halldórsson og Hans Fredrik Lauvstad fylgjast með af áhuga.

manna. Í broddi fylkingar voru bændur á samnefndum bæ, Kjell Ask og Petra kona hans, sem er fædd og uppalin á staðnum. Þau buðu upp á kaffi og ljúffengt bakkelsi og Kjell miðlaði af sínum fróðleik um hin sögulegu tengsl. Var engu líkara en landnámsmenn hefðu verið samtímamenn og við værum nákomnir ættingjar, svo lifandi eru frásagnir heimamanna á Fjöllum sem tala mállýsku sem líkist íslensku og er því sem lifandi staðfesting á skyldleika þjóðanna.

Upp af vörinni í Hrífudal gat að líta bautastein og var okkur sagt að Ingólfur hafi reist steininn áður en hann hélt til hafs. Frá bautasteininum er svo steinsnar að stytta Einars Jónssonar af Ingólfi Arnarsyni, sem er gjöf Íslendinga til Norðmanna. Bjarni Benediktsson, páverandi dómsmálaráðherra og síðar forsætisráðherra, afhenti gjöfina við hátíðlega athöfn í Hrífudal þann 17. september 1961.

Berit Gjerland minjavörður, sem fengin var til að fræða okkur um staðinn, var öllu varfærnari í sinni sögutúlkun. Hún benti á að ekkert hefði fundist við fornleifagröft sem staðfest gæti sannleiksgildi sögunnar um að upphaf landnáms Íslands mætti rekja til þessa staðar og benti á að bautasteinninn, sem oft væri nefndur sem sönnun þess, væri eldra fyrirbæri eða frá 5. eða 6. öld. Það yrði því enn um sinn að meta sannleiksgildi fornþókmenntanna með það í huga að þær voru varðveittar sem munnmælasögur



Bautasteinninn við lendinguna í Hrifudal.

í nokkrar kynslóðir áður en þær voru skráðar. Ekki var laust við að neistaði á milli hennar og heimamanna sem lifðu sig inn í söguna eins og við þekkjum svo vel í eigin ranni.

Við kvöddum þetta góða og velviljaða frændfólk okkar og héldum til Dale, sem er lítill bær í Fjalarsveit. Á Klokkargarden (Hringjarabæ) fékk hópurinn hressingu og fræddist m.a. um Jakob Sande (f. 1. desember 1906, d. 16. mars 1967), rithöfund og vísnamann. Vísur hans hafa notið vinsælda sem söngtextar og halda minningu hans við, sérstaklega á heimaslóð. Í Dale var lengi starfrækt tunniverksmiðja Hovland & Rakneberg. Roald Hovland fræddi okkur um sögu verksmiðjunnar, sem seldi sildartunnur m.a. til Íslands. Sagðist hann aldrei hafa tapað á viðskiptum við Íslendinga og bar þeim samskiptum vel söguna. Fengum við að sjá stutta heimildarmynd um starfsemina en verksmiðjan brann til kaldra kola og hefur ekki verið endurreist.

Frá Klokkargarden var haldið á slóðir Gaulverja og hins forna höfuðbýlis Osen við botn Dalsfjarðar og ósa Gaulaárinna, sem er þekkt sem góð laxveiðiá, enda vatnasviðið skógi vaxið fram á bakka árinna. Osen, eða Ós, hefur verið í eigu Mo-ættarinnar síðan 1880. Þar tóku á móti okkur hjónin Olav Johan Mo og Unn Karin Kleppe og fræddu okkur um búskapinn en þarna er meðal annars eitt elsta fjós sem enn er í notkun í gervöllum Noregi. Við vorum leidd að

víkingagröf sem hafði verið skemmd og líklega rænd. Þar höfðu þó fundist við uppgröft hlutir úr sverði, silfurpeningar og perlur. Fleiri slíkir grafhaugar munu vera á landareigninni. Milli bæjar og ósasvæðisins hafði við fornleifagröft verið komið niður á skála einn mikinn, um 80 metra á lengd og eftir því breiðan, svo ljóst er að þar hefur verið aðsetur höfðingja. Ýmsar tilgátur eru um þarna hafi verið höfuðaðsetur Atla jarls, sem áður er getið, en einnig er talið að þarna hafi verið þingstaður og að Gulapíng hafi jafnvel verið Gaulapíng. Skipalægi var þarna afar gott og hægt um vik að vakta skipaferðir, sem var mikilvægt því óvinirnir komu jafnan af sjó. Á hinn bóginn voru siglingar auðveldasti ferðamáttinn milli byggðarlaga og landa. Per Kjelstad fræddi okkur um Gaularspelet sem byggir m.a. á þeim atburðum Íslendingasagna sem áður voru raktir og er sett upp á Ósi annað hvert sumar.

Frá Ósi var ekið stuttan spöl til vesturs en undir hlíðum Kvamshesten, sem einnig heitir Storehesten, búa skógfræðingarnir Merete Larsmon, sem er „fylkesskogmeister“ og Helge Kårstad á bænum Rytneunet. Þar stunda þau auk embættisstarfa jólatrjáárækt og ferðapjónustu. Boðið var upp á ljúffenga víkingasúpu í uppgerðri hlöðu. Merete fræddi okkur um þeirra hagi og um jólatrjá- og greinarækt, en greinar eru ekki síður mikilvæg tekjulind og leggja þau mest upp úr ræktun á eðalpin (*Abies procera*). Helge fjallaði um samstarfsnefnd skógarmanna á strandsvæðum í Noregi og mikilvægi þess að byggja upp innviði, s.s. veganet, hafnar- aðstöðu og úrvinnsluiðnað. Eftir þessa ánægjulegu og mettandi stund gafst tóm til að skoða gisti- aðstöðu sem hafði verið haganlega komið fyrir í gömlum bjálkahúsum, sem sum hver voru gömul útihús. Að lokum var litið við í reit með jólatrám sem átti að fara að fella og endurnýja. Frá Rytne var stefna tekin til norðvesturs til Florø um Førde, og Eikarfjörð og gist á Quality Hotel Florø næstu tvær nætur.

Þriðjudagur 02.09

Þegar komið var til Florø vakti nokkra undrun hvað skógurinn er vöxtulegur svona alveg út í skerjagarðinum. Á það jafnt við um sjálfsprotna skóginn og þann ræktaða sem setur talsverðan svip á umhverfið. Þar ræður þó nokkru nálægðin við gróðrarstöð gestgjafa okkar (Skógræktarfélag Sogns og Fjarða) sem vafalítið hefur haft talsverð áhrif á nærsamfélagið auk þess sem hún sá öllu fylkinu fyrir plöntum. Dagskráin hófst á göngu frá hótelinu sem var niður við höfnina



Höfuðbólið Osen.

og upp í bæjarskóginn sem er í ás þar fyrir ofan. Þetta er ræktaður skógur af ýmsum trjategundum sem við þekkjum vel héðan frá Íslandi. Sitkagrenið er farið að mynda glæsilegan skóg, bergfura hafði verið notuð á rýrustu stöðunum og síðan skipt út þegar hún var búin að búa í haginn fyrir aðrar tegundir. Þar gaf að líta vöxtuleg tré og lundi af eðalþin, marpöll, evrópulerki og degli (*Pseudotsuga menziesii*). Þarna er gamalt miðlunarlón fyrir vatnsrafstöð og góður göngustígur meðfram vatninu öðru megin en torfærari hinu megin og um skotæfingasvæði að fara, sem á að flytja og lagfæra stíginn í kjölfarið. Þarna er sem sagt flottur útivistarskógur í augnabliks fjarlægð frá bænum og íþróttamiðstöðin alveg upp við skógin. Það fór ekki milli mála að íbúar strandbæjarins kunnu að meta þessa aðstöðu við bæjardýrnar og notuðu hana óspart.

Næst var okkur boðið af heimamönnum að skoða strandsafnið í Florø og var þar rakin fyrir okkur saga bæjarins, sem fór að byggjast upp sem síldarbær um miðja nítjándu öld. Nú er þjónusta við olíuborppallana fyrirferðarmikil auk ferjusamgangna, útgerðar og þjónustu við nærsveitir. Íbúafjöldi bæjarins er tæplega níu þúsund. Safnið spannaði vel þessa sögu. Þarna eru gamlir bátar varðveittir og verkfæri tengd útgerð. Skyggst er inn á gömul heimili og gamlar myndir sýna þróun bæjarins og bæjarlífið frá ólíkum tímabilum. Einnig eru þarna líkön af helstu olíuborppöllum Norðmanna og sýnt á myndrænan hátt hvaðan olían kemur, úr fornum skógum sem sukku



Árni Þórólfsson virðir fyrir sér stærðarinnar eðalþin í bæjarskóginum á Florø.

til sjávar og setlög lögðust yfir og þrýstingur, tími og hiti umbreyttu skógum og öðrum lífrænum efnum m.a. í olíu og gas. Heimsóknin endaði á frjálssu vali



Vikingsúpa snædd í hlöðunni á Rytnetunet.



Guðmundur Pálsson; Kristján Baldursson, Þórunn Kristinsdóttir og Gísli Tryggvason gróðursetja sitkagrenibelti á Brandsöy.

um að fara í gegnum almyrkvaða rýmingaræfingu þar sem skriða þurfti um rangala til að komast út.

Boðið var upp á ljúffengt smurt brauð sem Perdy

Saure, kona Sveins, útbjó ásamt ósviknu ketilkaffi í gróðrarstöð gestgjafanna að Brandsöy og síðan haldið út í skóginn umhverfis gróðrarstöðina, þar sem ýmsar trjátegundir hafa verið gróðursettar í gegnum tíðina, m.a. skoðuðum við marpöll, eðalpin, risalífvið og fagursýprus sem þrifust vel. Þennan seinnipart rigndi nokkuð en undir krónupaki skógarins urðum við ekki mikið vör við það enda hlýtt í veðri. Undir lok skoðunarferðar gróðursettum við röð af sitkagreni sem skerma á af golfvöll sem verið er að útbúa á landi Skógræktarfélagsins á Brandsöy. Um kvöldið var hópnun svo haldin dýrleg veisla í rekstrarbyggingu gróðrarstöðvarinnar. Þau Anne Lise Lauvstad, Ingvar Åberge, Svein Saure og dóttir hans Reidun elduðu ljúffenga hjartarkjötssúpu með grænmeti og kartöflum. Svein er reyndur hjartarveiðimaður og lagði til kjötið í súpuna og auk þess bauð hann upp á ljúffengan heimalagaðan mjöð en við lögðum til „svartadauða“ og birkisnafs. Hans Lauvstad hafði skorið út snafsabolla úr birki, gráelri og furu handa öllum til eignar, flotta minjagripi góðra daga.

Nokkrir af þeim sem voru í Íslandsferðinni 2012 voru með í veislunni og flutti Olai Tefre, fyrrverandi formaður Skógræktarfélagsins, skemmtilega hugvekju um upplifun sína af Íslandi. Sagðist hann meðal annars oft liggja vakandi og hugsa um þessa endalausni viðáttu með grjóti og aftur grjóti, illa fögnu og gróðursnauðu landi. Augljóst væri að ekki væri þetta hið náttúrulega ástand heldur afleiðing ellefu hundrað ára rányrkju á landinu. Kvaðst hann finna



Flokkunarlína í nýju sögunarmyllunni í Innrihúsum.

til sektarkenndar vegna frændsemi við þá er landið byggja. Ljóni punkturinn hefði verið að sjá og upplifa þessa fáu, smáu en vöxtulegu skóga sem gæddu landið lífi á ný og þá virðingu, umhyggju og áhuga fyrir skógunum sem þau höfðu orðið áskynja í ferð sinni.

Eftir herlega máltíð, mjöð og svolítinn svartadauða, gerðust gestir söngglaðir enda sönghefti með íslenskum og norskum söngvum með í för ásamt dugandi söngstjórum. Ekki vafðist fyrir gestgjöfum að taka undir íslensku lögin frekar en okkur að syngja þau norsku, meðal annars *Skogsangen* sem Hans Fredrik Lauvstad samdi texta við ásamt Erling Eide og sönglög Jakobs Sande, sem áður er getið.

Miðvikudagur 03.09

Við kvöddum Floró í fallegu veðri og nú var ferðinni heitið til Nordfjord. Eftir tæplega klukkustundar akstur var komið til Innrihúsa (Indrehus) við fjörðinn Midtgulen. Þar hefur verið rekin sögunarmylla síðan á 15. öld. Hún var lengi vatnsdrifin. Sú sem við skoðuðum var hinsvegar alveg ný og enn verið að standsetja. Hún er í eigu Indrehushjóna, sem tóku á móti okkur og sonar þeirra, sem vinnur á olíuborpalli en á löng frí á milli sem hann notar til að smíða og setja saman vélasamstæður. Allt var þetta einstaklega haganlega gert og óvenju fullkomin verksmiðja fyrir að vera fjölskyldufyrirtæki.

Þarna var fullkomin þurrkklefi og nýr viðlegukantur og timburmóttaka. Áfram var ferðinni haldið eftir að hafa þegið kaffi og bakkelsi hjá þeim hjónum frá Innrihúsum.

Eftir um klukkustundar akstur tókum við ferju frá Isane til Stårheim og ókum þaðan til Eid, þar sem tók



Jón Zimsen og Svein Saure sigla yfir Nordfjord undir blaktandi norskum fána.

á móti okkur Roald Drage, skógarbóndi og sögunarmyllueigandi. Roald sýndi okkur hvernig hann sagar gilda stokka en sögin hans er sömu gerðar og sú sem Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur keypt og gert sem nýja. Auk þess var hann með stóra keðjusög á ramma til að kanta sverustu stökkanna. Í Eid hittum við einnig Ingebrigt Nes Hjelle, skyldmenni Torgeir Anderssen-Rysst, fyrrum sendiherra Norðmanna á Íslandi og mikinn velgjörðarmann íslenskrar skógræktar, og rakti hann sögu hans, en Eid er fæðingar- og uppvaxtarstaður Torgeir.

Frá Eid var haldið til Skredestranda, Skriðustrandar, við suðurströnd Hornindalsvatns, sem er dýpsta vatn Evrópu (514 m). Þar tóku á móti okkur fulltrúar félags skógareigenda og buðu upp á smurt brauð, drykki og ketilkaffi. Jakob Hammer, varaformaður félagsins og Ingunn Kjelstad, skógfræðingur og framkvæmdastjóri samtakanna, fræddi okkur um starfseminu. Eftir að hafa notið veitinganna fengu allir hjálm á höfuðið og haldið var upp í bratta hlíðina undir leiðsögn Torggrim Østgård til að sjá hvernig skógarhögg gengur fyrir sig í snarbrattri hlíð þar sem stutt er á harða klöppina. Vegna rafliðu var ekki í boði að nota timburlyftu (slepebane, ekki ósvipað skíðalyftu). Því var brugðið á það ráð að nota beltagröfu sem lagaði slóða fyrir skógarhöggsvél og útkeyrsluvél og var til aðstoðar. Timburverð er lágt nú um stundir en rekstrarkostnaður er hár við þessar aðstæður og því ekki mikið sem verður eftir hjá skógareigandanum.

Frá skógarhöggi í Skredestranda var stefnan tekin á náttstað, Skei Hotel í Jølster sem er við suðvesturjaðar Jostedal-jökuls, stærsta jökuls í Noregi. Tekin var ferja yfir Hundvikfjorden frá Lote til Anda og ekin hin stórbrotna leið vestan jökla.



T.v. Magnús Gunnarsson fylgist með Roald Drage fletta utan af greniból sem var of sver fyrir hjólsögina. T.h. Ingebrigt Nes Hjelle segir frá Torgeir Anderssen-Rysst, fyrrum sendiherra Norðmanna á Íslandi og miklum velgjörðarmanni íslenskrar skógræktar. Sigríður Erla Elefsen, Laufey B. Hannesdóttir og Björn Sigurbjörnsson fylgjast með.

Fimmtudagur 04.09

Frá Skei var stefnan tekin til Kaupanger og hófst dagskráin þar á skoðunarferð um Amlaskogen, þar sem eigandinn, Gjert Heiberg, skólabróðir Jóns Loftssonar skógræktarstjóra frá Landbúnaðarháskólanum á Ásí, leiddi okkur um skóginn. Í Innra-Sogni ber skógurinn neiri svip af meginlandsloftslagi og stór hluti af hinum 1500 hektara Amlaskogen er furuskógur af góðum gæðum og vöxtur nálægt 17 metrum við 40 ára aldur. Þarna hafði einnig verið gróðursett eðalþinur og marpöll, degli og evrópulerki, sem þrífust vel. Aðaltekjurnar af skóginum þessi árin eru af veiðum á hjartardýrum og skógarfuglum. Á eigninni er um 900 metra hár fjallstoppur svo þarna eru bæði fjalla- og lyngríjúpa. Vegna hins lága timburverðs nú er skógurinn látinn standa og renta sig. Á eigninni eru nokkur sumarhús til útleigu. Dóttir Gjert, sem einnig er skógræðingur, hefur nú tekið yfir eignina en var upptekin við berjauppskeruna þennan dag. Gjert sýndi okkur einnig gamlar kolagrafir og rústir af hlöðnum steinveggjum þar sem tjara var soðin úr furu.

Frá Amlaskogen var haldið til annars höfuðbóls, Kaupanger Hovedgård, þar sem okkur var boðið til hádegisverðar í gömlu fjárhúsi á jörðinni, sem hefur lengi verið í eigu Knagenhjelm ættarinnar. Þar tóku á móti okkur hjónin Christen og Randi Knagenhjelm og sonur þeirra Christoffer. Hann er fornleifafræðingur og nú veitingamaður í þessu huggulega húsi við hlið stafkirkju sem tilheyrir eigninni. Eftir matinn sýndi Christen okkur kirkjuna og rakti sögu hennar



en talið er að hún sé byggð um 1137. Klukkan frá 12. öld hanga nú í kirkjuturninum og var áhrifaríkt að heyra hljóma frá 12. öld í þessari mögnuðu stafkirkju. Christen kunni margar skemmtilegar sögur sem verða ekki raktar hér. Að síðustu var öllum boðið upp að altarinu og hópurinn myndaði kór sem söng fyrir gestgjafann.

Einn af forfeðrum Christen, Joachim de Knagenhjelm (f. 1727), réðst eftir embættispróf í lögfræði frá Hafnarháskóla til stiftamtmannsins í Bergenhus-stifti sem spannaði yfir það sem nú er Hörðaland, Sogn- og Fjarðafylki og Suður-Mæri, auk þess að hafa eftirlit með Norður-Noregi. Joachim náði því í gegn að fylkinu var skipt í norður- og suðurfylki og norður-hlutinn varð síðan að Sogn- og Fjarðafylki og Suður-Mæri. Hann er því talin faðir Sogn- og Fjarðafylkis. Knagenhjelm var aðalsætt þar til aðalstign var afnumin í norskum lögum, trúlega árið 1821.

Auður og áhrif ættarinnar er þó rekin til hinna ríku furuskóga og vinnslu og sölu viðarafurða á miðöldum. Furan innst í Sognarfirði var eftirsótt til húsagerðar og nær fullvíst að bjálkar frá Kaupanger séu til að mynda í gömlum tréhúsum Björgvinjar og jafnvel á Englandi og víðar um lönd.

Eftir kirkjuferð var gengið um frægarð af rauðgreni



F. v. Árni Þórólfsson, Ingunn Kjelstad og Torgrim Østgård á skógarhöggsslóða.



Gengið um Amlaskogen.

sem er þarna á landareigninni. Efniviðurinn er úrvalstré víða frá Noregi og hefur hann gefið af sér gott fræ sem Svein Saure mælti með að yrði prófað á Íslandi en nú er beðið eftir næsta góða fræári og þá á að fella mest af trjánum og safna könglum og setja upp frægarð á nýjum stað. Einnig er þarna frægarður með blágreni, sitkagreni, eðalpin og fjallapín. Ekki vannst okkur tími til að skoða þá nema úr fjarska né heilsa upp á hæstu tré Noregs, tvo risapíni (*Abies grandis*) á landareign Knagenhjelm. Þeir voru mældir árið 2010 og voru þá 47,0 og 47,2 metrar að hæð og gætu því verið komnir um og yfir 50 metra. Talið er að þeir hafi verið gróðursettir árið 1942. Þess í stað var okkur boðið í síðdegiskaffi í blíðskaparveðri fyrir utan fjárhúsið forna sem áður var getið. Kvöldum við hina aðalsbornu og alúðlegu gestgjafa og héldum til Balestrand og Kviknes Hotel.

Hótelíð er ein stærsta timburbygging í Noregi, alls 8000 m² og hið glæsilegasta þar sem það rís upp frá Sognarfirði. Það var valið besta sögulega hótelið við vatn árið 2014 af samtökum sögulegra hótela í Evrópu. Sigurd Kvitne hóteltjóri rakti fyrir okkur sögu hótelsins en langafi hans byggði það upp á þeim tíma sem Sognarfjörður fór að verða vinsæll viðkomu- og dvalarstaður efna- og valdafólks víða frá Evrópu. Vilhjálmur II Þýskalandskeisari dvaldi þar langdvölum á sumrin með mikinn herskipaflota. Hann var mikill vinur norska málarsins Hans Dahl og dvaldi hjá honum á Balestrand löngum stundum. Á hótelinu hefur varðveist stóllinn sem Vilhjálmur II er sagður hafa setið í þegar hann fékk skilaboðin sem leiddu til þess að hann hraðaði sér heim á leið til að hefja fyrri heimsstyrjöldina fyrir réttum 100 árum. Annars eru mytur um atburðarásina margar og misvísandi. En eftir því sem næst verður komist þá mun keisarinn hafa siglt út Sognarfjörð með hraði í þann mund er svarfrestur Austurrísk-ungverska keisaradæmisins til Serbíu rann út kl. 18 þann 25.

júlí 1914. Sagt er að kyndarar flotans hafi kynnt vélar flotans svo ákaft að svart ský hafi legið yfir innanverðum Sognarfirði.

Málverk eftir Hans Dahl og fleiri þekktu málara prýða veggj hótelsins, sem er sem fyrr segir allt hið glæsilegasta. Gestgjafar okkar héldu okkur kveðjuhóf í matsal hótelsins. Þar komum við á framfæri okkar bestu þökkum fyrir höfðinglegar móttökur og áréttuðum heimboð til Íslands og ljóst er að vandi er á höndum eftir slíkar móttökur. Við gerðum orð Þormóðs Kolbrúnarskálds að okkar, „*Vel hefir konungurinn alið oss. Feitt er mér enn um hjartarætur.*“

Fram kom í máli ónefnds heimildarmanns að nokkur munur væri á karaktereinkennum fólks milli byggðarlaga innan fylkisins. Fólk frá Nordfjord væri líkt og fólk frá Suður- Mæri með mikla hæfileika í viðskiptum og að skapa peningaleg verðmæti úr hlutunum. Jafnframt væri þjóðrækni áberandi. Fólk frá Sunnfjord væri þekkt fyrir að fara sér hægt og á seigluinni. Þar væri gjarnan talað í úrtöluhætti sem gæti valdið misskilningi fyrir utanaðkomandi. Sunnfirðingar gera ekkert án þess að borða fyrst og eru menn lífsnautna og lista. Helstu listamenn fylkisins í nútíma, Jakob Sande og Nikolai Astrup, eru einmitt Sunnfirðingar. Íslendingar væru að stórum hluta Sunnfirðingar með innblöndun frá Þelamörk og miðað við þessi stuttu kynni á Íslendingum taldi heimildarmaður okkar að þetta gæti vel passað.

Sognarbúar eru miklir fyrir sér og geðsveiflur miklar. Sagt er að því innar sem farið er um Sogn því meira gefandi verði fólkið og nái sá eiginleiki hámarki í Lærdal.

Föstudagur 05.09

Heimfarardagur

Dagurinn var tekinn snemma og ferja tekin frá Dragsvik til Vangsnes. Með í för var Ingvar Åberge og leiðsagði hann okkur á íslensku og fórst það vel úr hendi.



Stafkirkjan í Kaupanger. Byggingarár er talið vera 1137.



F. v. Árni Þórólfsson, Dóra Sigfúsdóttir, Anne Lise Lauvstad og Hans Fredrik Lauvstad, okkar glæsilegu gestgjafar, ganga til kveðjukvöld-verðar.

Pegar við nálguðumst innsiglinguna blasti við hin risavaxna stytta af Friðþjófi hinum frækna sem segir af í einni af Fornaldarsögum Norðurlanda sem varðveittist í íslensku handriti frá 13. öld. Sagan gerist í Sogni og Vilhjálmur II, sem var mjög upptekinn af norrænum hetjusögum, gaf norsku þjóðinni styttuna risavöxnu.

Leið okkar lá yfir Vikafjell (988 m.y.s.) hvar sauðfjárhald er talsvert sem gerir það að verkum að skóglaut er á toppnum þótt áhrif ofbeitar gangi ekki eins langt og víðast hvar á láglendi Íslands.

Parna eins og víðar í Sogni og Fjörðum eru vatnsaflsvirkjanir sem lítið fer fyrir enda mest neðanjarðar og virkjanalón eru vegna landslags ekki víðfeðm.

Við höfðum stutta viðkomu í Voss á Hörðalandi og kvöddum þar Ingvar leiðsögumann okkar. En allir náðu til „skips“ á Flesland Lufthavn. Segir ekki meir af ferðum okkar um slóðir forfeðranna. Fari svo ólíklega að þessi ferðasaga varðveittist í þúsund ár er víst að véfengt verður hvort ferð þessi hafi nokkurn tíma verið farin eða hvort nafngreindir menn hafi nokkurn tíma verið til.

Þakkarorð:

Eftirtaldir aðilar styrktu höfðinglegar móttökur: Fylkesmannen i Sogn og Fjordane, landbruksavdelinga, Sogndal kommune, Gaular kommune, Røiseths legat, Yttris legat, Sundes legat, Sogn og Fjordane Forstmansforening og Sogn og Fjordane Skogeigarlag. Auk þess lagði Skógræktarfélagið í Sogni og Fjörðum í ómældan kostnað og fyrirhöfn við undirbúning og móttökur. Fyrir þetta er þessum aðilum og öllum þeim tóku á móti okkur og gerðu ferðina ógleymanlega færðar bestu þakkir.

Árna Þórólfssyni, Hans Fredrik Lauvstad, Ingvar Åberge og Svein Saure er þakkað fyrir veittar upplýsingar og Ragnhildi Freysteinsdóttur fyrir yfirlestur.

Höfundur: EINAR GUNNARSSON

Heimildir:

Bergens skog og træplantningsselskap. á.á. Granene i Bergens Naturpark – Ikke bara gran! Af vefsíðu október 2014: http://www.byfjellskogene.no/bergen_naturpark/granene_i_naturparken/.

Fjordkysten AS. á.á. Fjordkysten & Sunnfjord. Af vefsíðu október 2014: <http://www.fjordkysten.no/en/Product/?TLp=269069>.

Hans Fredrik Lauvstad. Munnleg heimild. 2014.

Ingvar Åberge. Munnleg heimild. 2014.

NRK. 2009. Kaupanger Hovedgård. Af vefsíðu október 2014: http://www.nrk.no/sf/leksikon/index.php/Kaupanger_Hovedgård

NRK. 2009. Osen gard. Af vefsíðu október 2014: http://www.nrk.no/sf/leksikon/index.php/Osen_gard

Rytne. á.á. Rytne. Af vefsíðu október 2014: <http://rytne.no>.

Snorri Sturluson. Egils saga. Af vefsíðu október 2014: <http://www.snerpa.is/net/isl/egils.htm>.

Snorri Sturluson. Heimskringla. Af vefsíðu október 2014: <http://www.snerpa.is/net/snorri/heimskri.htm>.

Stiftelsen Bryggen. á.á. Bryggens historie. Af vefsíðu október 2014: <http://stiftelsenbryggen.no/verdensarven-bryggen/bryggenshistorie/>.

Sturla Þórðarson. Landnáma (Sturlubók). Af vefsíðu október 2014: <http://www.snerpa.is/net/snorri/landnama.htm>.

Svein Saure. Munnleg heimild. 2014.

Thing Sites International Networking Group. 2014. Gulatinget, Norway. Af vefsíðu október 2014: <http://www.thingsites.com/thing-site-profiles/gulating-norway>.

Þorgrímur Gestsson. 2003. Ferð um fornar sögur. Noregsferð í fótspor Snorra Sturlusonar. Hið Íslenska bókmenntafélag, Reykjavík. 232. bls.



Evrópulerki í Hólavallagarði. Mynd: BÞ

Trjávernd í þéttbýli

Á Íslandi er að finna mikinn fjölda fallegra og sögufrægra trjáa sem plantað var í lok 19. aldar og fram á miðja 20. öld. Þessi gömlu tré hafa mikið gildi fyrir umhverfið og mannfólkið. Þau hafa ekki einungis skapað fallegra umhverfi og skjól gegn nöprum vindum, heldur eiga þau sér einnig merka sögu, bæði hvað varðar uppruna þeirra, fólkið sem plantaði og hlúði að þeim og staðina sem þau vaxa á. Einnig er til gnótt yngri trjáa sem eru ekki síður merkileg en þau gömlu. Trjátegundir sem menn hefðu áður talið ómögulegt að rækta á svo norðlægum stöðum hafa skotið rótum í gördum bæja og dafna þar vel í ljósi hlýrra veðurfars og vegna skjólmyndunar bygginga og eldri trjáa.

Á höfuðborgarsvæðinu eru tré þessi ekki eingöngu í gamla bænum heldur leynast þau vítt og breitt. Elsta tré í borginni er silfurreyrininn í Fógetagarðinum við Aðalstræti. Í Landfógetagarðinum við Lækjartorg (öðru nafni Hressingarskálagarðurinn) er að finna gamlan silfurreyni á svipuðum aldri og sá sem er í Fógetagarðinum og gljávíðir líklega frá því um 1900. Víðsvegar um borgina má svo sjá merk tré í einkagörðum og í sumum hinna minni almenningsgarða. Eftir að Gróðrarstöð Einars Helgasonar tók til starfa árið 1903 jókst trjárækt í borginni til muna og sú aukning hefur alið af sér mörg merk tré. Frá þessum tíma er nokkuð af gömlum trjám af afar fágætum tegundum á Íslandi. Þar á meðal eru fjögur hestakastaníutré, blæspir, blóðbeyki og skógarbeyki. Einnig má nefna garðahlyn og silfurreyni, sem og gömul álmtaré og aska. Af gömlum barrtrjám er

fremur fátt og eru þau elstu hálfgerðar kræklur sem standa við Laufásveg. Gömul barrtré sem eru stæðileg í dag eru flest frá því eftir 1950, er farið var að safna fræjum í Alaska. Helst eru þetta sitkagreni. Einnig mætti nefna aska og beyki í garðinum á Laufásvegi 43 en trén eru talin vera frá því skömmu fyrir 1930 og einnig eru glæsileg lerkitré í garði við Brúnaveg. Þá má sjá áhugaverð tré víða í gamla bænum, í eldri hverfum t.d. Blesugróf og í Vogahverfinu við leikskólann Steinahlíð en í þeim síðastnefnda má finna sérkennileg víðitré af tveimur tegundum, þingvíði og vesturbæjarvíði. Í kirkjugarðinum við Suðurgötu eru nokkur merk tré en það tré sem ávallt vekur mesta athygli er lævirkjatréð eða stóra evrópulerkið sem er um miðbik garðsins. Í grasagarðinum í Laugardal eru einnig allmörg merk tré, t.d. kóreugreni, marþöll, gömul evrópulerki, kirsuberjatré og næfurheggur ásamt gráösp og fjallarþöll.

Það er ljóst að ákveðin hættu steðjar að trjám í þéttbýli eftir því sem trén hækka, bæir þenjast út og byggð þéttist. Trén sem áður voru skjólmyndandi yndisauki eru allt í einu farin að skyggja á sólina og útsýnið. Fólk hefur því ýmsar ástæður til að fella tré. Trjáfellingar falla undir byggingarreglugerð og sem dæmi má nefna að í Reykjavík er óheimilt að fella tré sem eru eldri en 60 ára og/eða hærri en 8 metrar nema með sérstöku leyfi borgaryfirvalda. Til að fá að fella slík tré þarf því að sækja um leyfi til umhverfisviðs borgarinnar. Leyfið er fremur auðsött ef um algengar trjátegundir er að ræða og tré sem ekki eru talin hafa sérstakt gildi (t.d. vegna sögu sinnar eða



Silfurreynir í Fógetagarðinum. Mynd: BP

sérstöðu). Viðurlög við því að brjóta þessar reglur eru hinsvegar engin og það sem meira er, trjáfellingar hafa verið að færast mjög í vöxt á síðustu árum. Á síðustu árum hefur það æ oftar komið upp að ágreiningur um trjárækt veldur vandræðum. Þannig er skemmst að minnast mikilla, ólöglegra trjáfellinga íbúa við Rituhóla í Reykjavík í maí 2013 þegar um 200 tré voru felld og klippt var ofan af fleiri trjám. Ástæða íbúanna var að þeir töldu tré borgarinnar byrgja útsýni. Borgaryfirvöld kærðu málið til lögreglu vegna eignaspjalla en síðar var fallið frá kærinni og bótakröfum og það varð að samkomulagi á milli borgaryfirvalda og íbúanna að þeir síðarnefndu borguðu skaðabætur til borgarinnar, plöntuðu nýjum trjám, tækju að sér hreinsun og fegrun á svæðinu og að endingu að þeir hefðu eftirlit með umgengni á umræddu svæði.

Þá urðu tvö grenitré á lóðamörkum tveggja húsa við Víðihvamm í Kópavogi að fréttafni árið 2013. Hin 18 metra háu tré voru felld samkvæmt dómsúrskurði frá Hæstarétti eftir áralangar nágrannaerjur vegna þess að trén skyggðu á pall nágrannans. Eigandi trjáanna, sem var alfarið mótfallinn fellingunni þeirra, taldi að kostnaður sinn vegna málsins hlypi á meira en fjórum milljónum króna.

Niðurstaða deilna um 106 ára gamlan silfurreyni sem vex við Grettisgötu 17 hlaut öllu farsælli endalok

nú á haustdögum. Borgarstjórn Reykjavíkur hafði áður samþykkt að tréð yrði fellt vegna hótélbyggingar en íbúar í hverfinu risu upp trénu til varnar. Stofnuð var Facebook síða vegna málsins og fjöldi borgarbúa mótmælti deiliskipulaginu sem leyfði trjáfellinguna. Umhverfis- og skipulagsráð borgarinnar tók um síðir mótmæli borgaranna til athugunar og var ákveðið að tréð fengi að standa. Einnig höfðu þessi mótmæli vegna gamla silfurreynisins þau áhrif að skipulagsráð borgarinnar hefur ákveðið að endurskoða það hvernig breytingar á deiliskipulagi eru tilkynntar íbúum.

Þessi þrjú dæmi lýsa kannski í hnotskurn þeim vanda sem trjárækt í þéttbýli stendur frammi fyrir. Fyrsta dæmið úr Rituhólum er sérstakt vegna þess að þar flokkast trjáfellingarnar sem íbúar framkvæmdu ólöglega undir eignaspjöll. Þetta dæmi er sérstakt vegna þess hve sjaldgæft er að fólk felli tré í eigu annarra. Þetta gerir það einnig að verkum að trjáfellingarnar falla undir annan refsiramma, þ.e. spjöll á annarra eignum en slíkt varðar 1. mgr. 257. gr. hgl., sektir eða fangelsi allt að tveimur árum.

Felling grenitrjána í Víðihvamm er dæmi um vanda- mál sem verður æ algengara. Fólk plantar litlum trjám við lóðamörk og 50 árum síðar eru trén orðin gríðarstór og varpa skugga á lóðir íbúanna sjálfra sem og nágranna. Það þekkist til dæmis að fólk í sama húsi lendi í erjum við nágranna sína vegna mis-



Viðir í Landfógetagarði. Mynd: BP

jafnra skoðana á trjárækt í sameiginlegum gördum.

Silfurreynirinn við Grettisgötu er svo dæmi um breyttar þarfir vegna uppbyggingar og breytinga á deiliskipulagi hverfa. Þá eru trén látin víkja fyrir nýbyggingum, vegagerð o.s.frv.

Hér vantar fjórða dæmið sem er þó að öllum líkindum algengast þegar kemur að trjáfellingum í þéttbýli en það eru tré sem húseigendur fella í eigin gördum, og uppfylla skilyrðin að vera orðin 60 ára og/eða hærri en 8 metrar, án þess að hafa til þess tilskilin leyfi. Ástæðurnar geta verið margvíslegar; þær geta lotið að nýjum eigendum á garði með stórum trám sem þekkja ekki sögu trjáanna og er alls ókunnugt um mismunandi trjátegundir. Tré stækka með aldrinum og geta orðið býsna umfangsmikil en tískusveiflur síðustu ára valda því að fólk er ekki eins hrifið af stórum trám. Fólk er einnig oft ókunnugt um reglurnar sem gilda um fellingar á trám, t.d. í Reykjavík. En einnig hafa borist fregnir af einstaklingum sem visvitandi fella tré án leyfis og þá í skjóli þeirrar vissu að óhætt væri að fella hin merku tré vegna þess að enginn refsiramma væri til staðar vegna slíkra brota. Eins hefur borið nokkuð á því að garðyrkjufyrirtæki hafa farið mjög óvarlega í umhirðu á trám t.d. með kollun trjáa eða fellingum þeirra. Stundum er um að ræða garðyrkjufyrirtæki þar sem starfar fólk sem hefur litla menntun á þessu sviði.



Gullregn á Bárugötu 3. Mynd: BP

Þegar tré eru kolluð er tréð sagað að ofan og stytt; almennt séð eru þetta hinar verstu limlestingar á trjánunum og ættu í raun ekki að þekkjast og má með réttu segja að þessi aðferð við að saga tré niður í ákveðnar stærðir sé þeim garðyrkjumönnum og garðyrkjufyrirtækjum til skammar enda aðferðinni beitt á fjölmörg tré sem alls ekki þola þessa meðferð. Trén eru limlest á hörmulegan máta og veslast svo smám saman upp. Sérstaklega ætti aldrei að beita kollun á gömul tré sem fengið hafa að vaxa upp án klippinga/snyrtingar. Hugsanlega ætti að láta slíkt falla undir sömu reglugerðir og snúa að trjáfellingu þar sem niðurstaðan er oft hægur dauðdagi trjáanna sem um ræðir.

En hvað er til ráða?

Það eru nokkrar leiðir sem hægt er að fara varðandi trjávernd í þéttbýli, svo sem skráning, rétt val trjátegunda, innleiðing refsinga vegna brota, verndun og aukin fræðsla. Hið fyrsta er að mikilvægt er að ganga frá skráningu á fágætum trám, trám sem njóta sérstöðu vegna fegurðar, mikilvægis í umhverfinu og sérstakrar sögu, svo að þessi tré verði friðlýst með sérstökum reglum sem ná lengra en hin almenna regla um aldur og hæð trjáa. Nú falla þrjú tré undir hverfisvernd í Reykjavík en þetta eru hlynur á horni Vonarstrætis og Suðurgötu, silfurreynir í Fógetagarði-



Blóðbeyki á Fossvogsvégi 4. Mynd: BP

num og álmur við Túngötu. Vel mætti hugsa sér að fleiri tré féllu undir hverfisvernd en einnig væri hugsanlegt að vernda merk, gömul tré með því að fella þau undir fornleifavernd. Mörg hús eru vernduð á þann hátt og kannski er eðlilegt að gamlir og grónir garðar og trén í þeim séu vernduð á sama hátt. Þá væri óskandi að refsiramma væri settur varðandi ólöglegar trjáfellingar. Til dæmis mætti hugsa sér að refsing fyrir ólöglega trjáfellingu væri sú sama og vegna eignaspjalla, sem sagt sektir eða fangelsi allt að tveimur árum, enda eru þau gömlu og sjaldgæfu tré sem felld eru ólöglega í raun óbætanleg.

Máltækið segir að endinn skuli í upphafi skoða. Þetta á ekki síst við varðandi trjárákt í þéttbýli. Almennt má segja að í heimilisgarða er betra að velja tré eða runna sem verða ekki mjög hávaxin eða eru fremur seinvaxta. Almennt séð er til dæmis ekki heppilegt að planta alaskaösp eða sitkagreni í minni heimilisgarða þar sem þessi tré eru mjög hraðvaxta og geta náð allt að 20 m hæð á hálfri öld.

Smærri tré líkt og birki, reynivíður og gullregn eru því heppilegri. Sýrenur og gulltoppar geta einnig orðið að fallegum garðtrám ásamt hegg, eplatrám og kirsuberjatrám. Af barrviðunum þá geta blágreni og rauðgreni hentað ágætlega þar sem er skjólsælt og þallir, sýprusar og einitegundir henta víða vel. Víðitegundir geta orðið að fallegum garðtrám, má

þar helst nefna selju og viðju.

Þá virðist vera þörf á aukinni fræðslu til þeirra sem taka að sér trjáumhirðu í þéttbýli. Þannig er ótækt hve algeng kollun er. Þessi aðferð er notuð nokkuð erlendis til að lækka tré og minnka umfang þeirra og er tilgangurinn þá oft að þétta trén til að varpa meiri skugga á nærumhverfið í heitari löndum. Kollun er venjulega beitt á hestakastaníur og linditré en þessi aðferð hentar almennt séð ekki vel hérlandis og verður oft til að drepa tré eða gera þau alls hörmuleg útlits. Kollun hentar t.d. ekki fyrir innlend tré líkt og birki og reynivíð. Gamla aspir er ekki æskilegt að kolla og drepast þær oft af slíkri meðferð og er þá skárrí kostur að fella tré og planta nýju tré af smávaxnari eða hægvaxnari tegund.

Að vernda sérstök tré í þéttbýli verður æ mikilvægara, ekki síst í ljósi þess að fólk er í sífellt meira mæli að fella þau. Það er mjög mikilvægt að auka vitund íbúa í þéttbýli um mikilvægi trjáa og þær reglur sem gilda um þau. Á Akureyri hefur verið gefinn út bæklingur þar sem sérstök tré í bænum eru útlistuð og væri æskilegt að fleiri bæjarfélög tækju þetta sér til fyrirmyndar. Þá getur tilnefning til Borgartrésins líkt og Skógræktarfélag Reykjavíkur gerir eða Tré ársins á vegum Skógræktarfélags Íslands einnig skipt sköpum.

Skógræktarfélagin geta gegnt mikilvægu hlutverki í vernd trjáa og trjágarða með því að benda á hvar verndar er þörf og mætti í þessu sambandi vel hugsa sér samstarf ólíkra félaga, t.d. Garðyrkjufélags Íslands og skógræktarfélaga. Málið er brýnt, nú er bara að bregðast við!

Höfundar: BJÖRK ÞORLEIFSDÓTTIR OG EINAR ÞORLEIFSSON

Heimildir

Morgunblaðið. Grenitré felld eftir áralangar deilur. Af vefsíðu október 2014: <http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/02/12/grenitrerfelldeftiraralangardeilur/>.

Stöndum vörð um silfurregninn á Grettisgötu 17. Facebook-síða (Community). Af vefsíðu október 2014: <https://www.facebook.com/silfurregnir/>.

Morgunblaðið. Íbúar fagna sigri í silfurregnisdeilu. Af vefsíðu október 2014: http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/08/14/fagna_sigri_i_silfurregnisdeilunni/.

Pressan. Skógarhöggsmenn í Rituhólum borgar Reykjavíkur borgar bætur. Af vefsíðu október 2014: <http://www.pressan.is/frettir/Lesafrett/skogarhoggsmenn-i-rituholum-borgar-reykjavikurborg-baetur>.



Viðhorf almennings til skógræktar hafa breyst mikið til hins betra frá því Ágúst Árnason hóf störf í Skorradal fyrir meira en hálfri öld. Vöxtulegir skógar eins og Stálpastaðaskógur eiga án efa sinn þátt í þeirri viðhorfsbreytingu.

Ágúst Árnason - viðtal

„Menn héldu að þetta væri algerlega tilgangslaust“

Við syðri bakka Skorradalavatns hefur Ágúst Árnason, fyrrverandi skógarvörður, hreiðrað um sig ásamt konu sinni, Svövu Halldórsdóttur. Þaðan sést vel til vöxtulegs skógarins á Stálpastaðum norðan megin vatnsins og má því segja að þar blasi ævistarfið við en Ágúst vann lungann úr ævi sinni sem skógarvörður í Skorradal. Áður en hann kom í Skorradalinn hafði hann unnið tvö ár á Hallormsstað og verið eitt ár í Bandaríkjunum við nám og störf í skógrækt. Meðal annars stundaði hann nám í skógfræði við Humboldt State College (nú Humboldt State University) og naut til þess styrks frá Eureka Rotary Club. Þá vann hann fyrir National Forest Genetics Laboratory í Placerville í Kaliforníu og Manning Seed Company í Seattle.

„Hákon Bjarnason var búinn að skrifa mér til Ameríku að hann ætlaði að planta mér niður í Borgarfirðinum. Ég kom til landsins rétt fyrir jólin 1958 og byrja hér 1959. Fyrsta árið var ég verkstjóri hjá Daníel (Kristjánsyni, skógarverði innsk. blm.) og vasaðist í öllu með honum. Ég fór oft í bæinn um helgar og þá var Hákon gjarn á að senda mig með skilaboð til Daníels. Það var náttúrulega mjög óæskileg boðleið og ég ætlaði ekkert að fara að stýra Daníel. Hann undi þessu illa og því fór svo að þessu var skipt þannig að ég fékk Skorradalinn en hann fékk allt hitt.“

Þegar Ágúst tók til starfa í Skorradal voru fáein ár frá því að Skógrækt ríkisins hóf gróðursetningar þar.

Skógrækt í dalnum má þó rekja allt aftur til gróðursetningar í Háafellsreit 1938. „Ég held að árangurinn í Háafellsreit hafi orðið til þess að Haukur Thors og Soffía ákváðu að gefa Stálpastaðina til skógræktar. Þau fengu hnausplöntur úr Háafellsreitnum til að gróðursetja við húsið hjá sér í Hvammi. Þau vissu hvernig þær uxu þarna og hafa sennilega spekúlerað í að hefja skógrækt sjálf en hafa svo ekki treyst sér til þess og tekið þann kostinn að gefa Skógræktinni jörðina.“

Lærdómar af hretinu 1963

Skógrækt ríkisins eignaðist jörðina árið 1951 og hóf fljótlega að gróðursetja í hana. Það var því búið að gróðursetja töluvert þegar Ágúst kom til starfa. „Það var greinilega ágætis útkoma af þessu, svo kom náttúrulega svolitill afturkiptur í þetta með hretinu 1963. Skorradalur er á jaðri þess svæðis sem fór illa út úr hretinu og það voru um 12-15% trjáa sem skemmdust hér meðan það voru yfir 90% sem drápuast austur á Skógum,“ segir Ágúst og bendir á að rauðgreni og stafafura hafi staðist þessa prófraun nokkuð vel. „Það sá ekki á rauðgreninu og stafafuran var í mesta lagi með skemmda toppa.“

Aprílhretið var þó ekki með öllu illt og tekur Ágúst undir að það hafi verið viss prófraun fyrir trjátegundir og kvæmi. „Við spekúleruðum alltaf mikið í því að

velja kvæmi sem voru sem næst skógarjaðri og frá sem norðlægustum slóðum en það var greinilegt að þau komu verr út þar sem þau þurfa minni hita til að byrja að vaxa. Eftir þetta var Haukur Ragnarsson sendur til Alaska til að taka prufur frá fleiri stöðum og þá líka sunnar“

Eitt finnst honum að menn hefðu mátt leggja meira upp úr í kjölfar hretsins. „Það er að rækta fræ og nota sem fræmæður þessi tré sem lifðu þetta af. Maður á að leita í það sem hefur staðið sig.“

Fjárvarsla tímafrek og kostnaðarsöm

Ágúst og félagar hans hjá Skógrækt ríkisins þurftu þó að eiga við fleira en óútreiknanlegt veðurfar í árdaga skógræktar í Skorradal. „Það sem manni finnst kritískast þegar maður er búinn að starfa svona lengi er hve lítið maður gat unnið að beinni skógrækt í hlutfalli við fjárvörsluna sem var geysilega tímafrek og kostnaðarsöm. Það voru svo hryllilega vitlaus og ósanngjörn lög og reglugerðir um fjárhald. Það var til dæmis kveðið á um það að þar sem skógræktar-girðingu fenniti í kaf að vetri til og sauðfé kæmist yfir, þá gat fjáreigandi heimað laun fyrir að ná í kindurnar sínar, jafnvel þó að þær væru búnar að skemma og eyðileggja það sem var fyrir innan,“ segir Ágúst.

Sauðkindin kostar skógræktarmenn í Skorradal minna fé og fyrirhöfn nú til dags en áður. Kemur þar bæði til að sauðfé hefur fækkað og lög og reglur um fjárhald breyst til hins betra með tímanum. Annað sem hefur breyst mikið frá því að Ágúst hóf störf við skógrækt, eru viðhorf almennings og trú á skógrækt. „Það er mikið afrek út af fyrir sig að hafa getað breytt því. Það eru ákaflega fáir núna sem eru krítískir á skógræktina en menn héldu að þetta væri algerlega tilgangslaust. Það var til dæmis einn í nágreininu sem sagði við mig að þetta yxi upp í um mannhæð og þá færi þetta allt að drepast. Hann hafði það fyrir sér í því að fyrst eftir stríð var plantað töluverðu af skógarfuru. Hún tók mjög vel við sér fyrst til að byrja með og var efnileg en svo þegar hún var komin í um mannhæð steiptist hún út í furulús og drapst. Þetta gripu þeir á lofti. Annar sagði við mig að þetta væri voðalega vitlaust. Þetta tæki svo langan tíma fyrir þessi tré að vaxa að þegar þau væru loksins vaxin væri farið að nota gerviefni í staðinn fyrir þau. Ég spurði hann þá að því úr hverju hann héldi að gerviefni væru unnin. Hann hafði ekki hugsað út í það,“ segir Ágúst Árnason að lokum.

Höfundur: EINAR ÖRN JÓNSSON



HEIÐURSÁSKRIFENDUR SKÓGRÆKTARRITSINS

Reykjavík

Landslag ehf, Skólavörðustíg 11
Samband garðyrkjubænda, Bændahöllinni við Hagatorg
Securitas hf, Skeifunni 8

Grindavík

Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

Borgarnes

Skorradalshreppur, Grund

Hellissandur

Snæfellsbær, Klettsbúð 4

Búðardalur

Skógarbýlið Innra-Leiti

Patreksfjörður

Oddi hf, fiskvinnsla-útgerð, Eyrargötu 1

Sauðárkrókur

Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1

Egilsstaðir

Fljótisdalshérað, Lyngási 12

Breiðdalsvík

Breiðdalshreppur, Selnesi 25





Norðmannareitur á Þingvöllum

Upphaf skiptiferða norskra og íslenskra skógræktarmanna

Í gegnum tíðina hafa íslenskir skógræktarmenn verið iðnir við að kynna sér skógrækt í öðrum löndum. Þeir leita þá oft en ekki þangað þar sem skilyrði til skógræktar eru áþekkt þeim sem hér ríkja og reynsla og þekking á skógrækt og skógarumhirðu er meiri. Menn snúa gjarnan til baka úr slíkum ferðum með fullt af nýjum hugmyndum og fróðleik í farteskinu (og jafnvel fáein fræ til að pota í mold). Árlegar fræðsluferðir Skógræktarfélags Íslands eru gott dæmi um þetta en í þeim fræðast ferðalangar um skóga, sögu og náttúru viðkomandi lands undir leiðsögn heimamanna og staðkunnugra Íslendinga. Þær ferðir hafa verið nær árlegur viðburður í starfi Skógræktarfélags Íslands undanfarin 15 ár en áður en þær komu til sögunnar tíðkuðust svo kallaðar skiptiferðir Íslendinga og Norðmanna. Ferðirnar hófust árið 1949 og voru farnar á þriggja ára fresti (síðar á fjögurra ára fresti) fram til aldamóta. Þær gengu í stuttu máli út á að hópur íslenskra skógræktarmanna fór til Noregs til fræðslu og starfa og annar hópur norskra skógræktarmanna kom til Íslands í sama tilgangi.

Hákon Bjarnason, fyrrverandi skógræktarstjóri, lýsir tildrögum fyrstu skiptiferðarinnar vel í Ársriti

Skógræktarfélags Íslands árið 1949.

Upphaf og aðdragandi að komu norskra kvenna og manna hingað til lands vorið 1949 var á þá leið, að vorið 1948 kom Reidar Bathen fylkisskógarmeistari hingað til lands og dvaldist hér í fjórar vikur. Skömmu áður en hann fór, hittust þeir Torgeir Andersen-Rysst, sendiherra Norðmanna hér á landi, Reidar Bathen og Valtýr Stefánsson, form. Skógræktarfélags Íslands. Talið barst bæði að skógræktarmálum Íslands og gagnkvæmum kynnum Norðmanna og Íslendinga. Sendiherrann vildi auka persónuleg kynni milli þjóðanna og reyna, hvort eigi mætti um leið nota starfsorku þeirra, sem færu milli landa, til þess að gróðursetja skóg, jafnframt því sem ferðafólkinu væri gefinn kostur á að sjá nokkuð af landi og kynnast fólki. Með þessu var hugmyndin fengin að gagnkvæmum skiptum æskulýðs þessara tveggja landa, og sú hugmynd varð að veruleika vorið 1949, er 30 Norðmenn komu hingað með plöntur og fræ, en 31 Íslendingur fór til Tromsfylkis til að vinna að skóggæðslu og ferðuðust hóparnir loftleiðis báðar leiðir.¹

Hákon lýkur miklu lofsorði á Torgeir Andersen-Rysst, sendiherra Norðmanna, í greininni og segir að án hans hefði þetta aldrei getað orðið nema hugmyndin



Um 30 íslenskir skógræktarmenn fóru í fyrstu skiptiferðina til Noregs árið 1949.

ein. Sjálfur átti Hákon ekki síður stóran þátt í að hugmyndin varð að veruleika enda hafði hann lengi verið áhugasamur um samstarf Íslendinga og Norðmanna í skógræktarmálum. Sem dæmi má nefna að fyrir stríð sendi hann Íslendinga til starfa við skóghskólann í Steinkjer og í gróðrarstöðinni í Álastarhaugi og vildi með því „treysta frekar sambandið við norska skógræktarmenn og þjálfra unga Íslendinga í skógræktarstörfum“.ⁱ

Hlé varð á frekari samskiptum og samstarfi íslenskra og norskra skógræktarmanna vegna síðari heimsstyrjaldarinnar en þau hófust að nýju fljótlega eftir að henni lauk. Árið 1947 sækir Hákon Bjarnason norræna skógræktarþingið sem fram fór í Noregi. Hann notaði tækifærið til að heimsækja gróðrarstöðvar og styrkja tengsl við norska skógræktarmenn og Norska skógræktarfélagið. Þar kynntist hann einnig áðurnefndum Reidar Bathen og bauð honum til Íslands. Bathen þáði sem kunnugt er boðið og kom til landsins ári síðar og hélt meðal annars áhrifamikla fyrirlestra um skógrækt.

Samtöl draga úr afköstum

Í Ársriti Skógræktarfélags Íslands 1949 er ferðum íslensku og norsku ferðalanganna gerð góð skil. Hákon Bjarnason skrifaði grein þar sem hann fylgir Norðmönnunum eftir hvert fótímal og útlistar nákvæmlega hve mikið var gróðursett á hverjum stað fyrir sig. Á Suðurlandi gróðursettu þeir í Haukadalsdal, Hagavík og á Pingvöllum en á Norðurlandi að Vöglum, Sellandi, Vaglaslógi og í Vaðlaheiðarbrekkum. Þar fengu þeir liðsaka þrjátíu Íslendinga og er sérstaklega tekið fram að afköst hafi orðið með minna móti „sakir þess að tíminn fór aðallega í samtöl manna á milli eftir beztu getu“.ⁱⁱⁱ Þetta var þó ekki eintóm vinnuferð og fengu Norðmennirnir einnig að kynna náttúru og menningu Íslands.

Um þrjátíu Íslendingar, fulltrúar sextán skógræktarféлага, héldu til Troms í Noregi undir fararstjórn Garðars Jónssonar, skógarvarðar á Tumastöðum í Fljótshlíð. Jafnframt var títtnefndur Reidar Bathen

hópnum til halds og trausts. Varð Troms og nágrenni fyrir valinu þar sem þar svipar veðráttu og landhátum mjög til Íslands eða eins og leiðarahöfundur Morgunblaðsins (líklega Valtýr Stefánsson) lýsti því:

Með því að leita þekkingar á skógrækt fyrst og fremst til þeirra hjeraða, sem líkust eru Íslandi að veðurfari, og efla kynni okkar við það fólk, sem vinnur að skógrækt við slík skilyrði, er skógrækt Íslands komin inn á þá braut sem áreiðanlega leiðir til heilla fyrir þetta stórfelda umbótastarf, og fyrir íslenska þjóð um alla framtíð.^{iv}

Grenilundur gleðja í ellinni

Það hafa verið talsverð viðbrigði fyrir Íslendingana að kynnast norskum skógum á þessum tíma þegar skógar Íslands voru fáir og flestir lágvaxnir. Í ferðasögu sem þrír Noregsfaranna rituðu í Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1949, lýsa þeir hughrifum sínum.

Mesta athygli vakti grenilundur með 15–20 m. háum trjám, er níræður maður sýndi okkur. Hann var einn þeirra, sem unnu að gróðursetningu trjána.

Hinn aldri bæjarhöfðingi hvatti okkur til að gróðursetja grenilundi, er við kæmum heim. – Ekkert gæti glatt okkur meira í ellinni og orðið þjóð okkar til meira gagns í framtíðinni.^v

Norska birkið vakti einnig athygli ferðalanganna enda ólíkt því sem þeir áttu að venjast heima fyrir, 18–20 metra hátt og þröðbeint.

Íslendingarnir skoðuðu skóga, gróðrarstöðvar og lærðu vinnubrögð af Norðmönnunum. Af lýsingum þeirra í Ársritinu er ljóst að þeir hafa ekki aðeins lært margt um skóga Noregs heldur hefur ferðin hvatt þá til frekari dæða á heimavelli.

Það sýnir ljóst, hve íbúar Norður-Noregs eru ötulir skógræktarmenn. Þeir taka ekki smáspildur til gróður-

i Hákon Bjarnason, 1949, bls. 10.

ii Sigurður Blöndal og Skúli Björn Sigurðsson, 2000, bls. 223.

iii Hákon Bjarnason, 1949, bls. 15.

iv Morgunblaðið, 1949, bls 8.

v Jón Jóhannesson o.fl., 1949, 23–24.



Reidar Bathen fylkisskógarmeistari og Hákon Bjarnason skógræktarstjóri.

setningar. [svo] heldur stór landssvæði. Og engum þarf að koma til hugar, að öflugasti bankinn í Tromsø væri að ráðast í stórfellda skógræðslu af einskærri rómantik. Forráðamönnum hans er ljóst, að það fé, sem lagt er til þessara framkvæmda, gefur margfalda rentur og vöxtu. Á þennan hátt gerast þeir forvígismenn þeirra hugsjóna að breyta örfoka og gróðursnauðum lands-svæðum í blómleg menningarhéruð.^{vi}

Og enn fremur:

Nú hefur verið getið þeirra daga, sem við unnum að skógrækt í Noregi. Sú reynsla, er við fengum á þessum fáu dögum, var mikilsverð, því að vinna við skógræðslu án hagnýtrar þekkingar er verk út í bláinn. En sú trú og víska, er við fengum á mátt skógarins á ferð okkar um skerjagarðinn, mun þó reynast þyngri á metunum. Við erum sannfærðir um, að allir þátttakendur munu kappkosta að efla þekkingu sína á skógrækt eftir þessa ferð um eyjar Norður-Noregs. Þar sáum við talandi dæmi þess, hvernig breyta má ófrjóu landi í ágætt skóglendi. Og við vonum, að þessar kynnisferðir verði fastur liður í

íslenzkri skógræktarfræðslu. Þá mun æska þessa lands segja rányrkjunni stríð á hendur, en Ísland breytast í land ræktunar og alhliða menningar.^{vii}

Skipta máli í skógræktarsögunni

Skiptiferðirnar mörkuðu djúp og varanleg spor í skógræktarsögu Íslands og efldu tengsl innlendra skógræktarmanna við frændur sína og kollega í Noregi. Norska Þjóðargjöfin 1961 sem notuð var til að stofnsetja Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá, kom til vegna þeirra.^{viii} Áður nefndur Torgeir Andersen-Rysst, sendiherra Norðmanna á Íslandi, var einmitt helsti hvatamaður að gjöfinni. Jafnframt styrktust tengsl Norska skógræktarfélagsins og Skógræktarfélags Íslands við þessar ferðir. Helsti ávöxtur þeirra tengsla er frægarðurinn á Taraldseyju sem Norska skógræktarfélagið gaf Skógræktarfélagi Íslands árið 1974 í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar og 75 ára afmæli skipulagðrar skógræktar á Íslandi.

Eftirmáli

Ástæða þess að upphaf og aðdragandi fyrstu skiptiferðanna eru rifjuð upp nú er sú að til stendur að skrá sögu þessara ferða frá upphafi þangað til þær lögðust af um aldamótin. Um er að ræða samstarfsverkefni Skógræktarfélags Íslands og Norska skógræktarfélagsins. Af því tilefni óskar Skógræktarfélag Íslands eftir heimildum, svo sem bréfum, frásögnum og ljósmyndum sem tengjast skiptiferðunum, hvort heldur um er að ræða ferðir Íslendinga til Noregs eða Norðmanna hingað til lands. Allar upplýsingar eru vel þegnar. Hægt er að hafa samband við skrifstofu Skógræktarfélags Íslands eða með því að senda póst á netfangið skog@skog.is.

Höfundur: EINAR ÖRN JÓNSSON

vi Jón Jóhannesson o.fl., 1949, bls. 37-38.

vii Jón Jóhannesson o.fl., 1949, bls. 38-39.

viii Elín Pálmadóttir, 1987, bls. B3.

Heimildir

Á rjettri leið. Morgunblaðið, 16.06.1949. Bls. 8.

Elín Pálmadóttir. 1987. Ræktar garðinn sinn - og okkar. Viðtal við Hákon Bjarnason átttræðan. Morgunblaðið, 12.07.1987. Bls. B1-B3.

Hákon Bjarnason. 1949. Skógræðsluför Norðmanna til Íslands vorið 1949. Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1949: 10-18.

Jón Jóhannesson, Ólafur Bergsteinsson og Svavar Jóhannsson. 1949. Skógræktarför til Norður-Noregs 1949. Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1949: 19-49.

Sigurður Blöndal og Skúli Björn Sigurðsson. 2000. Íslandsskógar. Mál og mynd, Reykjavík. 267 bls.



T. v. Áhöld sem þessi hafa líklega verið notuð við gróðursetningu á Þingvöllum og Grund um aldamótin 1900. Myndir: Landbúnaðarsafn Íslands



1. mynd.
Gróðursetningahaki.

Gróðursetningaáhöld frá upphafi til okkar daga

Miklar framfarir hafa átt sér stað á öllum verksviðum skógræktar frá því gróðursetningar hófust um aldamótin 1900. Áhöld og verkfæri sem notuð hafa verið við gróðursetningar hafa því breyst mikið. Í þessari grein verður fjallað um áhöld sem notuð hafa verið við gróðursetningu trjáplantna hér á landi frá fyrstu gróðursetningum til okkar daga. Gróðursetning skógarplantna er undirstöðuatriði í vel heppnaðri skógrækt. Gróðursetningin er líkamlega erfið vinna og því er mikilvægt að tæki og tól sem notuð eru til verksins þjóni sem best verkefninu.

Fyrstu gróðursetningarnar

Fyrstu skógargróðursetningarnar á Íslandi fóru fram um aldamótin 1900, sú fyrsta á Þingvöllum árið 1899, ári síðar á Grund í Eyjafirði og Hálsi í Fnjóskadal. Danskur skógræðingur, C. E. Flensborg, var fenginn til þess að stjórna þessari fyrstu tilraun til skógræktar. Í skýrslunni „Skovrester og Nyanlæg av skog paa Island“, sem Flensborg skrifaði í kjölfarið, fjallar hann um ýmis vandamál við gróðursetninguna í Grundarreit, þar sem unnið var með óvönu verkafólki og með lélegum áhöldum.

Undirbúningur af hálfu Dananna að þessari fyrstu gróðursetningu á Íslandi virðist hafa verið nokkuð góður, sérstaklega hvað varðar þökkun og innflutning plantna en skortur á áhöldum og vandræðagangur við sjálfa framkvæmd gróðursetningarinnar kom Flensborg í opna skjöldu. Hann hafði greinilega reiknað með að algengustu áhöld sem notuð voru við jarðræktarstörf í Danmörku væru til taks á Íslandi. Svo reyndist ekki vera. Auk þess kom Flensborg á

óvart hve fótabúnaður verkamannanna sem tókst að ráða til verksins var lélegur og óhentugur. Þeir áttu erfitt að stíga á skóflur og spaða á íslenskum skinnskóm en krafta þurfti til að rjúfa gróðurþekjuna og grafa gróðursetningaholur. Mjúkir skinnskór voru vinnufatnaður í sveitum landsins á þessum árum og gúmmistígvél og vinnuskór með hörðum botnum aðeins framtíðarsýn.


Flensborg greinir frá því að verkamennirnir hafi verið ófáanlegir til þess að gróðursetja smáplöntur án belgvettlinga. Einnig segist hann hafa gert ráð fyrir því að til verksins væri hægt að ráða börn og konur sem ekki þyrfti að greiða nema brot þeirra launa sem karlmenn fengu í daglaun. Meðal annars af þessum ástæðum fór kostnaðurinn við framkvæmdina úr böndum.

Smíði og þróun áhalda til gróðursetninga hófst ekki að ráði fyrr en eftir seinna stríð, þegar framleiðsla plantna í gróðrarstöðvunum var farin að ganga vel og talsvert magn af plöntum fengust til gróðursetninga á ári hverju. Fram að þeim tíma var sennilega aðallega gróðursett með hefðbundnum stunguspöðum.

Hér á eftir fylgja myndir og skýringar á helstu handgróðursetningatækjum sem notuð hafa verið eftir að gróðursetningar urðu umfangsmeiri og fleiri plöntum þurfti að koma í jörð.

Gróðursetningahakar, 1940–1960

Upphaflega voru gróðursetningahakar heimasníðaðir úr fjaðrastáli úr bílfjöðrum, sem þá var besta efni sem tiltækt var. Lengd blaðsins var frá 40–60 cm. Blaðið



2. mynd.
Gróðursetningahaki.

3. mynd.
Gróðursetningahaki.

4. mynd.
Lynghaki.

5. mynd.
Gróðursetningaspaði (spetti).

6. mynd.
Bjúgskófla.

var slegið til í endann og þynnt í egg sem hægt var að brýna með þjöl eftir vinnudag í erfiðu landi. Gerðir gróðursetningahakanna voru með ýmsu móti. Á 1. mynd má sjá gróðursetningahaka frá Vöglum í Fnjóskadal en hakinn er smíðaður úr fjaðrastáli úr Willis jeppa. Blaðið er 30 cm að lengd, skaftið 90 cm og þykkt blaðsins er 5 mm með brýnda egg á báðum endum. Algeng afköst við gróðursetningar með gróðursetningahökum voru 400–500 plöntur á dag.

Á 2. mynd má sjá gróðursetningahaka í eigu Skógræktarfélags Eyfirðinga sem smíðaður er úr 6 mm þykku fjaðrastáli, skaftið er 70 cm langt og blaðið um 45 cm langt. Annar endi blaðsins hefur verið dreginn í odd og hakinn þess vegna verið heppilegur til gróðursetninga í grýttum jarðvegi. Festingar blaðs og skafts á heimasmiðuðum gróðursetningahökum voru með ýmsu móti.

Á 3. mynd er gróðursetningahaki sem einnig er í eigu Skógræktarfélags Eyfirðinga. Þetta er léttur haki með breiðu blaði, sennilega fluttur inn frá Noregi um 1960. Skaftið er 67 cm langt, blaðið er 5 mm þykkt, bogið og með egg báðum megin. Þörf fyrir þessa léttu haka fór vaxandi þegar unglíngavinna sveitarfélaganna hófst við gróðursetningu skógarplantna um 1960.

Lynghaki, eins og sjá má á 4. mynd, var notaður við gróðursetningu í lyng- og víðivöxnu landi. Blaðið sem er beitt og bogið var notað eins og exi við að fjarlægja viðarteinung og rætur. Landið var flekkjað með breiðri öxinni og loks gerð hola fyrir plöntuna. Þessi gerð af gróðursetningahaka var ekki mikið notuð við gróðursetningu, enda áhaldið þungt og verkið því oft seinlegt. Uppruni áhaldsins er óþekktur en svipuð tæki voru notuð hjá danska Heiðafélaginu á jósku heiðunum um 1950.

Gróðursetningar „spetti“ eins og sjá má á 5. mynd, var notað til að gróðursetja berrótarplöntur í mólendi og þéttum moldarjarðvegi. Spettið er með fleyglaga blaði með beittri egg. Áhaldið var notað á þann hátt að stungin var hola fyrir plöntuna, plantan staðsett við lóðréttan vegg holunnar, áhaldinu snúið við og önnur stunga framkvæmd í um 5–10 cm fjarlægð frá hallandi holubrun. Við þessa framkvæmd lokaðist holan og plantan sat eftir keik í holu sinni. Áhaldið var notað á Norður- og Austurlandi. Það tók við af gróðursetningahökum sem höfðu verið aðal áhöld við gróðursetningu berrótarplantna. Afköst við gróðursetningu voru 600–800 plöntur á dag í góðu landi.

Bjúgskóflur, 1965–2000

Bjúgskóflur voru upphaflega fluttar inn frá Þýska-landi um 1965 og hugsaðar sem gróðursetningatæki fyrir stærri berrótarplöntur og síðar pottaplöntur. Innflutningur á bjúgskóflum var sennilega tengdur auknum fjárveitingum frá Skógrækt ríkisins og Landgræðslusjóði til skjólbeltaræktar. Þýskar bjúgskóflur voru ekki fluttar inn að ráði eftir 1980 vegna kostnaðar.

6. mynd sýnir bjúgskóflu en blað hennar er bogalagað, um 40 cm langt og breiðkar upp. Blaðið er 2 mm að þykkt með egghvassar brúnir. Skaftið er um 70 cm með þverhaldi. Bjúgskóflan er þungt gróðursetningatæki, stínga þurfti tvær til þrjár stungur til þess að fullgera gróðursetningaholu. Afköst við gróðursetningu voru 100–200 plöntur á dag.

Á Akureyri var hafin framleiðsla á eftirlíkingu af þýsku bjúgskóflunum árið 1985 (7. mynd). Léttum stunguspöðum var breytt og blöð þeirra beygd og á þau soðið fótstig. Þessi gróðursetningatæki voru léttari, sterkari og afkastameiri en þýsku skóflurnar.



7. mynd.
Akureyrarbjúgskófla.



8. mynd.
Gróðursetningastafur.



9. mynd.
Gróðursetningastafur.



10. mynd.
Geispur.



11. mynd.
Kanadískar gróðursetningaskóflur.

Akureyrarskóflurnar eru enn í notkun á nokkrum stöðum við gróðursetningu á stærri plöntum.

Nýir tímar í gróðursetningu 1980–2014

Ný tækni í uppeldi skógarplantna ruddi sér til rúms eftir 1980. Framleiðsla hófst á fjölpotta- eða bakka-plöntum og hugvitsmenn þróðu búnað sem gerði gróðursetninguna léttari. Til sögunar komu gróðursetningastafir og innflutt erlend tæki sem hafa gengið undir heitinu „geispur“. Með nýjum og léttari tækjum urðu afköst við gróðursetningar meiri.

Algengasta gerð af gróðursetningastaf, eins og sjá má á 8. mynd, var framleidd hjá Léttitækni á Hofsósi. Stafurinn var úr ¾ tommu ryðfríu stáli með gúmmihaldi og ástigi sem hægt var að nota sem hakablað ef nauðsynlegt var að flekkja af gróður á útplöntunarstað. Þessi stafur bjó yfir þeim kosti, að með einföldum hætti var hægt að skipta um stærð á stungurörum (kónum) sem mynduðu holu fyrir plöntuna, ef breyta þurfti um plöntugerð. Með tilkomu þessa áhalds fóru afköst við gróðursetningu upp undir 1000 plöntur á dag við bestu aðstæður.

Á 9. mynd má sjá gróðursetningastaf sem framleiddur var af Skógræktarfélagi Eyfirðinga um 1985 og var notaður víða um land. Við þær breytingar sem urðu í framleiðslu skógarplantna frá berrótarplöntum til bakkaplantna um 1985 komu fram nokkrar gerðir af innlendum gróðursetningastöfum. Gróðursetningastafnum fylgdu þrjár stærðir af stungurörum, fyrir 67 gata, 40 gata og 35 gata bakkaplöntur. Þessi stafur er enn í notkun og hefur reynst vel. Hann er gerður úr ½ tommu járnrotri með hakablaði sem einnig mátti nýta sem fótstig þegar hola fyrir plöntuna var gerð.

Á 10. mynd má sjá tvær gerðir af „geispum“ sem fluttar eru inn frá Finnlandi. Eftir að auknum fjármunum var varið til skógræktar með tilkomu Landshlutaverkefna í skógrækt um 1998 reyndist nauðsynlegt að finna aðferð til að auka afköst við gróðursetningu. Í þeim tilgangi voru fluttar inn nokkrar gerðir af „geispum“, aðallega frá Finnlandi og Svíþjóð. Við notkun þeirra urðu gróðursetningar léttari og afköst meiri. Þetta gróðursetningatæki er núna það algengasta hér á landi. Dæmi er um að afköst við gróðursetningu með tækinu hafi farið yfir 2000 plöntur á dag.

Á 11. mynd má sjá tvær kanadískar gróðursetningaskóflur. Þessi gerð gróðursetningatækja er ekki algeng en þau komu til landsins með kanadísku gróðursetningafólki sem var hér á landi um tíma. Skóflurnar eru um 80–90 cm á hæð, blöðin eru beitt og ætluð til gróðursetninga í erfiðu land. Blað stærri skóflunnar er gert úr krómstáli og heldur það bitinu vel. Skóflurnar hafa sérstaklega verið notaðar við gróðursetningar í skriður og mela.

Höfundur greinarinnar vill gjarnan safna sem flestum upplýsingum um verkfæri og aðferðir við gróðursetningu. Því eru allar upplýsingar um efnið vel þegnar (hallgrímur@skogur.is).

Höfundur: HALLGRÍMUR INDRÍÐASON

Heimildir

Flensburg, C. E. 2007. Islands Skovsag, 1901–1916. Landbúnaðar-ráðuneytið, Reykjavík.
Jón Dalmann Ármannsson. 2000. Gróðrarstöðin í Kjarna. Í: (Bjarni E. Guðleifsson ritstj.) Ásýnd Eyjafjarðar. Ásprent, Akureyri. Bls. 102.

Ljósmyndir: Pétur Halldórsson og Hallgrímur Indriðason.

Á slóðum risanna

- Ferðalag um skóga Kaliforníu



Útsýni frá jaðri risarauðviðarskógarins í Big Sur í suðurlhuta Kaliforníu.

Í Kaliforníu er að finna tilkomumikla skóga sem geyma mörg af elstu og hæstu trjám jarðar. Jafnvel hæstu menn finna til smæðar sinnar innan um þessa tröllvöxnu öldunga sem sumir hafa staðið þarna frá því í fornöld. Fjölbreytni trjátegunda og plantna í Kaliforníu er aukin heldur afar mikil og helgast það af ýmsum umhverfispáttum. Hún er til að mynda umlukin fjallgördum og eyðimörkum sem komu í veg fyrir að svæðið yrði þakið ís á síðasta ísaldarskeiði.

Haustið 2013 lögðum við í ferðalag um skóga Kaliforníu og komum meðal annars við í Joshua Tree og Big Sur sem er syðsta útbreiðslu-svæði risarauðviðarskóganna. Orð duga skammt til að lýsa þeirri upplifun að koma í þessa fornfrægu skóga og leyfum við því ljósmyndum þaðan að tala sínu máli.

Joshua tree þjóðgarðurinn dregur nafn sitt af þessari trjátegund sem tilheyrir yucca-fjölskyldunni. Þau vaxa eingöngu í Mojave eyðimörkinni og verða yfirleitt 200-300 ára gömul, en til eru einstaklingar sem eru hátt í 1000 ára gamlir. Nafn trjáanna er upprunnið frá mormónum sem settust að á svæðinu. Þeim fannst trén líkjast Jósúa spámanni úr Gamla testamentinu þar sem hann væri að veifa þeim og vísa veginn inn í fyrirheitna landið.





Sýprustegundin *Cupressus macrocarpa* á náttúruleg heimkynni á tveimur stöðum í heiminum og eru báðir við strönd Kaliforníu. Vegna einstakrar lögunar sinnar hefur þetta tré þó verið gróðursett víða í heiminum, mikið á vesturströnd Bandaríkjanna en einnig víða í Evrópu, meðal annars á Englandi og Írlandi.

Hægri síða. Chandelier Tree er þekkt um allan heim af þeirri einföldu ástæðu að hægt er að aka í gegnum það og hefur verið hægt frá því snemma á fjórða áratugnum. Nafngiftina fær tréð af lögun sinni sem þykir minna mjög á kerta stjaka. Chandelier Tree er 96 metrar á hæð og 1,8 metrar að þvermáli.





Á fyrri hluta síðustu aldar tóku tveir menn upp á því að skera hús úr stofni risarauðviðartrés og tók verkið þá átta mánuði. Þegar húsið var tilbúið var því ekið um öll Bandaríkin til að kynna almenningi risarauðviðina. Nú á dögum er þetta fræga einsbols hús (One-Log House) staðsett í Garberville í Norður-Kaliforníu og er vinsæll áningarstaður ferðamanna.



Grandfather Tree er einkum þekkt fyrir sérstakt útlit sitt og lögun sem heillað hefur margan ljósmyndarann í gegnum tíðina. Tréð er um 80 metrar á hæð, 7,3 metrar í þvermál og talið er að það sé um 1800 ára gamalt.




Í Big Sur er syðsti hluti útbreiðslusvæðis risarauðviðartrjáanna. Tréð á myndinni er af strandafbrigðinu (*Sequoia sempervirens*) en það er sú tegund sem nær mestri hæð allra trjáa. Fyrir 1850, áður en skógarhögg hófst að ráði, þöktu rauðviðarskógarnir um 8.500 ferkílómetra svæði í Kaliforníu en nú hefur um 95% af þessum skógum verið eytt vegna þess hve eftirsóttur viðurinn er.



Hæð þessara trjáa eykst eftir því sem norðar dregur á útbreiðslusvæði þeirra. Þarna var um að ræða að miklu leyti ósnortið skóglendi sem gaf magnaða tilfinningu fyrir skógarsal.







Í The Giant Forest eru mörg af stærstu og elstu trjám heims.

General Sherman er ekki hæsta tré í heimi, það sverasta, né það elsta. En það er það tré sem býr yfir mestum lífmassa. Það er um 84 metrar á hæð og um 7,7 metrar í þvermál og samsvarar um 1.487 rúmmetrum af efni. Áætlaður aldur þess er á bilinu 2300-2700 ár.

Þó er vitað um tré sem var hoggið um 1940 sem talið er hafa verið 15-25% stærra en þetta tré.

Höfundar: GÚSTAF JARL VÍÐARSSON OG SARA RIEL



Skrúður í brekkurótum. Mynd: BJ

Skrúður við Núp í Dýrafirði

Sögulegt ágríp - Árin 1905-1958

Eftirtekt vekur þegar horft er til Skrúðs úr fjarska hve hann stingur í stúf við umhverfið. Sá sem ekki þekkir til spyr. Hvernig má það vera að garðinum var valinn staður hér afsíðis og hvergi í tengslum við byggt ból? Flestir garðar, nánast undantekningarlaust, eru ræktaðir við þéttbýli eða byggð. En hér rís Skrúður eins og klettur úr sjó í brekkurótum snarbrattrar gróðursnaðrar fjallshlíðar. Þetta er meðal annars sérstaða garðsins, ásamt mörgum öðrum þáttum. Hinar fastmótuðu hugmyndir stofnandans um Skrúð hafa einnig markað honum sérstöðu frá upphafi; að nota garðinn í fræðsluskyni og hafa um leið áhrif á samfélagið.¹⁶ Slík hugsun rennir stoðum undir þann þankagang og hugsun sem ríkti og mótaði aldamóta-kynslóðina þegar straumar frelsis, menntunar og lýðræðis vöktu menn til bjartsýni og athafna.

Rétt er að nefna að saga garðsins er vel þekkt vegna dagbókar séra Sigtryggs Guðlaugssonar, stofnanda garðsins, sem ásamt uppdrætti af garðinum er merkileg heimild um fyrstu fjörutíu starfsárin. Þar segir Sigtryggur meðal annars: „Þess vegna leyfi ég mér að vona, að gróíð hafi hér ofurlítil sönnunargrein þess, að unnt er „að klæða landið“, betur en gert hefir verið til nýliðinna tíma, og njóta ávaxta af því, þegar tími er til kominn“.¹

En allt um það. Garðurinn tók breytingum og

mótaðist stöðugt á þeim fjörutíu árum sem stofnandinn fjallar um í sinni samantekt. Segja má að Sigtryggur hafi stöðugt verið leitandi og skapandi í ætlunarverki sínu. Garðurinn stækkaði eftir því sem ráðrúm gafst og ýmsar nýjungar komu fram sem ekki höfðu sést hér á landi og má þar t.d. nefna gosbrunn og hjartahliðið, sem var aðalinngangur í garðinn, flúrað myndum og tilvitnun úr Kórintubréfi Biblíunnar: „Maðurinn sáir og plantar - Guð gefur ávöxtinn“.

Þá er bogi hvalbeina úr hvalveiðistöð Norðmanna í Höfðaodda sem reist voru í garðinum um 1930 einstakur. Um svipað leyti var reist gróðurhús sem bætti uppeldi og ræktun.²⁰ Aðrar nýjungar voru t.d. fyrsta skipulagða tjaldsvæði landsins en auk þess er margt sem rennir stoðum undir að Sigtryggur hafi haft umgjörð erlendra garða sem hann heimsótti að fyrirmynd.¹⁵

Viðleitni Sigtryggs að betrubæta árangurinn af ræktuninni með því að mæla og meta árangur af starfinu er einnig eftirtektarverð. Þar er um að ræða vísindalega nálgun sem fáir leiddu hugann að á þeim tíma. Gróður jarðar var honum alltaf hugleikinn og var hann sífellt að afla og færa nýjar tegundir gróðurs í garðinn. Hann kallaði hinar erlendu urtir systur íslensku flórunnar. Alla tíð hélt hann góðu sambandi við heimahagana þar sem starfaði öflugt ræktunarfélag. Hann var félagsmaður í Ræktunarfélagi



Margir komu í sínu finasta þüssi þeirra erinda m.a. að skoða fyrsta gosbrunn á Íslandi. Mynd: Ljósmyndari ókunnur

Norðurlands og fyrir atbeina vina sinna í Eyjafirði fékk hann þaðan fyrstu trjáplönturnar.¹⁴

Páttur Hjaltlínu Guðjónsdóttur

Saga garðsins er einnig fjölskyldusaga. Hjaltlína Guðjónsdóttir frá Brekku á Ingjaldssandi hóf nám hjá Sigtryggi við Núpsskóla árið 1908 og var þar við nám í tvo vetur. Hún settist svo í Kennaraskólann í Reykjavík haustið 1912 og lauk kennaraprófi vorið 1915. Sigtryggur segir frá því í dagbók sinni hve ríkan þátt Hjaltlína átti í garðyrkjustarfi Skrúði.^{13, 16}

Framan af vann ég mest sjálfur að gróðrarstörfum, hafði ég við og við daglaunamenn mér til hjálpar, stundum helzt stálpuð börn. En er ég kvæntist (1918) tók kona mín, Hjaltlína Guðjónsdóttir, meir og meir við umsjóninni. Hún hafði áður unnið sér til náms í gróðrarstöð Reykjavíkur hjá Einari garðyrkjumanni Helgasyni. Ragnar Ásgeirsson kenndi þá (1915) allt hið verklega í stöðinni, en Einar hafði fyrirlestra að morgni dags, áður en vinna byrjaði. Vorið 1927 fór hún aftur þangað til frekara náms, en gat þá eigi, vegna lasleika, sinnt því svo lengi, sem ætlað var.¹¹

Vinnubrögð Hjaltlínu voru því bæði fagleg og metnaðarfull og tók hún æ ríkari þátt í ræktunarstarfinu í Skrúði. Í viðtali sem Magdalena Thoroddsen, blaðamaður hjá Morgunblaðinu, tók við þau hjónin árið 1957 er haft eftir Sigtryggi, sem þá er 95 ára, að Hjaltlína hafi annast garðinn fyrst og fremst síðustu

tuttugu árin.⁹ Hún hefur eftir Hjaltlínu; „Ég geri gælur við rósirnar mínar og fjólurnar. Satt að segja finnst mér svo vænt um blómin, að mér finnst næstum að sjálfur Guð sé hjá mér, þegar ég er meðal þeirra. Yfirleitt vinn ég hér allar þær stundir, sem heimilið má missa.“ⁱⁱⁱ Þessi tilvitnun segir ýmislegt um ástfóstur Hjaltlínu á ræktunarstarfinu. En það eru ekki bara þau hjónin því að segja má að drengirnir þeirra tveir, Hlynur og Þröstur, hafi alist upp í Skrúði og áttu þar frá unga aldri mörg sporin og handtökin. Reyndar hefur Þröstur rifjað upp oft en einu sinni í viðtölum reynslu sína af garðyrkjustörfum í Skrúði sem að hans sögn þóttu afar leiðinleg og var þeirri stundu fegnastur þegar hann fékk að fara á sjóinn með frænda sínum á Núpi. Reyndar eru til sagnir um það að ekki hafi nú allt verið jafn leiðinlegt því hinn knái unglingur mun oft en ekki hafa stjórnað sýningum á gosbrunninum þegar gesti bar að garði en þær vöktu bæði undrun og aðdáun. Kom þá stundum fyrir á óvæntum augnablikum að fullum þrýstingi var hleypt á gosbrunninn með tilheyrandi vatnsdembu. Upp úr 1950 hvíla störfin nánast eingöngu á herðum Hjaltlínu en til að létta undir á þeim árum fékk hún einnig unglinga á Núpi til aðstoðar.¹² Voru þetta oft en ekki tímabundin störf og stóðu kannski í nokkrar vikur eða hluta úr sumri. Leiðarljós við ræktunarstarfið í Skrúði á þeim árum voru vandvirkni, nákvæmni og vinnusemi; allt dyggðir sem núverandi kynslóð á kannski erfitt með að bera fullt skynbragð á. Öllum má vera ljóst að metnaður Hjaltlínu og



Bunustokkur.

fagleg kunnátta hennar í garðyrkju gaf garðinum það yfirbragð fagmennsku sem spurðist út og víða er vitnað til í rituðum heimildum á þeim árum. Það kom því ekki á óvart þegar Hjaltlína var heiðruð af Garðyrkjufélagi Íslands fyrir störf sín í Skrúði og í þágu garðyrkju á Íslandi árið 1948 en Sigtryggur hafði uppskorið samskonar heiður árið 1932.

Um leið og saga Skrúðs er fjölskyldusaga endurspeglar hún einnig tíðaranda aldamótakynslóðarinnar og er jafnframt minnisvarði um alla þá sem ruddu brautina í framfaramálum þjóðarinnar á 20. öld.

Árin 1959-1976

Þorsteinn Gunnarsson kennari tók við umhirðu garðsins árið 1959 og síðar Ingunn Guðbrandsdóttir kona hans, sem kom að Núpi árið 1960. Sigtryggur hafði náð því fram að Héraðsskólinn á Núpi tók við rekstri og umhirðu garðsins og var um það gerður sérstakur tíu ára samningur. Þorsteinn og Ingunn tóku umhirðu garðsins föstum tökum. Á þessu tímabili urðu töluverðar breytingar á garðinum og stóð metnaður Þorsteins til þess að gera hann að formlegum grasa-garði. Þessi stefnubreyting var í raun í samræmi við skoðanir og hugmyndir Sigtryggs en það kemur skýrt fram í viðtali við hann í Morgunblaðinu árið 1957 hvernig hann sá þróun garðsins í framtíðinni.⁹ „Mér þætti vænt um, að Skrúður yrði ræktaður frá skólanum og þá helzt undir eftirliti grasafraeðings, og þá gæti hann gegnt því hlutverki, er ég hugði honum í fyrstu.“^{iv}

Í þessum anda hófst Þorsteinn handa við mikil bréfasamskipti við grasagarða á Norðurlöndum og í Sovétríkjunum. Fræsendingar bárust frá þessum löndum og var það ærin starfi að rækta gróður upp af fræi, skrá og merkja og kanna hvernig hann dafnaði. Til eru skrár og yfirlit um þessar umfangsmiklu tilraunir.⁷ Munu á fjórða hundrað tegundir hafa vaxið



Blómaskrúð.

í garðinum í tíð Þorsteins og samkvæmt frælista frá 1968 voru til í garðinum á þeim tíma 215 fræberandi plöntur.¹⁹ Komið var upp sérstökum jurtabeðum í garðinum þar sem ræktaðar voru plöntum úr fræsendingum og þeim síðan komið fyrir og kirfilega merktar. Á þessum fyrstu árum sjöunda áratugarins er Skrúður líklega sá garður á landinu með hvað flestar jurtategundir. Þorsteinn tók einnig upp þá reglu að láta nemendur í Héraðsskólanum aðstoða við vorkin í Skrúði og var það einnig í anda þess sem Sigtryggur gerði í upphafi, að nemendur gróðursettu trjáplöntur.

Árið 1962 minntust fyrrum nemendur Sigtryggs 100 ára fæðingarártíðar hans og afhentu veglegan minnisvarða og bronsmynd af þeim hjónum eftir myndhöggvarann Ríkarð Jónsson.²² Þá var einnig gefin út bók helguð minningu Sigtryggs rituð af Halldóri Kristjánssyni frá Kirkjubóli.⁶ Einnig gekkst Þorsteinn fyrir því að stækka garðinn verulega. Mun hugsunin annars vegar hafa verið að rækta skjólbelti sem tæki við og drægi úr hinni miklu snjósófnun sem oft fór illa með trjágróður en hins vegar að hafa svigrúm til að koma fyrir nýjum tegundum jurta og trjáa. Á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, sem haldinn var á Núpi 1974, gróðursettu fulltrúar á fundinum fyrstu trjáplönturnar í jaðri nýrrar girðingar og síðan hefur trjágróðri verið bætt við það svæði.¹ Þessi framkvæmd hefur smám saman sannað tilgang sinn og gagnsemi. Samningur sem gerður hafði verið við Sigtrygg og gildi til tíu ára var ekki endurnýjaður og olli það Þorsteini miklum vonbrigðum. Segja má að á árunum 1970-76 hafi vinna í garðinum fyrst og fremst verið á herðum Ungunnar en hún vann störfin í Skrúði af mikilli fórnfýsi.⁷

Árin 1978-1991

Að beiðni Bjarna Pálssonar, þáverandi skólastjóra



Tilvitnun í Kórintubréf.

á Núpi, tók Vilborg Guðmundsdóttir, ljósmóðir og húsfreyja á staðnum, við umhirðu garðsins árið 1977 og sinnti því starfi af mikilli trúmennsku til ársins 1983.³ Að sögn dóttur Vilborgar, Margrétar Rakelar Hauksdóttur, voru unglingar á Núpi oft en ekki fengnir til vinnu í Skrúði við ýmis umhirðustörf. Vann Margrét m.a. hluta úr premur sumrum í Skrúði, bæði í umsjónartíð Ingunnar og í tíð móður sinnar.¹¹

Eftir 1983 er umhirða garðsins lítil sem engin. Það er hins vegar ljóst að margir báru miklar taugar til garðsins og eftirfarandi dæmi sanna að ekki var öllum sama hvert horfði með þróun Skrúðs. Á Aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, sem haldinn var í Reynihlíð árið 1986, var samþykkt eftirfarandi ályktun: „Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn 5.-7. september 1986 að Hótel Reynihlíð við Mývatn, felur stjórn Skógræktarfélags Íslands að vinna að því við sýslunefnd Ísafjarðarsýslu og skólayfirvöld að tryggt verði fjármagn og starfskraftar til að endurnýja og viðhalda þeim gróðri, sem skólastjóra hjónin Hjaltlína og Sigtryggur á Núpi komu upp í garðinum“.² Þessi ályktun mun hafa verið mikið rædd á fundinum en hún mun hafa komið þannig til að á fundinum gistu saman á herbergi Magdalena Sigurðardóttir frá Skógræktarfélagi Ísafjarðar og Sigrún Guðmundsdóttir frá Skógræktarfélagi V- Ísafirðinga. Komu þær sér saman



Minnisvarði um heiðurshjónin Hjaltlínu og Sigtrygg vígður 4. ágúst 1963.

um að leggja þessa tillögu fram. Í nefndarstarfi hallaði verulega á að tillagan fengi framgang. Ekki var ljóst hvort hún fengi brautargengi en það sem talið er að hafi skipt sköpum var að Grétar Unnsteinsson, skóla-meistari Garðyrkjuskólans, kvaddi sér hljóðs og talaði fyrir tillögunni við lokaafgreiðslu hennar.¹⁰

Í blaðagrein sem Vilborg Guðmundsdóttir ritaði í Morgunblaðið 1988 og birtist síðar í Garðyrkjuritinu vakti hún athygli á bágrri stöðu garðsins²¹ og segir þar orðrétt: „En hvað ætli framtíðin feli í skauti sér fyrir þennan unaðsreit sem Skrúður var. Það þarf meira en vorylinn einan til að leysa hann úr þeirri órækt sem hann er kominn í, þar sem mannshöndin hefur ekki lagt honum lið undanfarin ár.“ Vilborg fer síðan hvatn-ingarorðum um möguleika þess að færa garðinn aftur til vegs og virðingar.

Margt helst í hendur þegar haft er í huga það hnign-unarskeið sem fór í hönd á þessum árum. Í viðtölum við fyrrum skólastjóra á Núpi á þessum árum, þá Kára Jónsson og Sigurð Blöndal, kom fram að í raun hefðu ekki verið neindir fjármunir til aflögu vegna Skrúðs.⁸ Þá óx mönnum einnig verkið í augum þar sem sárlega skorti faglegt bakland.¹⁷ Skólahald lagðist af á þessum árum við Núpsskóla og fátt til ráða. Einnig ber að hafa í huga að trjágróður sem myndar skjól og uppistöðu garðsins (reynitrén sem tileinkuð voru



Lævirkjatréð.

nemendum) voru kominn á lífaldur, þar eð reynitré verða oft á tíðum ekki eldri en 70-100 ára. Það var því farið að halla verulega undan fæti; trjágróður feyskinn og hefði í raun verið nauðsynlegt að hefja endurnýjun reynitrjána mörgum árum fyrr. Segja má að blaðagrein Vilborgar, sem áður var vitnað til, hafi með óbeinum hætti orðið kveikjan að því að hafist var handa um endurnýjað starf í Skrúði.

Árin 1992-2014

Aðdragandi þess að hópur manna kom saman á Núpi vegna Skrúðs var sú að undirritaður kenndi skógræðiáfangar hluta vetrar við Garðyrkjuskólann að Reykjum í Ölfusi árin 1989 og 1990. Þar kynntist hann Grétari Unnsteinssyni skólameistara og barst Skrúður í tal oftar en einu sinni. Fann undirritaður að Grétar þekkti vel til garðsins. Vitnaði Grétar einnig í þessum samtölum til umræðunnar sem farið hafði fram á Aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Mývatni árið 1986. Ásamt viðræðum við Grétar próaðist umræðan einnig í viðræðum við Sigurð Helgason sem þá var tilsjónarmaður Núpsskóla fyrir hönd menntamálaráðuneytisins. Þessi kynni og viðræður við heimamenn leiddu til þess að þann 27. maí árið 1992 kom hópur áhugamanna saman á Núpi sem tók frumkvæði að því að stofna vettvang til að halda merki Skrúðs á lofti. Samanstóð þessi hópur af fulltrúum stofnana, félaga og samtaka. Hópur þessi varð síðan að formlegum vettvangi sem heitir nú Framkvæmdasjóður Skrúðs og koma þar að fulltrúar sex aðila. Hefur þessi hópur unnið markvisst að því að efla garðinn, endurnýja og kynna hann fyrir landsmönnum eftir því sem tími, fjármunir og aðstæður hafa leyft hverju sinni. Skipti sköpum í upphafi hve Garðyrkjuskóli ríkisins, með Grétar Unnsteinsson skólameistara í fararbroddi, tók virkan þátt í uppbyggingarstarfinu en bæði kennarar og nemendur hans unnu



Ræktun matjurta var eitt af markmiðum stofnandans.

þar ómetanlegt starf.⁵

Endurnýjun og viðhald Skrúðs hefur verið umfangsmikið verkefni og í raun ekki hægt að gera því tæmandi skil á þessum vettvangi. Það er hins vegar rétt að tæpa á þeim helstu atriðum sem komið hafa til framkvæmda á vegum Framkvæmdasjóðs Skrúðs.

Í fyrsta áfanga, sem stóð árin 2002-2006, var áhersla lögð á að laða fram fyrri einkenni garðsins. Þetta hefði ekki verið gerlegt nema fyrir tilstilli sérfræðinga Garðyrkjuskólans, marga velunnara, sjálfbóðaliða og fyrirtækja. Þá hefur það verið metnaður sjóðsins að umhirðu garðsins væri sinnt vel og reglulega enda ætíð verið ráðinn umsýjónarmaður með garðinum, Skrúðsbændur eins og þeir kallast, allt frá árinu 2003. Hefur það skipt sköpum að viðhaldi og umhirðu sé sinnt af alúð og til þess veljist traust fólk sem hefur metnað til starfans. Fyrstu Skrúðsbændur á þessu tímabili (1993-1999) voru hjónin Halla Knútsdóttir og Sæmundur Þorvaldsson. Þau nutu til að byrja með dyggrar aðstoðar sérfræðinga frá Garðyrkjuskólanum sem voru tíðir gestir vestra á þessum fyrstu árum enduruppbyggingar. Það hefur síðan verið gæfa Skrúðs, að þeirri reynslu og þekkingu hafa þau miðlað til nýrra Skrúðsbænda og gott betur. Sæmundur hefur sem heimamaður einatt hlaupið í skarðið þegar á hefur þurft að halda, bæði við verklegar framkvæmdir og við leiðsögn gesta og hópa sem þess hafa óskað. Segja má, með fullri virðingu fyrir mörgu öðru góðu fólki, að Skrúður væri tæplega sú perla sem hún er í dag, nema fyrir þær sakir að hjónin í Lyngholti hafa í ein 23 ára lagt garðinum ómælt liðsinni.

Meðal þess markverðasta, sem einnig má tíunda, er hátíð sem efnt var til þegar endur- og uppbyggingarstarf áðurnefnds fyrsta áfanga lauk. Hátíðin var haldin í Skrúði á stofndegi garðsins árið 1996 en við það tækifæri afhenti Björn Bjarnason, þáverandi

Skipulagsskrá fyrir Framkvæmdasjóð Skrúðs

1. grein.

Eftirtaldir aðilar, Menntamálaráðherra, Ísafjarðarbær, Garðyrkjuskóli ríkisins, Garðyrkjufélag Íslands, Skógræktarfélag Dýrafjarðar og Skógræktarfélag Íslands, hafa áveðið að stofna sjóð sem skal heita Framkvæmdasjóður Skrúðs, kennitala: 500698-2179.

2. grein.

Tilgangur sjóðsins er:

- að stuðla að varðveislu garðsins Skrúðs, sem sára Sigtryggur Guðlaugsson prófastur stofnaði til árið 1909. Garðurinn er einn af elstu gördum landsins og um margt einstakur menningararfur.
- að tryggja endurnýjun, viðhald og rekstur garðsins.
- að vinna að fræðslu um garðinn, sögu hans og þann gróður sem þar vex.

3. grein.

Eftirtaldir aðilar tilnefna hver sinn fulltrúa í stjórn Framkvæmdasjóðs Skrúðs:

Menntamálaráðherra,
Ísafjarðarbær,
Garðyrkjuskóli ríkisins,
Garðyrkjufélag Íslands,
Skógræktarfélag Dýrafjarðar,
Skógræktarfélag Íslands.

Verði einhver ofangreindra stofnana, samtaka eða félaga lagt niður eða viðkomandi aðilar óska eftir því að lætta starfi í nefndinni, ræður einfaldur meirihluti eftirtaldrar stjórnar, hvort/og hvaða nýir aðilar komi í stjórnina.

Stjórnin skiptur með sér verkum. Formaður, gjaldkeri og ritari mynda framkvæmdastjórn, sem leggur áreiga fram á stjórnarfundum starfskýrslu, ársreikning, framkvæmda- og fjárhagsáætlun sjóðsins. Fundargerðir skulu færðar og varðveittar. Stjórnarseta skal vera ólaunuð.

Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

33

4. grein.

Stofufé sjóðsins er kr. 525.000,-. Sjóðurinn aflar tekna með frjálsum framlögum, áheimtum, minningargjöfum eða á annan hátt. Stofufé sjóðsins má ekki skerða að raunverði.

5. grein.

Fé sjóðsins skal ávallt ávaxta á sem arðberastan hátt. Framkvæmdir og vinnu við Skrúð skal greiða af raunvöxtum sjóðsins og beinum framlögum. Raunvextir sem ekki eru nýttir, af framkvæmdafé hvers árs, skulu lagðir við höfuðstól.

6. grein.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta að 2/3 hlutar stjórnar séu því samþykkir.

7. grein.

Verði sjóðurinn lagður niður, skal stjórnin í samráði við sýslumann Ísafjarðarsýslu ákveða hvernig fjármunum og eignum skal ráðstafað.

8. grein.

Leita skal staðfestingar dómamálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Dag: 25/5.....2001

Underskrift fulltrúa:

Menntamálaráðuneytið

[Handwritten signature]

Garðyrkjuskóli ríkisins

[Handwritten signature]

Skógræktarfélag Dýrafjarðar

[Handwritten signature]

Ísafjarðarbær

[Handwritten signature]

Garðyrkjufélag Íslands

[Handwritten signature]

Skógræktarfélag Íslands

[Handwritten signature]



Purpurapístill (Cirsium hetrophyllum), eða imatraffíll eins og Sigtryggur kallaði þessa jurt sem hann sótti sjálfur til Finnlands, vex með ágætum.



Hreiðra sig smávinir fagrir.

menntamálaráðherra, Ísafjarðarbæ garðinn til eignar. Ýmislegt annað má nefna svo sem að gengið var frá afsali og landamerkjum við landeigendur á Núpi en ekki hafði verið gengið formlega frá því á sínum tíma. Þá var unnið að gerð skipulagsskrár sjóðsins sem samþykkt var árið 2001 en þar kemur fram tilgangur og sá rammi sem Framkvæmdasjóðnum er sniðinn. Á þessum árum var einnig gefinn út kynningar-bæklingur á þremur tungumálum og þótti hönnun hans takast vel.

Gerður var samningur við Ísafjarðarbæ árið 2002 er kveður á um skyldur og hlutverk hvors aðila fyrir sig en það samstarf hefur verið með miklum ágætum. Unnið var að gerð kvikmyndar um garðinn fyrir atbeina Gísla Gestssonar kvikmyndagerðarmanns og var hún sýnd í sjónvarpi árið 2002. Framkvæmdasjóðurinn gaf út dagbók Sigtryggs árið 2004 og var sala á henni og fjárflokkun vegna útgáfunnar og sölu bókarinnar nýtt til eflingar á Framkvæmdasjóði Skróðs.

Framkvæmdasjóðurinn fjármagnaði og kostaði gerð deiliskipulags sem unnið var af Landformi ehf. en Oddur Hermannsson, sem áður hafði komið að framkvæmdum sem kennari við Garðyrkjuskólann, vann skipulagið. Unnið var að betrubótum á aðkomu svæðisins, bætt bílastæði og stígar að garðinum en auk þess unnið að undirbúningi aðstöðuhúsnæðis sem reyndar hefur enn ekki komist til framkvæmda. Endurnýjaðir voru hvalbeinskjálkar sem mynduðu hlið á aðalás garðsins. Voru beinin orðin verulega feyskin og ekki hugað framhaldslíf en ákveðið var að freista þess að varðveita gömlu beinin. Myndaður var fimm manna þverfaglegur starfshópur sem vann að þessu verkefni á fjórða ár. Að ýmsu var að hyggja enda kom á daginn að beinin voru söguleg gersemi. Niðurstaðan varð að endingu sú að koma hinum gömlu beinum fyrir á verðugum stað í Náttúrugripa-

safni Vestfjarða í Bolungarvík. Jafnframt voru fengin ný bein af langreyði sem eigendur Hvals ehf. gáfu sjóðnum. Voru hannaðar nýjar undirstöður og festingar af Jakobi Líndal arkitekt en um niðurtöku og uppsetningu nýrra beina sá Sigmundur Þórðarson húsasmiður á Þingeyri. Þegar þessum nýju beinum hafði verið gert til góða voru þau vígð við hátíðlega athöfn 11. september 2012.⁴

Árið 2009 gaf Íslandspóstur út frímerki tileinkað Skróði í tilefni þess að 100 ár voru frá því að garðurinn fékk nafngiftina Skróður¹⁸. Merkið var hannað af Hany Hadaya sem getið hefur sér gott orð fyrir frumlega og fallega hönnun frímerkja.

Á þessu tímabili, frá árinu 1992 til dagsins í dag, hafa stjórnarmenn í Framkvæmdasjóði Skróðs ritað fjölda greina í blöð og tímarit og kynnt viðburði og markverð tímamót í fjölmiðlum. Öll sú vinna sem þar hefur verið innt af hendi hefur verið unnin í sjálfbodaðavinnu.

Framtíð Skróðs

Stjórn Framkvæmdasjóðs Skróðs var frá upphafi höfð all stór til að fjölbreytt sjónarmið bæði lærðra og leikmanna fengju að njóta sín. Meiri háttar ákvarðanir eru yfirleitt ekki teknar nema að vel athuguðu máli. Megin verkefni sem fyrr verður að varðveita menningarsögu garðsins og arfleið hans, um leið og horfa verður á þróun garðsins í takti við samtímann og breytingar sem verða á samfélaginu á hverjum tíma. Þessi samhenti hópur hefur klárað mörg stór verkefni en enn bíða úrlausnar viðfangsefni sem þarf að takast á við. Eitt er það sem hefur farið mikill tími í en það er fjármögnun viðhalds og umhirðu. Sá ásetningur sem í upphafi var markmið sjóðsins, að efna í svo stóran sjóð að vextir nægðu til að standa straum af öllum rekstri og viðhaldi, hefur ekki gengið eftir enda



Vesturgarðurinn var endurhlaðinn af miklum hagleiksmönnum og þar með endurvakin fyrri ásynd garðsins.



Kryddjurtabeð í anda sjálfbærnihugtaksins.

forsendur mikið breyst frá árinu 1992. Umræðan um fjármögnun og reksturs garðsins hefur í raun verið endurtekið efni þar sem framtíðarlausn er ekki í sjónmáli. Vaxandi umferð, átroðningur og hvernig málum sé best borgið er áhyggjuefni sem verður að leysa ef ekki á illa að fara. Með sama hætti og á öðrum stöðum sem teljast til lykilverðamannastaða velta menn fyrir hvað sé til ráða. En hvernig sem á þetta er litið, þá er Skrúður einnig hluti af stærri heild. Það er því nauðsynlegt að vinna áfram að lausn þeirra verkefna sem framundan eru með það markmið að Skrúður verði áfram landi og þjóð til sóma.

Höfundur: BRYNJÓLFUR JÓNSSON

Heimildir

1. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 1974. 1976. Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1976: 60-62. Skógræktarfélag Íslands, Reykjavík.
2. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 1986. 1987. Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1987: 133-137. Skógræktarfélag Íslands, Reykjavík.
3. Bjarni Pálsson. Munnleg heimild. Apríl 2013.
4. Bæjarins besta. 2012. Ný hvalbein vígð að Skrúði. Af vefsíðu: <http://bb.is/?PageID=26&NewsID=177048>.
5. Firðir og Fólk 1900- 1999. Vestfjarðarit II, Vestur – Ísafjarðarsýsla. Útgáfufélag Búnaðarsambands Vestfjarða 1999. 519 bls.
6. Halldór Kristjánsson. Sigtryggur Guðlaugsson prófastur og skólastjóri á Núpi. Aldarminning. Bókautgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
7. Ingunn Sigríður Þorsteinsdóttir. Munnleg heimild. Apríl 2013.
8. Kári Jónsson. Munnleg heimild. Mars 2014.
9. M.Th. 1957. Angandi blómareitur á gamla stekkjaholtinu, sem áður var úfið og hrjóstrugt. Morgunblaðið 29.06.1957. Bls. 11.
10. Magdalena Sigurðardóttir. Munnleg heimild. Júlí 2013.
11. Margrét Rakel Hauksdóttir. Munnleg heimild. Apríl 2013.
12. Ólöf, Einar og Sigurður Jónsbörn. Munnleg heimild. Apríl 2013.
13. Ragnar Ásgeirsson. 1927. Vestur á fjörðum. Tíminn, 01.10.1927. Bls. 164.
14. Ræktunarfélag Norðurlands 1905. 1905. Ársskýrsla Ræktunarfélags Norðurlands 1905: 104-121. Ræktunarfélag Norðurlands, Akureyri.
15. Samson Bjarnar Harðarson. Íslenskir skemmtigarðar. Skrúður á Núpi í Dýrafirði. Morgunblaðið, 21.03. 2005. Bls. 42.
16. Sigtryggur Guðlaugsson. 2004. Skrúður á Núpi, Græðsla og Gróður í 40 ár. (1909-1949). Framkvæmdasjóður Skrúðs 2004.
17. Sigurður Blöndal. Munnleg heimild. Mars 2014.
18. Skrúður. 2013. Frimerkjablaðið: 19.
19. Sæmundur Kr. Þorvaldsson. 1993. Að gera upp garð. Morgunblaðið, 01.05.1993. Bls. 14C-15C.
20. Valdimar H. Gíslason. 2008. Eru hvalbeinin í Skrúð af stærstu skepnu sögunnar?. Morgunblaðið, 20.04.2008. Bls. 26-27.
21. Vilborg Guðmundsdóttir. 1988. Vorþankar um Skrúð. Morgunblaðið, 21. 05.1988. Bls. 19.
22. Örlýgur Hálfðánarson. 1963. „Hjá honum hefði ég viljað fermast tvisvar, aldarminning síra Sigtryggs Guðlaugssonar. Samvinnan, 57. árg. (10): 12.

ⁱ Sigtryggur Guðlaugsson, 2004, bls. 60.

ⁱⁱ Sigtryggur Guðlaugsson, 2004, bls. 39.

ⁱⁱⁱ M.Th., 1957, bls. 11.

^{iv} M.Th., 1957, bls. 11.

^v Vilborg Guðmundsdóttir, 1988, bls. 19.

Móðir íslensku stafafuruskóganna



Um áratuga skeið safnaði Barbara D. Kalen frá Skagway í Alaska stafafurufraei fyrir Íslendinga í góðu samstarfi við íslenska skógræktarmenn. Óhætt er að fullyrða að enginn einstaklingur hafi lagt jafnmikið á sig við söfnun stafafurufraes af Skagway-kvæmi, en það er algengasta og útbreiddasta stafafurukvæmi hér á landi og það sem best hefur reynst. Haustið 1964 gerði hún fræsöfnun sinni og skógræktarmálum Íslendinga góð skil í greininni „New Trees for Iceland“ sem hún skrifaði fyrir tímaritið Natural History Magazine en einhverra hluta vegna birtist hún aldrei. Um líkt leyti skrifaði hún aðra grein undir heitinu „Pine Cones for Iceland“ um sama efni sem hefur heldur ekki birst. Í þessari grein, sem rituð er hálfri öld síðar, styðst ég að miklu leyti við áður nefndar greinar auk annarra heimilda um Barböru Kalen og tengsl Íslendinga við Skagway í Alaska.

Barbara D. Kalen safnar stafafurufraei haustið 1963 í grennd við heimabæ sinn, Skagway í Alaska. Mynd: Frá fjölskyldu Barböru Kalen

Stafafura (*Pinus contorta*) kennd við smábæinn Skagway í Alaska hefur verið ráðandi stafafurukvæmi í skógrækt hér á landi undanfarna áratugi. Skagway-stafafuran er eins konar millistig meginlands- og strandafbrigðis stafafurunnar og er ekki eins beinvaxin og meginlandskvæmið. Hún hentar vel íslenskum

aðstæðum enda harðgerð og fljótvoxin. Almennt gerir stafafuran ekki miklar kröfur til jarðvegs og þrífst vel í hlýjum, meðalþurpum og næringarríkum jarðvegi, svo sem mólendi, en einnig er hún dugleg að sá sér sjálf við erfiðar aðstæður, jafnvel í næringar-snauda mela þar sem fátt annað festir rætur.

Stafafuran á rætur að rekja til vesturhluta Norður-Ameríku og hana má finna allt frá Colorado til Kaliforníu og norður til Alaska. Stafafuran getur náð allt að 30 metra hæð í heimkynnum sínum og orðið 600 ára gömul. Líkt og enskt heiti hennar, *lodgepole pine*, gefur til kynna, notuðu frumbyggjar Norður-Ameríku hana gjarnan til að reisa tjöld en í hefðbundnu indíána-tjaldi eru 15-18 furubolir. Indíánar nýttu vissa hluta furunnar einnig í lækningaskyni, meðal annars til að sóttþreinsa sár.

Skoski plöntusafnarinn David Douglas var fyrsti Evrópumaðurinn til að uppgötva tegundina en það gerði hann við Columbia-ána í Washington-fylki árið 1825. Fyrstu fræin bárust til Evrópu upp úr miðri 19. öld.ⁱ

Um hlut stafafurunnar í íslenskri skógrækt þarf ekki að fjölyrða enda er hún einfaldlega eitt mikilvægasta og algengasta skógartréð. Árið 2012 voru gróður-settar ríflega 560.000 stafafurur í skógum landsins sem nemur um 17% af heildagróðursetningu til skógræktar. Er það álíka fjöldi og gróðursettur var af sitkagreni það ár.ⁱⁱ Gera má því skóna að megnið af plöntunum sé af Skagway-kvæmi.

Vinsældir stafafuru sem jólatré hafa aukist jafnt og þétt á undanförnum árum og nú er hún mest selda innlenda tréð og gjarnan nefnd „íslenska jólatréð“ af skógræktarmönnum. Þrátt fyrir að vera óhefðbundið jólatré þarf ekki að undrast vinsældir hennar enda er hún falleg, ilmandi og afar barrheldin, sérstaklega í samanburði við rauðgrenið, sem lengi vel var vinsælast af innlendum jólatrjám.

Einar Sæmundsen kemur til Skagway

Stafafura kom fyrst til Íslands árið 1936 en þá fékk Guttormur Pálsson, skógarvörður á Hallormsstað, fræ frá Smithers í Bresku-Kólumbíu í Kanada. Nokkur hundruð plöntur voru gróðursettar við Atlavíkurstekk árið 1940.

Samskipti skógræktarmanna á Íslandi og í Alaska hófust af fullum krafti undir lok seinna stríðs þegar Hákon Bjarnason og Vigfús Jakobsson voru þar á ferð og söfnuðu fræi.ⁱⁱⁱ Árið 1950 varði Einar G. E. Sæmundsen skógarvörður tveimur mánuðum við fræsöfnun í Alaska og kom þá meðal annars við í

Orkan geislaði af henni

Ólafur V. Sigurðsson, fyrrverandi skipverji hjá Landhelgisgæslunni, kynntist Barböru D. Kalen fyrir rúmum tveimur áratugum þegar hann var á skútuferðalagi fyrir ströndum Alaska ásamt konu sinni og bandarískum kunningja þeirra. Þegar þau lögðust að höfn í Skagway sagði hafnarstjórinn að þau yrðu að hitta konu sem byggði í bænum og hétu Barbara. „Því að ef hún kemst að því að hingað hafi komið Íslendingar og að ég hafi ekki látið hana vita, þá drepur hún mig!“ bætti hafnarstjórinn við.

Skagway er gamall gullgrafarabær sem má muna sinn fífil fegurri. Fyrir aldamótin 1900 bjuggu þar hátt í 10.000 manns en nú eru íbúarnir innan við 1.000. Barbara rak minjagripaverslun við aðalgötu bæjarins sem er í göngufæri frá höfninni. „Í sex mánuði á ári seldi hún túristum filmur. Svo var hún mikið í listum, bæði leiklist og myndlist. Á efri hæðinni var hún með listagallerí og hún seldi málverk eftir alla listmálara í Alaska,“ segir Ólafur. Vel fór á með ferðalöngunum og Barböru og sagði hún þeim meðal annars frá kynnum sínum af Hákoní Bjarnasyni skógræktarstjóra en þau skrifuðust lengi á. Fáeinum árum fyrr, þegar Barbara frétti að Hákon væri orðinn heilsutæpur, fór hún til Íslands til fundar við hann. „Þau áttu svo merkilegt samstarf. Þegar tveir svona pólar eins og Hákon og hún lenda saman verður útkoman mögnuð, sérstaklega þegar málefnið á meira skylt við trúarbrögð en vinnu.“

Úr varð að Ólafur bauð Barböru að koma aftur til Íslands og dvelja hjá sér sem hún og þáði. Í ferðinni notaði hún tækifærið og heilsaði upp á íslenska skógræktarmenn, meðal annars hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur í Fossvogi og á starfsstöðvum Skógræktar ríkisins í Skorradal og Haukadal. Kynni Ólafs af Barböru urðu einnig til þess að hann fékk sjálfur áhuga á trjárækt.

Ólafur og Barbara héldu sambandi bréfleiðis þangað til að hún féll frá fyrir þremur árum.

„Orkan geislaði af henni. Maður sá að hún var slitin af vinnu líka og hafði greinilega aldrei hlíft sér. Hún virkaði á mann sem alger víkingur.“

i Auður I. Ottesen (ritstjóri), 2006, bls. 119-122.

ii Einar Gunnarsson, 2013, bls. 84-89.

iii Sigurður Blöndal og Skúli Björn Sigurðsson, 2000, bls. 229-230.



Af lýsingum samferðarmanna hennar að dæma var Barbara D. Kalen lífsglöð og þróttmikil kona sem undi sér best í náttúrunni.
Mynd: Frá fjölskyldu Barböru Kalen

Skagway þar sem hann safnaði fræi af stafafuru og fjallapíni. Í ársriti Skógræktarfélags Íslands 1951-1952 lýsir Einar ferð sinni um nágrenni Skagway.

Við Malcolm Hardy fórum árla morguns upp í fjallið austan við bæinn. Var það strembin ganga og lengra að leita þessara tegunda, en við ætluðum í fyrstu. Við fundum að lokum allmörg tré innan um sitkagrenið. Fellðum við nokkur þeirra en klifruðum upp í önnur. Fremur varð okkur smátt til fanga. Fjallapínurinn hafði borið fáa köngla, og vegna þess, hve áliðið var, voru fræin tekin að falla úr þeim. Stóð köngulþrjónninn víða eftir nakinn. Contortafuran var líka með lítið af könglum, en þó náðum við í meira af henni. En illa tókst að þreskja könglana og fengum við því sáralítið fræ úr þeim.^{iv}

Þrátt fyrir að Einar G. E. Sæmundsen hafi ekki haft mikið upp úr kraftinu í Skagway, voru íslenskir skógræktarmenn komnir á bragðið. Árið 1953 dvöldu þrír Íslendingar í Alaska um níu mánaða skeið og lögðu þar stund á margvíslega skógarvinnu. Þetta voru Brynjar Skarphéðinsson, Indriði Indriðason og Vilhjálmur Sigtryggsson en allir höfðu þeir lokið námi í Skóla Skógræktar ríkisins. Um haustið söfnuðu þeir félagar fræjum af ýmsum tegundum trjáa, runna og plantna. Þar á meðal var fyrsti stóri skammturinn af Skagway-stafafuru.^v

Manning Seed Company situr eitt að fræsöfnun

Árið 1954 fengu Íslendingar ekki leyfi bandarískra yfirvalda til frekari fræsöfnunar í Alaska. Mun sú ráðstöfun hafa verið að undirlagi fyrirtækisins Manning Seed Company sem vildi sitja eitt að þessari söfnun. Næstu árin sömdu því íslenskir skógræktarmenn við fyrirtækið um fræsöfnun. Meðal annars stóð Manning Seed Company fyrir söfnun stafafurufraes í nágrenni Skagway og naut þar liðsinnis heimamanna auk þess sem Ágúst Árnason, sem þá var við háskólanám í Kaliforníu, vann á þeirra vegum í Skagway haustið 1958. Skólabörn og skátar söfnuðu fræi í Skagway um tíma en áhuginn minnkaði og á endanum lagðist söfnunin af.

Það var ekki fyrr en haustið 1963 að fulltrúi frá Manning Seed Company kom aftur til Skagway og óskaði eftir fólki til að safna stafafurufraejum. Bar hann því við að Íslendingar þyrftu nauðsynlega á þeim að halda vegna áætlunar sinnar um endurheimt skóglendis. Í þessu samhengi er vert að benda á að þetta sama ár gekk aprílhrætið alræmda yfir landið en það lék illa skóga á Suður- og Vesturlandi. Þá hafði skógarfura, sem áður var algengasta furutegund í íslenskum skógum, farið illa úr lúsafaraldri upp úr 1960 og eyðst alveg á stórum svæðum. Síðast en ekki síst höfðu menn þá þegar góða reynslu af ræktun Skagway-stafafurunnar þó að ekki hefði hún verið íslenskur ríkisborgari í mörg ár þegar þarna var komið sögu.



Árið 1991 kom Barbara D. Kalen til Íslands og dvaldi hjá Ólafi V. Sigurðssyni og Sigurðst Gísladóttur, eiginkonu hans. Í þeirri ferð heimsótti hún íslenska skógræktarmenn og sá með eigin augum þann árangur sem fræsöfnun hennar hafði skilað. Mynd: Úr safni Ólafs V. Sigurðssonar

Fræsöfnun enginn hægðarleikur

Fulltrúi Manning Seed Company hét áhugasömum fræsöfnurum í Skagway 50 sentum á pundið af fræi sem margir töldu verða auðfengið fé. Sú var ekki raunin vegna þess að, líkt og Einar G. E. Sæmundsen uppgötvaði 13 árum fyrr, það er ekki alltaf hlaupið að því að safna fræjum stafafurunnar. Ekki er heldur auðvelt fyrir leikmanninn að átta sig á því hvort furuköngull sem verður á vegi hans sé með nothæft fræ. Fjöldi kappsfullra fræsafnara snéru því hróðugir úr skóginum til þess eins að uppgötva að sekkir þeirra voru fullir af ónýtum könglum.

Ein af þeim sem brugðust við kalli íslenskra skógræktarmanna haustið 1963 var kona að nafni Barbara D. Kalen en hún hafði hrifist af áhuga Íslendinga á skógrækt í fyrri fræsöfnunarferðum þeirra til Skagway. Meðal annars bauð fjölskylda hennar Agústi Árnasyni í mat til sín þegar hann dvaldi í bænum haustið 1958 og sagði hann henni frá skógræktaráformum Íslendinga.

Barbara og íkornarnir

Kalen fór aðrar leiðir en hinir fræsafnararnir. Í stað þess að tína tóma köngla upp af jörðinni tók hún íkorna skógarins í þjónustu sína og lét þá um mesta stritið.

Stafafurukönglar falla ekki þegar þeir hafa náð proska og þar sem fururnar eru yfirleitt ekki felldar í Skagway, er ekki hægt að fá köngla af felldum trjám. Könglarnir þroskast hvort eð er ekki allir strax. Þegar þeir eru orðnir þroskaðir tína rauðíkornarnir þá og safna saman miklum fjölda köngla, oft miklu fleiri en þeir hafa not fyrir. Galdurinn á bak við könglasöfnun felst þess vegna í því að finna felustað íkornanna og stela þeim frá þeim!^{vi}

Með þessum orðum lýsti Barbara D. Kalen könglasöfnun sinni í grein sem hún skrifaði fyrir tímaritið Natural History Magazine árið 1964 en birtist aldrei. Að sögn hennar var það nokkuð krefjandi verkefni að þefa uppi felustaðina þar sem þeir voru jafnólíkir og þau voru margir. Sumir voru í klettaskriðum og var oftast en ekki ógjörningur að ná til þeirra, aðrir voru grafnir á víðavangi eða við tré.

Fólk spurði Barböru gjarnan að því hvort hún skammaðist sín ekki fyrir að ræna vesalings litlu íkornana en hún hafði litlar áhyggjur af því. Skógarverðir fullvissuðu hana enn fremur um að ekki væru miklar líkur á því að nokkur íkorni myndi farast úr hungri vegna stuldarins. Þeir yrðu sér úti um mat eftir öðrum leiðum og söfnuðu yfirleitt fleiri könglum en þeir hefðu not fyrir.

Ekki álitin verðmæt tré

Í Skagway furðuðu margir sig á því að Íslendingar vildu komast yfir fræ af stafafuru. „Stafafururnar eru yfirleitt ekki álitnar mjög verðmætt tré í Alaska. Viðast hvar í Suðaustur-Alaska, er þetta runnakennd tegund sem vex aðeins í mýrum og klettóttum ströndum og trén eru nær öll lágvaxin og vanþroska,“ skrifar hún í áðurnefndri grein. Í grennd við bæina Haines og Skagway, plumi þær sig þó betur í samkeppni við greni og þallir enda loftslagið þurrara.

Viðurinn er sterkur og þungur. Hann hefur þó ekki verið nýttur til timburframleiðslu. Það er ekki það margar þyrpingar af stórvaxinni furu að finna en nóg af stórum grenitrjám sem að auki er auðveldara að komast að. Heimamenn höggva fururnar næst vegunum í eldivið, lestarvagnastaura og girðingastaura en það er varla hægt að tala um að það séu nokkur verðmæti fólgin í þeim.^{vii}

iv Einar G. E. Sæmundsen, 1952, bls. 88-89.

v Sigurður Blöndal og Skúli Björn Sigurðsson, 2000, bls. 229-230.

vi Barbara D. Kalen, 1964, óbirt grein.

vii Barbara D. Kalen, 1964, óbirt grein.



Á könglaslóðum í Alaska

Ágúst Árnason, fyrrverandi skógarvörður í Skorradal, kynntist Barböru Kalen haustið 1958, þegar hann vann við könglasöfnun á vegum Manning Seed Company, í Alaska. Hann hafði ferðast vítt og breitt um ríkið og var Skagway síðasti viðkomustaður hans í ferðinni.

Umboðsmaður Manning Seed Company í Skagway var munkur sem rak vistheimili fyrir unga indíána sem áttu ekki í önnur hús að venda. Sá lét Ágúst fá stálpaðan pilt af vistheimilinu sem leiðsögumann og saman héldu þeir út í skóg í leit að könglum. „Þetta var ágætis strákur en hann hafði aðallega áhuga á því að klífa fjöll. Við klifruðum öll fjöll og firnindi en könglasöfnunin var skrambi léleg“, segir Ágúst sem leist ekki á blikuna enda fékk hann aðeins borgað fyrir það sem hann safnaði en ekkert fast kaup.

„Hótelvistin var nokkuð dýr þannig að ég sá að ég vann ekkert fyrir mér og vildi hætta þessu“, segir Ágúst sem var þá þegar búinn að panta far með flugvél. Síðasta kvöldið sem hann hugðist dvelja í Skagway fór hann á barinn þar sem fjöldi fólks var samankominn. „Ég fór að tala við hina og þessa um þetta vandamál mitt. Það voru margir sem töldu að það væri nóg af könglum þarna og að ég þyrfti bara að komast á rétta leið. Þar á meðal var lítill og þrekinn maður sem var mjög fyrirferðamikill og talaði mikið. Við lentum á spjalli og hann vildi allt fyrir mig gera, bauðst meira að segja til að lána mér bílinn sinn. Ég gaf nú ekki mikið út á þetta en vildi fá að tala við hann í betra tómi daginn eftir þegar runnið væri af honum“, segir Ágúst og bætir við að þetta hafi orðið til þess að hann hafi hætt við að fara.

„Ég vissi ekkert hvar hann ætti heima, maðurinn

sem ég hafði talað við og ætlaði að redda mér um allt, þannig að ég fór til barþjónsins og spurðist fyrir um hann. Hann sagði mér að það þýddi nú ekkert að tala við hann fyrripart dags eftir svona nótt.“

Til að drepa tímann rölti Ágúst um bæinn og rakst þá á verslun sem seldi ljósmyndavörur. „Ég fór inn til að skoða og velja nokkrar slides-myndir til að taka með mér heim. Konan í búðinni fór að spjalla við mig og úr verður að hún býður mér heim til sín í kvöldmat og myndakvöld ásamt tveimur kennslukonum úr skólanum. Þetta var Barbara Kalen.“

Um kvöldið bankaði Ágúst upp á hjá Barböru Kalen og var tekið vel á móti honum. „Þegar ég kem inn sé ég að þar situr maður í hægindastól með mikinn trefil og Barbara segir við mig: Það þarf nú ekki að kynna ykkur. Þið kynntust í gærkvöldi.“ Þarna var þá kominn eiginmaður hennar, sá sami og hafði boðist til að liðsinna Ágústi á barnum kvöldið áður. Hann lét minna fyrir sér fara þetta kvöld og Ágúst innti hann ekki frekar eftir aðstoð við könglasöfnun enda hafði honum verið bent á að best væri að tala við mann að nafni Forrest Bates sem var öllum hnútum kunnugur. Bates þessi átti eftir að leiða Ágúst á réttar slóðir í könglasöfnuninni. Þarna hófust samt kynni Ágústs og Barböru Kalen sem síðar átti eftir að verða stórtækur könglasafnari og náinn samstarfsmaður íslenskra skógræktarmanna.

„Það var gaman að spjalla við hana og hún spurði um eitt og annað sem tengdist Íslandi. Hún var mjög viðkunnanleg og elskuleg sem sést best á því hvað hún tók vel á móti mér þegar ég kom þarna alveg ókunnugur og ætlaði að kaupa myndir af henni“, segir Ágúst Árnason.

Vinstri síða.

Árið 1958 kom Ágúst Árnason, sem þá var við nám í Kaliforníu, til Skagway í Alaska og kynntist þá Barböru D. Kalen sem átti eftir að leggja mikið af mörkum til íslenskrar skógræktar með fræsöfnun sinni. Mynd: Úr safni Ólafs V. Sigurðssonar

T. h. Undanfarna áratugi hefur stafafuruna skipað stóran sess í skógrækt hér á landi og sem dæmi má nefna að árið 2012 námu gróðursetningar á stafafuru um 17% af heildargróðursetningum á landinu. Mynd: RF

Það sem Íslendingarnir sáu við stafafuruna frá Skagway var harðgerð tegund sem átti auðvelt með að laga sig að erfiðum aðstæðum og fjölga sér í landi sem hafði tapað stórum hluta af skóglendi sínu.

Pöntunin sem Manning Seed Company fékk frá íslenskum skógræktarmönnum haustið 1963 hljóðaði upp á 25 poka af stafafurufræjum. Þegar upp var staðið tókst aðeins að safna fræi í fimm poka. „En Hákon Bjarnason, skógræktarstjóri, sem var mjög vingjarnlegur og liðlegur þegar ég aflaði upplýsinga í grein þessa, fullvissaði mig um að hver únsa af fræi af furunum okkar yrði mikils metin,“ skrifaði Barbara D. Kalen í sömu grein. „Þeir eru að gróðursetja fyrir framtíðina - í þeirri von að eftir 1000 ár muni afkomendur þeirra hafa góða skóga sem munu verja vatnsból þeirra og halda uppi sjálfbærri og hófsamri viðarvinnslu. Fyrir þjóð sem býr yfir meira en 1000 ára sögu, líkt og Íslendingar, skýtur alls ekki skökku við að gera áætlanir svo langt fram í tímann.“

Barbara Kalen skrifaði greinina „New Trees for Iceland“ árið 1964 en þá átti hún eftir að stunda fræsöfnun fyrir íslenska skógræktarmenn lengi enn eða fram á níunda áratuginn. Um tíma var orðið erfitt að fá fræ í nágrenni Skagway og greip hún þá til þess ráðs að laumast yfir landamærin til Bresku-Kólumbíu í Kanada og safna fræjum þar. Stór hluti stafafurureita hér á landi er sprottin upp af fræi sem þessi duglega kona safnaði með aðstoð íkorna. Saga hennar hefur þó hingað til ekki verið á vitorði nema þeirra sem til þekktu og áttu í samskiptum við hana. Í ljósi þess hve útbreidd og mikilvæg stafafuran, og þá sér í lagi Skagway-kvæmið, er í íslenskri skógrækt væri ef til vill ekki úr vegi að íslenskir skógræktarmenn héldu minningu þessarar heiðurskonu á lofti með því að gróðursetja stafafurulund henni til heiðurs.



Eftirmáli

Tildrög þessarar greinar eru þau að fyrr á árinu kom Ólafur V. Sigurðsson, fyrrverandi skipverji hjá Landhelgisgæslunni, í heimsókn á skrifstofur Skógræktarfélags Íslands og hafði meðferðis ýmis gögn sem tengdust Barböru D. Kalen. Þar á meðal voru tvær greinar sem hún skrifaði um fræsöfnun fyrir Íslendinga, bréf frá dóttur hennar og ljósmyndir. Í kjölfarið ákvað ritstjórn Skógræktarritsins að fjalla um þennan merkilega en lítt þekktu þátt hennar í skógræktarsögu Íslands. Auk Ólafs veitti Þórarinn Benediktz, skógfræðingur og fyrrverandi forstöðumaður Rannsóknastofnunar skógræktar á Mógilsá, ýmsar upplýsingar um samskipti Barböru við íslenska skógræktarmenn. Þá lagði Ágúst Árnason, fyrrverandi skógarvörður í Skorradal, einnig til gagnlegar og áhugaverðar upplýsingar um hana. Allir eiga þeir þakkir skildar fyrir þeirra framlag til þessarar greinar.

Höfundur: EINAR ÖRN JÓNSSON

Heimildir

Auður I. Ottesen (ritstj.). 2006. Bartré á Íslandi. Sumarhúsið og garðurinn, Reykjavík. 140 bls.

Barbara D. Kalen. 1964. New Trees For Iceland. Öbirt grein.

Barbara D. Kalen. á.á. Pine Cones For Iceland. Öbirt grein.

Einar Gunnarsson. 2013. Skógræktarárið 2012. Skógræktarritið 2013, 2 tbl., 84-89.

Einar G. E. Sæmundsen. 1952. Fræsöfnun í Alaska 1950. Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1951-1952, 68-91.

Sigurður Blöndal og Skúli Björn Sigurðsson. 2000. Íslandsskógar. Mál og mynd, Reykjavík. 267 bls.



1. mynd. Deild í Fljótshlíð - yfirlitsmynd. Trjáræktin er ofan og hægra megin við græna íbúðarhúsið en gróðurhús er vinstra megin.

Tuttugu ára trjárækt í Deild í Fljótshlíð

Aðstæður

Jörðin Deild í Fljótshlíð hefur tengst fjölskyldunni í meira en 250 ár svo taugar hennar rista þar djúpt. Í Árbók Ferðafélags Íslands 1931 er fjallað um Fljótshlíð. Þar segir m.a. „tún eru þar mikil og grasgefin og ágæt skilyrði til grasræktar“. Þetta lýsir í hnotskurn kostum og göllum aðstæðna þar fyrir trjárækt í túnnum sem ræktuð hafa verið í þúsund ár. Grasið gefur sig ekki og eftir tuttugu ára baráttu er ekki að sjá neina undangjöf nema þar sem laufþekja trjánna hefur hulið grassvörðinn dimmum skugga í mörg ár. Jarðvegurinn er frjósamur og flokkast sem brúnjörð (andosol). Slíkur jarðvegur er ríkur af lífrænum efnum, inniheldur allofan-leir og myndar kúluþykka úr smáum moldarkúlum í efstu 10-20 cm. Þar sem hlíðinni hallar nokkuð bratt á móti suðri er lítil hætta á næturfrosum á sumrin, kal fátítt og inngeislun sólar meiri en ella væri. Vatn sígur fram undan hallanum eins og sést í skurðum sem grafnir hafa verið þvert á brekkuna. Það nýtist trjágróðrinum vel.

Upphaf trjáræktar

Litill trjágarður hefur lengi verið í Deild en sú trjárækt sem hér er til umræðu hófst 1993. Þá var leitað ráða hjá skógræktarmönnum með staðarþekkingu en

ábendingar þeirra voru ekki uppörvandi. Þeir bentu m.a. á að stíf austanátt og langvarandi skafrenningur að vetri myndi líklega granda verkefninu. Þetta var eðlileg ályktun enda segir sagan að fáum árum áður hafi gert skaraveður í Fljótshlíð sem m.a. skóf málningu af húsum ofan snjólinunnar og klippti ofan af trjám sem fyrir því urðu. Væntanlegt ræktunarsvæði stóð algerlega opið fyrir öllum veðrum án nokkurs skjóls eins og sjá má á 1. mynd. Áhugafólk úr röðum vina og kunningja leit öðruvísi á möguleikana og bentu á að með útsjónarsemi og rúmum tíma gæti trjárækt blessast eins og sjá mætti í gamla garðinum. Áhættan væri hverfandi en sennilega þyrfti að strita meira til að ná árangri en við skjólbetri aðstæður. Byggt á þessu var ráðist í verkefnið þrátt fyrir litla reynslu og þekkingu. Fyrst var ræktunarsvæðið girt, það skipulagt og svo valdar nokkrar tegundir til að taka fyrsta slaginn. Sumarið 1993 var aðallega plantað berróta víðitegundum og bakkaplöntum af birki, ösp, gráelri og rússalerki.

Veturinn eftir var eins og flestir fyrri vetur og mat skógræktarmannanna rættist að mestu. Allt gráelrið og rússalerkið drapst. Það sem eftir lifði af öðrum tegundum var bertálgað niður hálfan stofninn og niður í rót á þeirri hlíð sem var áveðurs. Þrátt fyrir



2. mynd. Grádelri í einu af elstu skjólbeltunum.

Þetta var ákveðið að reyna aftur. Allt tiltækt lesefni var innbyrt og birgjar heimsóttir til að meta sóknarfærin. Ljóst var að ekkert gengi án skjóls. Ekki var hægt að bíða eftir því að víðitegundirnar sköffuðu skjólið enda höfðu þær orðið fyrir sömu búsisfjum og aðrar tegundir. Ekki var þó hætt við víðinn. Hjá Sölufélagi garðyrkjemanna fannst möguleg lausn. Það var metra breitt sterkbyggt plastnet frá svissneska framleiðandanum Tenex sem selt var í 15 m rúllum. Í nokkrum lotum næstu árin var keypt meira en 300 m af þessu skjólneti og það fest niður með 7x180 cm tréstaurnum með 1 m millibili. Það dugði – slagurinn var unninn.

Skjólmyndun

Virkni skjólgirðinganna kom berlega í ljós við fyrsta áhlaupið veturinn 1994-5. Skaflinn skjólmegin teygðist allt að 30 m út frá netinu og allt að 8 metra áveðurs. Á grundvelli þessa var sú vinnuregla tekin upp að hafa hámarks fjarlægð á milli samhliða skjólneta um 25 m.

Í upphafi var stefnt að því að byggja upp skjól með þriggja raða víðibelti og með sitkagreni í skjóli þeirra. Tólf kvæmi af alaskavíði voru sett niður. Mest af Hrímu (> 1000 stk.). Sex klón voru af jörfavíði og ellefu önnur klón og tegundir. Helmingur þeirra reyndist lélegur og endingarlítill. Skjólgildi þeirra rýrnaði fljótt þegar þeir gisnuðu við greinadauða og þegar stofnar þeirra lögðust út af um nokkra metra. Alaskavíðir reyndist betur en jörfavíðir, einkum klónin Hríma, Máni, Mjölínir, Oddur guli, Skessa og Töggur. Þegar um tíu ára reynsla var fengin af ræktunarstarfinu varð ljóst að áherslan á víðiskjólbelti hafði verið of mikil.



3. mynd. Sitkagreni á kafi undir snjóskafli við skjólnet. Tuttugu árum síðar eru skjólnetin enn í notkun eftir að hafa margsinnis verið flutt á nýja notkunarstaði.

Sleppa hefði mátt þeim flestum, m.a. vegna þess að sitkagrenið sem átti að vaxa í skjóli þeirra naut þess aldrei enda óx það fljótlega fram úr víðinum. Tenex skjólgirðingarnar reyndust betur. Þó verður ekki fram hjá því litið að enn standa falleg og skjólgóð belti með framangreindum klónum sem gert hafa sitt gagn. Nú fer mikil orka í að farga öðrum víðiskjólbeltum sem er ekki auðvelt verk. Komnar voru fram áhugaverðar hugmyndir um blönduð skjólbelti sem samsett væru úr mörgum misjafnlega hávöxnum tegundum af trjáum og runnum sem plantað er á víxl. Ekki var talið að gróðursetning blandaðs skjólbeltis hefði breytt miklu. Þær tegundir hefðu að líkindum átt jafn erfitt með að komast á legg eins og annar trjágróður á þessum berangri.

Gróðursetning og millibil

Þegar ljóst varð að fyrsta gróðursetningin hafði mistekist var lagst í mikla þekkingarleit og voru t.d. öll Ársrit Skógræktarfélags Íslands frá upphafi lesin. Meðal annars var leitað að heppilegri fjarlægð á milli plantna við gróðursetningu. Fyrsta ábendingin var í Skógræktarritinu 1935 sem mælti með 50 – 75 cm millibili við fyrstu gróðursetningu (18-20 þús. tré/ha) með grisjun síðar. Þetta bil átti eftir að stækka í árána rás og þéttleikinn að minnka niður í t.d. 3.500 tré/ha – sem svarar til um 1,7 m bils á milli plantna við fyrstu gróðursetningu. Þá er gengið út frá því að grisjun sé reglulegur þáttur í starfseminni eins og hún auðvitað er í alvöru skógrækt. Til grundvallar liggur vitneskjan um afföll vegna erfiðs veðurfars í skjóllitlu landi og að þéttleikinn skapar betri, og beinvaxnari tré fyrir lokafellingu. Í fullgrísjúðum skógi



4. mynd. Dögglingssþyrnir (*Crataegus douglasii*) í góðu skjóli.

standa e.t.v. eftir um 350 tré/ha (eins og er í Guttorms-lundi á Hallormsstað) – e.t.v. um tíundi hluti þess sem upphaflega var plantað.

Viðhorf flestra fristundaræktenda til þéttleika og grisjunar hljóta að vera önnur. Kostnaður vegna affalla er hár bæði vegna sokkins efniskostnaðar og vinnu. Þá ráða margir illa við grisjunina og sinna henni af þeim sökum minna en þyrfti. Heppilegra er losna við grisjunina með því að tryggja plöntunum fullnægjandi uppeldi og vaxtarskilyrði og koma þeim fyrir á varanlegum og tryggum vaxtarstað þótt það kosti meiri vinnu og tíma í upphafi.

Skjólgirðingarnar gerðu örugga plöntun bakka-plantna mögulega og var sitkagreni upphaflega gróðursett með 3 m millibili (rúmlega 1.100 plöntur á ha). Nokkrum árum seinna varð sýnt að til að halda heppilegu ljósmagni í trjáreitunum þyrfti að fjarlægja þriðju hverja plöntu enda voru náttúruleg afföll mjög lítil. Best hefur reynst að stinga grenið upp áður en það nær eins metra hæð. Ef það væri gert síðar yrðu flutningar erfiðir án véla. Í framhaldinu hefur sitkagreni verið plantað með 4-5 m millibili.

Kostnaður við skjólgirðingar er umtalsverður og augljós ávinningur að komast hjá því að nota þær nema í brýnni þörf. Því var ráðist í að framrækta smáplöntur (t.d. bakkaplöntur) í þeim sem eru í skjóli af eldri trjám. Þetta útheimtir talsverða vinnu og hefur leitt til þess að margar tegundir eru ekki gróðursettar á varanlegum stað fyrr en þær eru orðnar fjögurra til sex vetra. Þær hafa þá staðið í ræktunarbeði í allt að fjögur ár og orðnar hátt í metri á hæð.

Sáning og uppeldi

Þegar hin reglubundnu ræktunarstörf voru komin



5. mynd. Sitkagreni og myrarlerki í uppeldisreit.

í góðan farveg hófust þreifingar með sáningu og uppeldi smáplantna. Það var hluti af ánægjunni en einnig mikilvægur þáttur í að halda kostnaði innan hóflegra marka. Þessi starfsemi eflist með tilkomu gróðurhúss sem er með glerjaða suðurhlíð og suður-þak en er að öðru leyti einangruð timburbygging sem nýtist einnig sem vélageymsla. Ferli þessarar uppeldisstarfsemi hefur þróast smátt og smátt og er nú í stórum dráttum þannig:

1. Yfirleitt er sáð í mars en þá nýtast sólardagar til að byggja upp varma í húsinu til að mæta einstaka frostnótt sem búast má við á þessum tíma. Þríklun er í sumarbyrjun og stundum umpottun að hausti. Ungplönturnar eru óslitið í húsinu fram undir júní á öðru ári. Kosturinn við að sá snemma er að plönturnar ná lengri vaxtartíma og byggja upp næringarforða og frostþol fyrir fyrsta veturinn.

2. Árgamlar plöntur eru settar út í júní og standa þar í skjóli til loka september eða fram í október. Að því er stefnt að þær hausti sig úti. Umpottun er í ágúst. Flestar plöntur á öðru ári eru aftur teknar á hús en vegna takmarkaðs innipláss eru þær harðgerðari settar í lokaða útikassa.

3. Eftir tvo vetur fara langflestar plöntur endanlega út úr húsinu. Tegundum sem eiga að lifa í takmörkuðu skjóli er plantað í uppeldisreiti, t.d. greni, fura og lerki. Öðrum tegundum er umpottað og í október settar í skjólgerði til vetursetu. Meðal þeirra er birki, elri, heggur, hlynur, kirsí, reynir og þinur.

4. Viðkvæmari tegundum eins og beyki, stilkeik, lífvíði, lind, rauðvíði, sýprus og þöll er umpottað síðla sumars á öðru árinu og fluttar í hús í október til dvalar þriðja veturinn þar.

5. Í einstaka tilfellum er metið hvort viðkvæmustu



6. mynd. Undirbúningur fyrir vetrarvistun - við gróðurstiuna.

tegundirnar þurfi vetrarskjól í köldu húsi í fleiri vetur, t.d. fjórða og fimmta veturinn. Það hefur verið gert með lífvið, risafuru, kristþyrni og þöll.

Við vetrarvistun plantna þarf að hafa í huga að rætur hafa heldur minna frostþol en yfirvöxturinn. Því er öruggara að geyma plöntur í jörðu en í pottum á plani. Rótarkal verður fyrst og fremst við kuldaflötinn. Stærri pottar veita því meira skjól gegn kali en minni ílát eins og fjölgatabakkar. Til að veita stálpuðum trjám betri vistun veturinn fyrir útplöntun hefur jarðsetning tíðkast í Deild og minni pottaplöntur sem standa á plani hafa verið huldar með vikri eða sandi upp fyrir brún pottanna. Í jarðsetningu felst að taka plöntuna úr pottinum, grafa hana vel niður hallandi undir litlu horni með stofninn í átt undan megin vindstefnu.

Plöntuvalið stækkað

Nú þegar rúmlega tuttugu ár eru liðin frá því að trjáræktin hófst hafa aðstæður breyst frá því að vera óhagstæðar í að vera nokkuð góðar eftir að náðist að byggja upp nauðsynlegt skjól. Fyrstu tíu árin voru eingöngu gróðursettir viðurkenndar frumherja- tegundir eins og birki, sitkagreni, stafafura, alaskaösp, rússalerki og fáeinar aðrar. Í þessu fólst að það tók tíu ár að byggja upp nægilegt skjól til að unnt væri að bjóða öðrum viðkvæmari tegundum bólfestu í túninu í Deild. Það var í sjálfu sér áfangi að hefja gróðursetningu á aski og hlyni sem var fyrsta litla skrefið út fyrir þægindarammann sem áföllin eftir fyrsta árið höfðu markað. Þetta hljómar skrítið nú en svo var ekki þá.

Það þurfti góðan félagar til að opna augun fyrir þeim möguleikum sem skjól fyrstu árunna hafði



7. mynd. Stigakerfi veitir aðgang að ræktuninni.

skapað. Hann renndi í hlað með glænýja kímplöntu af hrossakastaníu vafða inn í dagblaðsrifildi. Fræið hafði verið hirt upp af götu í Helsinki haustið áður. Þessi vesæli sproti var þeginn af hálfum hug og efa um að úr honum gæti ræst. Hrossakastanían var gróðursett í sumarbyrjun í skjóli af vörubretti og flestum til undrunar lifði hún af næsta vetur og lifir enn sem glæsilegt rúmlega tveggja metra hátt tré. Ísinn var brotinn og nýr kaflí í ræktunarstarfinu í Deild hafinn.

Endurskipulagning og ný viðmið

Árið 1999 og aftur 2003 var trjáræktarsvæðið á túninu stækkað og skipulagt út frá reynslu og nýjum áherslum. Tegundafjöldinn hafði verið takmarkaður fram að því sem endurspegladi varkárni og upphaflega vantrú á ræktunarskilyrðum. Eitt lærdómsár og fimm farsæl ræktunarár voru þó að baki og kominn tími til að færa út kviarnar. Fyrri stækkunin var við íbúðarhúsið og síðari stækkunin teygði sig lengra út frá því. Innan þessa ramma voru skilgreind fjögur ræktunarsvæði sem skyldu verða opnari og trjágróðurinn aðgengilegri en fyrr. Hvergi yrðu einsleitnir þéttir skógarlundir. Áhersla skyldi vera á blandaðan skógargarð með blómstrandi trjám og runnum innan um aðrar tegundir. Reynslan af nýtingu sitkagrenis til skjólmyndunar var lögð til grundvallar við afmörkun skjólsvæða og bogadregnum stígum var fjölgað mikið. Eftir að búið var að teikna megindrætti á blað voru væntanlegir stígar slegnir til að sjá hvernig ræktunin myndi falla að landinu og til að tryggja að ræktunin sæist sem best frá stígnum. Reynt var að haga skipulagi og plöntun þannig að hver einasta trjátegund væri sýnileg frá einhverju sjónarhorni af



8. mynd. Kvistill (*Physocarpus malvaceus*).

göngustíg. Þriggja til sex ára sitkagreni sem féll til við grisjun úr eldri ræktun nýttist vel sem frumherji á nýju svæðunum. Einnig voru fyrstu skjólgirðingarnar teknar upp og með sitkagreninu var lagður grunnur að kerfisbundinni skjólmyndun.

Í megindráttum var unnið út frá þeirri grunnhugmynd að til yrðu nokkur skjól- og ræktunarsvæði þar sem sitkagreni en einnig alaskaösp, greni og valin viðklón mynduðu háan skjólvegg á móti helstu veðuráttum. Í skjóli þeirra væru gróðursettar trjátegundir sem búast mætti við að yrðu nokkuð hávaxnar, t.d. askur, álmur, birki, elri, heggur, hlynur og reynir. Þá kæmu lægri tegundir á borð við amal, hesli, hyrni, kirsí, rósir, sýrenur, steinepli, toppa og þyrni. Lágvaxnari tegundir gæti myndað neðsta lagið, eins og berjarunnar, kvistir, logalauf, litli eldrunni, mjaðarlynng og fleiri lágvaxnir runnar og þekjuplöntur. Þannig má líta á uppbygginguna í fjórum hæðarsviðum þótt engin slík skipting verði sýnileg.

Nýjar tegundir

Í Deild hefur nú verið plantað á þriðja hundrað trjátegunda og kvæma. Harðgerðar frumherjategundir voru einráðar fyrstu tíu árin en seinni tíu árin hefur viðkvæmari tegundum fjölgað mjög hratt eftir því sem skilyrði fyrir tilvist þeirra skapast. Hlynur, askur og álmur voru einna fyrstu nýju tegundirnar. Toppar, eins og alpatoppur, glæsítóppur, gultóppur, klukku-tóppur, surtartóppur o.fl. komu einnig snemma og þyrnar, eins og dögglingsþyrnir, hvítþyrnir, mjúkþyrnir, siberíuþyrnir, snæþyrnir o.fl. fylgdu í kjölfarið. Margar reynitegundir hafa bæst í hópinn auk ilmreynis sem var meðal frumherjanna. Um tuttugu reynitegundir eru nú í ræktun. Meðal þeirra eru bergreynir, fjalla-reynir, hubeireynir, rósareynir, rúbínreynir, seljureynir og vorreynir. Tegundir af hlyni eru orðnar níu og þintegundir tíu. Af þeim tegundum sem komið hafa á síðustu fimm árum má nefna kirsí, eins og fugla-



9. mynd. Fuglakirsi (*Prunus avium*).

kirsí, roðakirsí, næfurhegg og fjallaplómu. Auk þess má nefna hjartalind, silfurlind, marþöll, fjallapöll, kristþyrni, skógarpöll, sveipálm, skógarbeyki, stilkeik, rauðeik, risalífvið, kanadalífvið og margar fleiri.

Skráning og kortlagning

Mikilvægt er að fylgjast með þrifum og vexti tegundanna sem þýðir að skráning og kortlagning þarf að vera nokkuð ítarleg. Þegar ræktunarsvæðið var stækkað var ljóst að bæta þyrfti skráninguna enda stóð fyrir dyrum mikil tegundafjöldun. Ákveðið var að merkja hverja tegund a.m.k. á einum aðgengilegum stað og treysta svo á að hana mætti þekkja aftur á öðrum stað. Það hefur gengið sæmilega. Skráning á merkingum var snemma ákveðin og hefur haldist óbreytt síðan.

Einnig þurfti að einfalda skráningu á kortagrunna enda ekki auðvelt að skrifa þar heiti í fullri lengd. Að bandarískri fyrirmynd var tekið upp kerfi skammstafana með fjórum bókstöfum. Tveir fyrstu stafirnir vísa til ættkvíslar og tveir seinni til tegundar. Þetta er sýnt og skýrt í hliðarramma.

Framhaldið

Uppbyggingu trjáæktarsvæðanna er langt í frá lokið en hraðinn mótast fyrst og fremst af því hvernig gengur með myndun nægilegs skjóls. Það verður til í nokkrum skrefum þar sem harðgerðari tegundir koma fyrst og styðja við aðrar lægri og meira veikburða. Stefnt er að því að þegar uppbyggingu lýkur verði orðinn til um 8 ha skógargarður. Umfjöllun um ræktunarstarfið og vöxt og viðgang einstakra trjátegunda og kvæma verður til umfjöllunar í síðari grein um ræktunarstarfið í Deild.

Höfundur: SVEINN ÞORGRÍMSSON



10. mynd. Trjáræktin í Deild við goslok í Eyjafjallajökli 2010.

Skammstafanir tegundaheita

Þegar tegundum fjölgar vex þörfin fyrir skráningu og kortlagningu. Óhagæði er að þurfa ætíð að rita plöntuheiti í fullri lengd og þegar færa þarf heiti inn á kort er þar einfaldlega ekki rými fyrir löng nöfn auk þess sem læsileiki kortsins minnkar. Til þess að bæta úr þessu er hægt að nota staðlaðar skammstafanir. Nokkur slík kerfi má finna á netinu en eftir samþykkingu höfundur þessarar greinar eftirfarandi kerfi hentugast og hefur því notað það í nokkur ár. Kerfið er byggt upp af fjórum bókstöfum þar sem tveir fyrri stafirnir vísa til latnesks heitis ættkvíslar en þeir tveir síðari til tegundaheitis. Grunnurinn er fenginn úr grein sem Dr. Henri D. Grissino-Mayer, frá landfræðideild háskólans í Tennessee, ritaði fyrir nokkrum árum síðan um áhringjafræði en tilvísunin er að öðru leyti töpuð. Þar sem varla verður nokkurn tíma til tæmandi listi með öllum tegundaheitum skiptir máli að uppbygging kerfisins sé svo einföld og skýr að hver og einn geti byggt upp skrár til eigin afnota og bætt inn nýjum heitum eins og þörf er fyrir. Það á við um þennan kerfisgrunn. Þannig hefur þurft að bæta inn heitum margra tegunda frá Evrópu og Asíu til að ná inn öllum tegundaheitum í Deild.

Pinur (*Abies*) er fyrstur í kerfinu. Notast er við fyrstu bókstafi ættkvíslar og tegundar. Þegar tvær eða fleiri ættkvíslir hafa sömu upphafsþákstafi eins og *pinus* og *picea* þá virðist algengari ættkvíslin ráða. Pinus fékk því PI fyrir ættkvísl, en *picea* þurfti að notast við þriðja þákstafinn, þ.e. C og ættkvíslarstafirnir fyrir *picea* verða því PC, eins og hér er sýnt:

Skammstöfun - Latneskt heit - Íslenskt heiti

ABSP*	Abies	Pinur -
ABAL	Abies alba	Evróupinur
ABAM	Abies amabilis	Silfurpinur
ABBA	Abies balsamea	Balsampinur
ABCO	Abies concolor	Hvítpinur
ABFR	Abies fraseri	Glæsipinur
ABGR	Abies grandis	Stórpínur
ABKO	Abies koreana	Kóreupinur
ABLA	Abies lasiocarpa	Fjallapínur

PCSP	Picea	Greni
PCAB	Picea abies	Rauðgreni
PCEN	Picea engelmannii	Blágreni
PCGL	Picea glauca	Hvítgreni
PCJE	Picea jezoensis	Japansgreni

PISP	Pinus	Fura
PIAR	Pinus aristata	Broddfura
PIBN	Pinus banksiana	Gráfura
PICE	Pinus cembra	Sembráfura

* SP er notað þegar tegund er ekki þekkt. Önnur frávik sem snerta skráningu í íslenskri trjárækt eru sárafá, aðallega ösp (skammstöfun fyrir *Populus* er PP) og kirsí (*Prunus* er PN), sbr. eftirfarandi:

PPBA	Populus balsamifera	Balsamösp
PNVAV	Prunus avium	Fuglakirsí



Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 2014

Skógræktarfélag Íslands hélt 79. aðalfund sinn á Akranesi dagana 15. – 17. ágúst 2014 og mættu vel á annað hundrað fulltrúar skógræktarféлага alls staðar af landinu á fundinn. Skógræktarfélag Akraness, í samstarfi við Skógræktarfélag Skilmannahrepps, var gestgjafi fundarins. Fundarstjórar voru Bjarni O.V. Þóroddsson, Skógræktarfélagi Skilmannahrepps og Laufey B. Hannesdóttir, Skógræktarfélagi Borgarfjarðar, en fundarritarar voru Ólafur Thoroddsen og Sigurður Arnarson, báðir frá Skógræktarfélagi Eyfirðinga.

Föstudagur 15. ágúst

Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann fór í stuttu máli yfir starfsemi félagsins á því ári sem liðið er frá síðasta aðalfundi í Garðabæ, helstu verkefni þess og rekstur félagsins. Einnig minntist hann félaga og velunnara skógræktarhreyfingarinnar sem fallið höfðu frá milli funda. Kom Magnús einnig sérstaklega inn á þær breytingar sem orðið hafa á upplýsingatækni og miðlun upplýsinga um skógrækt. Næstur tók til máls Sigurður Ingi Jóhannsson,

umhverfis- og auðlindaráðherra. Kom hann meðal annars inn á mikilvægi skógræktarféлага við landgræðslu og verndum jarðvegs og hvatti skógræktarhreyfinguna til að láta í sér heyra í tengslum við stefnumótun um landsskipulag, sem væri í vinnslu.

Jens B. Baldursson, formaður Skógræktarfélags Akraness, steig því næst í pontu og bauð fundarmenn velkomna. Sagði hann frá upphafi starfs Skógræktarfélags Akraness og helstu þáttum starfseminnar.

Næstur tók til máls Jón Loftsson skógræktarstjóri og fjallaði hann meðal annars um starf Skógræktar ríkisins, þar á meðal endurkortlagningu birkiskóga, rannsóknir á Mógilsá og vefsja um skóga landsins.

Ólafur Adolfsson, formaður bæjarráðs Akraness, hélt því næst ávarp og fjallaði um hvernig skógrækt kæmi inn á borð bæjarfulltrúa. Einnig sagðist hann hafa gengið í Skógræktarfélag Akraness þá um morguninn og hlaut hann lófatak fundargesta fyrir þá yfirlýsingu.

Að þessum ávörpum loknum fór Magnús Gunnarsson stuttlega yfir starfsskýrslu Skógræktarfélags Íslands, en hún lá frammi á fundinum. Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands,



Fundargestir samankomnir í skóginum í Slögu, ræktunarsvæði Skógræktarfélags Akraness í hliðum Akrafjalls. Mynd: Einar Gunnarsson

fór því næst yfir reikninga félagsins. Guðbrandur Brynjúlfsson, formaður Landgræðslusjóðs, fór svo yfir skýrslu sjóðsins.

Að því loknu voru fram komnar tillögur til ályktunar kynntar og þeim skipt á milli nefnda. Var Jónatan Garðarsson, Skógræktarfélagi Hafnarfjarðar, skipaður formaður allsherjarnefndar, en Valgerður Auðunsdóttir, Skógræktarfélagi Árnesinga, formaður skógræktarnefndar. Að því loknu hélt Hannibal Hauksson ferðamálafulltrúi stutta kynningu á Akranesi og var það síðasti dagskrárliður fyrir hádegismat. Eftir hádegisverð fóru svo nefndastörf fram.

Að nefndastörfum loknum flutti Jón Guðmundsson garðyrkjufræðingur erindi um eplaráækt sína á Akranesi. Einnig sagði Ásmundur Ólafsson leiðsögumaður frá Akranesi. Að því loknu var haldið í vettvangsferð um bæinn og nágrenni á vegum gestgjafanna. Byrjað var á skoðunarferð um Akranesbæ, með viðkomu í garði Jóns Guðmundssonar, en því næst var haldið til Slögu, skógarreits Skógræktarfélags Akraness í hliðum Akrafjalls. Þar gengu fundargestir um skóginn og Stefán Teitsson, fyrrverandi formaður félagsins, sagði frá ræktun í reitnum. Loks var svo haldið í Garðalund við Akranes, þar sem boðið var upp á grillaðar pylsur og aðra hressingu.

Laugardagur 16. ágúst

Dagskrá laugardagsins hófst með fræðsluerindum. Bjarni O.V. Þóroddsson, formaður Skógræktarfélags Skilmannahrepps og Jens B. Baldursson, formaður Skógræktarfélags Akraness, sögðu frá skógrækt í nútíð og framtíð á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit.

Þorsteinn Hannesson, sérfræðingur hjá Elkem, fjallaði um nýtingu viðar í framleiðsluferli Elkem, Þorbergur Hjalti Jónsson fór yfir samstarf Skógræktar ríkisins við Elkem, Halldór Sverrisson sagði frá helstu nýju skaðvöldum í skógi og Else Möller fór yfir hvernig bæta mætti gæði og magn jólatrjáa í ræktun hjá skógræktarfélagunum. Arnheiður Hjörleifsdóttir, varaoddviti í Hvalfjarðarsveit, sagði svo frá sínu sveitarfélagi.

Að loknum hádegisverði var haldið í vettvangsferð um Hvalfjarðarsveit. Byrjað var á að skoða garðinn að Gröf, undir leiðsögn húsráðanda, Jóns Eiríkssonar og Ruthar Hallgrímsdóttur. Að því loknu var haldið að Álfholtsskógi, svæði Skógræktarfélags Skilmannahrepps. Eftir gönguferð um skóginn undir leiðsögn Bjarna O.V. Þóroddssonar söfnuðust fundargestir saman og nutu veitinga og tónlistar í blíðskaparveðri.

Um kvöldið var boðið til hátíðarkvöldverðar í Fjölbautaskóla Vesturlands, er hófst með fordrykk í boði Skógræktarfélags Íslands og sáu gestgjafar fundarins svo um kvöldvöku, undir stjórn Gísla Gíslasonar. Fjórir félagar í Skógræktarfélagum Akraness og Skilmannahrepps voru heiðraðir fyrir störf í þágu skógræktar, þau Bjarni O.V. Þóroddsson, Guðjón Guðmundsson, Stefán Teitsson og Þóra Björk Kristinsdóttir. Einnig voru þeim skógræktarfélagum sem áttu tugaafmæli á árinu færðar árnaðaróskir Skógræktarfélags Íslands. Var fulltrúi frá einu félagi viðstaddur – Páll Ingþór Kristinsson, formaður Skógræktarfélags A-Húnavetninga – og tók hann við skjali og myndarlegri alaskaepliplöntu af því tilefni fyrir hönd síns félags. Þorsteinn Tómasson jurtaerfðafræðingur færði einnig



Bjarni O.V. Þóroddsson, formaður Skógræktarfélags Skilmannahrepps, leiðir göngu um Álftoltsskóg. Mynd: RF

gestgjöfunum, Skógræktarfélögum Akraness og Skilmannahrepps, að gjöf plöntubakka með rauð-blaða birki, sem hann vinnur nú að því að rækta saman við íslenskt birki. Dagskrá lauk svo með balli fram á nótt.

Sunnudagur 17. ágúst

Hefðbundin aðalfundardagskrá hélt áfram á sunnudag með afgreiðslu reikninga sem voru samþykktir samhljóða. Tólf tillögur að ályktunum voru bornar upp á fundinum, eftir umræður og meðferð í nefndum. Fjórum ályktunum var vísað til stjórnar til frekari úrvinnslu. Samþykktar ályktanir á fundinum voru:

1. ályktun

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akranesi 15.-17. ágúst 2014, fagnar nýlegri samþykkt tveggja þingsályktana á hinu háa Alþingi, annars vegar „um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnsýslueininga á sviði skógræktar og landgræðslu“ (211. mál) og hins vegar „um stefnu-mótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014–2017“ (256. mál). Fundurinn væntir þess að samþykkt þeirra leiði

til hagnýtra rannsókna, þróunarstarfs og til eflingar skógræktarstarfs á landsvísu og þess sjái stað í fjárlögum næsta árs.

2. ályktun

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akranesi 15.-17. ágúst 2014, fagnar því góða og árangursríka rannsóknastarfi sem unnið var að á árunum 2002-2006 í samstarfi Rannsóknastöðvar skógræktar á Mógilsá, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands, undir verkefninu „Skógvist“. Meginmarkmið verkefnisins var að kanna breytingar sem verða á lífríki, kolefnishringrás og jarðvegspáttum mólendis við skógrækt og þegar birkiskógur vex upp. Þær niðurstöður sem hafa fengist með verkefninu hafa verið nýttar af skógræktaraðilum til að skipuleggja skógræktarstarf þannig að neikvæð áhrif verði sem minnst og ávinningur sem mestur fyrir bæði menn og umhverfi. Mikilvægt er að fjármögnun fái stíl til áframhaldandi rannsókna og vöktunar á langtíma-áhrifum nýskógræktar á vistkerfi, en því miður hefur niðurskurður á skógræktarrannsóknum og rannsóknasjóðum síðustu árin gert það að verkum



Fundargestir njóta góða veðursins og gróðursins í Álfholtsskógi. Vettvangsferðir eru mikilvægur þáttur aðalfunda Skógræktarfélags Íslands, því þar gefst fundargestum bæði tækifæri til að sjá skógarreiti sem þeir hafa oft ekki komið í áður og til að ræða málin við gamla og nýja félagi í skógræktarhreyfingunni. Mynd: RF



Garður Jóns Guðmundssonar á Akranesi skoðaður. Jón er þekktur fyrir eplarækt sína í garðinum, en ótal fjöldi annarra plantna vex þar einnig og mátti sjá margt áhugavert og fallegt þar. Mynd: RF



Vettvangsferð föstudagsins endaði í Garðalundi, þar sem boðið var upp á grillaðar pylsur og runnu þær ljúflega ofan í fundargesti. Mynd: RF



Stefán Teitsson, fyrrverandi formaður Skógræktarfélags Akraness, segir frá ræktun félagsins í Slögu í hliðum Akrafjalls, en þar er nú að vaxa upp hinn myndarlegasti skógur. Mynd: RF

að slíku rannsóknastarfi hefur lítið verið sinnt frá efnahagshruninu árið 2008. Því beinir fundurinn því til umhverfis- og auðlindaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis að finna leiðir til þess að fjármagna efldar rannsóknir á vistfræðilegum áhrifum skógræktar, svo vega megi og meta rök með og móti skógrækt á grundvelli vísindalegrar þekkingar.

3. ályktun

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akranesi 15.-17. ágúst 2014, tekur undir með ríkisstjórn og atvinnulífi að þörf sé á að fara yfir lög og reglur er lúta að atvinnulífinu í landinu til að auka skilvirkni og gagnsæi. Það á ekki síður við um lagaumhverfi skóga, skógræktar og annarrar landnýtingar sem eru mikilvæg atvinnulífi og lífsafkomu þjóðarinnar.



*Einar Gunnarsson mundar hæðarmælistöng
í Alfholtsskógi, en þar var tækifærið nýtt til að
mæla myndarlegt greni og ösp. Reyndist öspin
heldur hærri, eða 13,2 m á hæð. Mynd: RF*



Fundargestir skoða sig um í garðinum að Gröf í Hvalfjarðarsveit. Mynd: RF



Fastur liður á aðalfundi eru fræðsluerindi. Hér segir Else Möller skógræðingur frá ræktun jólatrjáa á Íslandi og hvernig bæta má gæði og magn trjáa í ræktuninni. Mynd: RF

Skógræktarhreyfingin fagnar vilja núverandi stjórnvalda til raunverulegs samráðs við hagsmunaaðila og lýsir yfir vilja sínum til að leggja þessu mikilvægu áformum lið.

4. ályktun

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akranesi 15.-17. ágúst 2014, vekur athygli íslenskra stjórnvalda á þeirri stefnu sem norsk stjórnvöld hafa markað, að auka bindingu gróðurhúsalofttegunda með aukinni nýskógrækt. Norskir skógar binda nú um 60% þeirra kolefnisígilda sem losna út í andrúmsloftið í formi gróðurhúsalofttegunda þar í landi. Þetta hlutfall vilja Norðmenn auka. Noregur er þekktur fyrir að vera að miklu leyti þakinn skógi en til samanburðar er Ísland þekkt fyrir hið gagnstæða. Auk verkefna heima fyrir vinna Norðmenn með öðrum þjóðum að skógræktarverkefnum, meðal annars í þróunarlöndum. Tækifæri Íslendinga til bindingar kolefnis með skóg-



Fjórir félagar í Skógræktarfélagum Akraness og Skilmannahrepps voru heiðraðir fyrir störf sín í þágu skógræktar og voru það (f.v.) Bjarni O.V. Þóroddsson, Guðjón Guðmundsson, Þóra Björk Kristinsdóttir og Stefán Teitsson. Færði Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, þeim viðurkenningarskjal og blómvönd. Mynd: Hrefna Einarsdóttir

rækt eru margföld á við tækifæri Norðmanna. Hér er mikið hentugt land til reiðu og ekkert því til fyrirstöðu að hefjast handa með litlum fyrirvara.

5. ályktun

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands haldinn á Akranesi dagana 15.-17. ágúst 2014 ályktar. Senn eru liðin 80 ár frá friðun Bæjarstaðaskógar. Skógræktarfélag Íslands og Skógrækt ríkisins tóku þá höndum saman við bændur í Skaftafelli og safnað var fjármunum til að girða skóginn af fyrir búfjárbætur. Litlu mátti muna að Bæjarstaðatorfan sem skógurinn óx á yrði uppblæstri að bráð og hlyti sömu örlög og 95% skógarþekjunnar frá landnámi. Við beitarfriðun og uppgræðslu sköpuðust skilyrði fyrir sjálfsáningu Bæjarstaðaskógar utan skógarins en grasgefinn skógarbotn gaf ekki færi á slíku innan hins aldurnhigna skógar. Bæjarstaðaskógur hefur lengi verið aðaluppspretta þess erfðaefnis ilmbjarkar sem notað hefur verið í skógrækt og vaxa birkiskógar af Bæjarstaðauppruna nú um allt land. Lagt er til að sögu þessari verði gerð góð skil í tilefni þess að 80 ár eru liðin frá friðun Bæjarstaðaskógar.

6. ályktun

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akranesi 15.-17. ágúst 2014, leggur til að unnið verði að samstilltu átaki opinberra aðila og skógræktarféлага í að nýta lúpínubreiður til skógræktar, bæði í þéttbýli og víðsvegar um land. Jafnframt beinir fundurinn þeim tillæmum til samráðsnefndar um Landgræðsluskógaverkefnið að aukin áhersla verði á ræktun landgræðsluskóga í lúpínubreiðum.



Nýkosin stjórn og varastjórn Skógræktarfélags Íslands. F.v. Páll Ingbór Kristinsson, Laufey B. Hannesdóttir, Sigríður Heiðmundsdóttir, Guðbrandur Brynjúlfsson, Sigrún Stefánsdóttir, Magnús Gunnarsson, Þuríður Yngvadóttir, Kristinn H. Þorsteinsson og Aðalsteinn Sigurgeirsson. Á myndina vantar Sigríði Júlíu Brynleifsdóttur, sem var fjarverandi. Mynd: RF

7. ályktun

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akranesi 15.-17. ágúst 2014, fagnar nýjum samningi við Umhverfis- og auðlindaráðuneyti um fjárstuðning til Landgræðsluskógaverkefnisins. Jafnframt hvetur fundurinn þá fjölmörgu sem að verkefninu standa og þá ekki síst skógræktar- og sveitarfélög að efla það enn frekar og nema ný lönd sem verða útivistarsvæði framtíðarinnar. Koma þau til með að veita byggðinni skjól og aukin lífsgæði eins og fjölmörg dæmi af árangri verkefnisins sanna.

8. ályktun

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn á Akranesi 15.-17. ágúst 2014, harnar hvernig komið er fyrir rannsóknum og þróun á nýtingu belgjurta og annarra plantna sem binda nitur með hjálp örvera. Slíkar plöntur eru tilvaldar sem hjálparplöntur til landgræðslu, landgræðsluskógræktar og annarrar skógræktar. Fundurinn skorar á þær opinberu stofnanir er málið varðar að hefja og halda áfram rannsóknum á þessum plöntum nú þegar og sinna þeim plöntu-söfnum sem til eru í landinu.

Kosningar

Gísli Eiríksson, Sigrún Stefánsdóttir og Magnús Gunnarsson áttu að ganga úr stjórn Skógræktarfélags

Íslands. Magnús gaf áfram kost á sér sem formaður og var endurkjörinn einróma. Sigrún gaf einnig áfram kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, en Gísli gekk úr stjórn. Stungið var upp á Sigríði Júlíu Brynleifsdóttur, sem sat í varastjórn, í stað Gísla. Engin önnur tillaga kom og voru því Sigrún og Sigríður Júlía kosnar einróma í stjórn félagsins. Aðrir varamenn, Sigríður Heiðmundsdóttir og Kristinn H. Þorsteinsson gáfu áfram kost á sér, en í stað Sigríðar Júlíu var stungið upp á Laufeyju B. Hannesdóttur og Gísla Tryggvasyni. Gengið var til kosninga um varastjórn og voru Sigríður, Kristinn og Laufey kosin. Félagslegir skoðunarmenn voru endurkjörnir einróma þeir Halldór Halldórsson og Árni Þórólfsson og Kjartan Ólafsson og Sigríður Elefsen til vara.

Lok fundar

Sigrún Stefánsdóttir, formaður Skógræktarfélags Eyfirðinga, bauð fundargesti velkomna til aðalfundar á Akureyri 14. -16. ágúst 2015.

Þá steig Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, í pontu og þakkaði öllum sem komu að fundinum með einum eða öðrum hætti og sleit honum síðan formlega.

Höfundur: RAGNHILDUR FREYSTEINSDÓTTIR

Skógræktarárið 2013

Hjálagðar töflur veita nokkra innsýn í skógræktarstarfið árið 2013. Ekki verður fjölyrt um þær hér enda fátt nýtt um þær að segja sem ekki hefur verið margsagt áður.

Gróðursetning helstu skógræktaraðila

Ekki hafa verið gróðursettar færri skógarplöntur á Íslandi síðan 1989. Sá stígangi sem hélt áfram eftir 1990 hefur nú verið strikaður út. Þessi þróun hefst árið 2008 en lítillega hefur hægt á henni frá árinu 2012. Að óbreyttu mun þessi samdráttur halda áfram nema til komi ný vitundarvakning og auknir fjármunir verði settir í skógrækt.

Gróðrarstöðvar

Upplýsingar bárust frá eftirtöldum átta framleiðendum skógarplantna: Árbakka, Barra, Furubrun, Kvistum, Lágafelli, Mörk, Náthaga, Sólskógum, og Svanshól. Þegar best lét skiluðu sextán framleiðendur upplýsingum um framleiddar skógarplöntur. Tölurnar bera það með sér að framleiddum plöntum og framleiðendum hefur fækkað um helming á síðastliðnum sex árum.

Áburðargjöf árið 2013

Borið á skóg sem gróðursettur er eftir 1990

	Tonn N	Flatarmál (ha)
Skógræktarfélag	0,46	93
Skógrækt ríkisins	0,3	40
Hekluskógar	7,5	305
Norðurlandsskógar	1,2	140
Suðurlandsskógar	2,4	280
Vesturlandsskógar	0,5	109
Skjólsskógar	0,7	
Samtals	11,9	967

Viðarafurðir


Góðu tíðindin eru sú mikla aukning í sölu viðarafurða sem tölurnar bera með sér og hangir það saman við að grisjunarstarf er nú að eflast og að mikil eftirspurn er eftir timbri.

Að lokum vill höfundur þakka þeim fjölmörgu forsvarsmönnum skógræktarverkefna og gróðrarstöðva og nokkrum einkaaðilum sem hafa góðfúslega látið í té upplýsingar fyrir þessa samantekt.

Ragnhildur Freysteinsdóttir las yfir texta. Kann ég öllum þeim sem að þessari vinnu komu bestu þakkir fyrir.

Höfundur: EINAR GUNNARSSON

Sala á timbri og timburafurðum



Viðarframleiðsla 2013

Afurð	Skógrækt ríkisins (m³)	Bændaskógar (m³)	Skógræktarfélag (m³)	ALLS m³
Bolviður greni	49		104	153
Bolviður fura	34		0	34
Bolviður lerki	18		12	30
Bolviður birki	3		1	3
Bolviður ösp	2		11	13
Bolviður annað	0		11	11
Borðviður greni	17		21	38
Borðviður fura	0		0	0
Borðviður lerki	16		6	22
Borðviður birki	2		0	2
Borðviður ösp	0		31	31
Borðviður annað	0		0	0
Arinviður birki	374		13	387
Arinviður barr	133		160	293
Arinviður ösp/annað	14		1	15
Kurl lerki	94		5	99
Kurl greni/fura	91		57	148
Kurl birki/annað	30		0	30
Kurl til orkuframleiðslu	291	205	0	496
Kurl til iðnaðar	3.315		192	3.507
Spænit/sag, undirburður			101	101
Girðingarstaurar	5		0	5
Samtals	4.488	205	725	5.419

m³: Um er að ræða rúmmetramál viðkomandi afurðar. Þannig gefur bolviður bolrúmmál en borðviður rúmmál á söguðum borðum o.s.frv.

Fjöldi ársverka við skógrækt 2013*

Launuð störf:	Skógrækt ríkisins	Skógræktar- félag	Héraðs- & Austurl.- skógar
Stjórnunarstörf	14,0	8,4	
Skógrækt		18,9	
Skógarhögg og framl. viðarafurða	31,0	8,0	
Ræktun og sala jólatrjáa		2,2	
Mannvirkjagerð**		6,5	
Plöntuframleiðsla		0,0	
Rannsóknir	13,0	0,0	
Annað:		4,0	
Alls	58,0	48,0	0,0

* Ársverk svarar til u.þ.b. 2000 klst. í vinnu ** Svo sem girðingar, vegir, stígar, aðstaða og önnur mannvirki

Flatarmál gróðursetninga í landinu árið 2013 (ha)

	Skógrækt ríkisins	Skógræktar- félag	Landgræðslu- skógar	Héraðs- & Austurl.- skógar
Nýgróðursetning	44	15	161	165
Endurgróðursetning	2	30	352	
Alls	46	45	513	165



Suðurlands- skógar	Vesturlands- skógar	Skjólaskógar á Vestfjörðum	Norðurlands- skógar	Hekluskógar	ALLS
0,5	1,9	2,4	2,7	0,3	30,2
10,0	2,2	1,9	4,4	1,3	38,7
			0,3		39,3
					2,2
	2,1	0,7	1,5		10,8
				1,5	1,5
			0,3	0,3	13,6
				0,2	4,2
10,5	6,2	5,0	9,2	3,5	140,4

Suðurlands- skógar	Vesturlands- skógar	Skjólaskógar á Vestfjörðum	Norðurlands- skógar	Landgræðsla ríkisins	Hekluskógar	ALLS
148	109		231		114	987
25						409
173	109	0	231	0	114	1.396

Helstu tölur um gróðursetningu í landinu árið 2013

Trjáttegund	Skógrækt ríkisins	Land- græðsla ríkisins	Heklu- skógar	Skóg- ræktar- félög	Land- græðslu- skógar
Ilmbirki	25.112	31.325	233.410	7.147	272.431
Rússalerki	18.838			40	53.265
Sitka- og hvítsitkagreni	59.568			2.328	95.200
Stafafura	14.346			25.144	104.061
Alaskaösp	2.409			1.343	22.513
Reyniviður	235	701	5.250	330	2.273
Blágreni				4.440	216
Berg- og fjallafura				375	14.204
Lindi- og sembrafura	4			49	
Evrópulerki				111	1.960
Alaskavíðir				70	
Skógarfura	4.642			1.817	2.320
Hvítgreni					
Rauðgreni	1.360			1.169	
Fjallapínur	3.905			3.240	
Jörfavíðir				315	4.240
Viðja					
Hengibirki	2.664			2.281	
Víðir, ýmsar tegundir				167	
Ýmsar tegundir	20			1.219	
Blælrí	4.000			99	
Gulvíðir				210	2.683
Lerkiblendingur, Hrymur	660			1.082	
Grælrí				2.221	
Rauðelrí				210	
Selja	1.968			35	
Sólber/rífs	75			484	384
Fjallafura				930	
Víðir, stiklingar					
Ýmsar tegundir runna				815	
Sitkaelrí	520			280	
Ýmsar reynitegundir	75			604	
Eplatré, ýmis				344	
Loðvíðir					
Heggur				260	
Körfuvíðir					
Rósir, ýmsar				139	
Fjalla-og marþöll				132	
Sifjalerki				111	
Ýmsar eikartegundir				98	
Ýmsar lerkitegundir				90	
Steinbirki				85	
Álmur				105	
Degli				80	
Eðalþínur				80	
Askur	4			45	
Ýmsar grenitegundir				16	
Samtals	140.405	32.026	238.660	60.140	575.750

Yrkju- sjóður	Héraðs-& Austurl.- skógar	Suður- lands- skógar	Vestur- lands- skógar	Skjólsskógar á Vestfjörðum	Norður- lands- skógar	ALLS	Hlutfall af heild
25.550	52.252	82.880	41.550	75.220	62.898	909.775	28,04%
	239.722	360	51.360	19.913	348.332	731.830	22,56%
	82.401	146.000	93.598	39.160	80.773	599.028	18,47%
	69.818	148.260	120.660	19.880	91.425	593.594	18,30%
	17.856	71.216	4.637	19.530	12.620	152.124	4,69%
	20.296	6.884	1.224	1.435	5.136	43.764	1,35%
	28.960				8.492	42.108	1,28%
			920	7.611		23.110	0,70%
	20.760			1.880		22.693	0,70%
			3.520	13.689		19.280	0,59%
	10.416	5.840			1.038	17.364	0,54%
	4.800					13.579	0,42%
				8.200		8.200	0,25%
			3.920	1.600		8.049	0,25%
						7.145	0,22%
			1.350			5.905	0,18%
					5.856	5.856	0,18%
	360					5.305	0,16%
					4.951	5.118	0,16%
		4.298				5.537	0,15%
						4.099	0,13%
				1.050		3.943	0,12%
			1.160	495		3.397	0,10%
						2.221	0,07%
					1.925	2.135	0,07%
						2.003	0,06%
			455		560	1.958	0,06%
						930	0,03%
			900			900	0,03%
						815	0,03%
						800	0,02%
						679	0,02%
						344	0,01%
				280		280	0,01%
						260	0,01%
			250			250	0,01%
						139	
						132	
						111	
						98	
						90	
						85	
						105	
						80	
						80	
						49	
						16	
25.550	547.641	465.738	325.504	209.943	624.006	3.245.363	100%

Afhentar skógarplöntur úr helstu gróðrarstöðvum árið 2013

Tegund	Samtals
Ilmbirki	933.653
Rússalerki	746.049
Stafafura	630.734
Sitka-/hvítsitkagreni	468.914
Alaskaösp	103.646
Reyniviður	53.934
Blágreni	51.134
Berg-/dverg-/fjallafura	26.551
Lindifura	23.105
Evrópulerki	19.065
Hvítgreni	13.480
Alaskavíðir	13.435
Lerkiblandingur, Hrymur	13.418
Rauðgreni	11.156
Viðja	10.299
Jörfavíðir	9.955
Skógarfura	7.560
Gulvíðir	6.879
Fjallaþinur	6.049
Loðvíðir	4.648
Koparreyrnir	3.192
Brekkuvíðir	1.544
Víðir, ýmis	1.240
Sitkaelri	1.230
Sólber/rífsber	1.214
Úlfareynir	951
Gráelri	872
Hengibirki	872
Broddfura	323
Síberíuþinur	280
Mýralerki	200
Rauðelri	145
Myrtuvíðir	120
Svartgreni	120
Aðrar tegundir	279
Alls	3.166.246



Höggvin jólatré 2013

Aðili	Stafafura	Rauðgreni	Sitkagreni	Blágreni	Fjallaþinur	Síberíuþinur	Tegund óskilgr.	Alls jólatré
Skógræktarfélag	4.028	526	1.087	533	134	2	0	6.310
Skógrækt ríkisins	424	640	83	501	88	1		1.737
Skógarbændur & einkaaðilar	440	222	15	130	0	0	7	814
Alls	4.892	1.388	1.185	1.164	222	3	7	8.861
Hlutfall af heild	55,2%	15,7%	13,4%	13,1%	2,5%	0,0%	0,1%	100,0%

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS ÞAKKAR VEITTAN STUÐNING

Reykjavík

Alþýðusamband Íslands, Guðrúnartúni 1
ARGOS ehf, Arkitektastofa Grétars og Stefáns, Eyjarslóð 9
Auglýsingastofan ENNEMM, Brautarholti 10
Á.T.V.R., Stuðlahálsi 2
Efling stéttarfélag, Sættúni 1
Fiskmarkaðurinn ehf, Aðalstræti 12
Gjögur hf, Kringlunni 7
Gunnar Eggertsson hf, Sundagörðum 6
Hilmar D. Ólafsson ehf, Eldshöfða 14
Höfði fasteignasala, Suðurlandsbraut 52
Kjörgarður, Laugavegi 59
Landsnet hf, Gylfaflöt 9
Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24
Nói-Sírius hf, Hesthálsi 2-4
SM kvótaþing ehf, Skipholti 50d
Stjórnuegg hf, Vallá Kjalarnesi
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14
Verkfræðistofan Afl og Orka ehf, Hraunbergi 4

Seltjarnarnes

Seltjarnarnesbær, Austurströnd 2
Zeus heildverslun - SIA, Austurströnd 4

Kópavogur

ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18
Byggðapjónustan bókhald og ráðgjöf, Auðbrekku 22
Gólfþjónusta Íslands ehf, Dalvegi 29
Kjarni ehf, bókhaldspjónusta, Lautarsmára 1
MHG verslun ehf, Akralind 4
Reyk- og eldþéttingar ehf, Hraunbraut 28

Garðabær

Aflbinding-Járnverktakar ehf, Lyngási 8
Fagval ehf, Smiðsbúð 4
Hurðaborg ehf, Sunnuflöt 45
Samhentir, Suðurhrauni 4

Hafnarfjörður

Hafnarfjarðarbær, Strandgötu 6
Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Gullhelli 1
Hvalur hf, Reykjavíkurvegi 48
Rafgeymasalan ehf, Dalshrauni 17
Trefjar ehf, Óseyrarbraut 29
VSB verkfræðistofa ehf, Bæjarhrauni 20

Reykjanesbær

Reykjanesbær, Tjarnargötu 12
Toyota Reykjanesbæ, Njarðarbraut 19
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14

Grindavík

Einhamar Seafood ehf, Verbraut 3a

Mosfellsbær

Röðull bílaverkstæði, Flugmýri 6

Borgarnes

Kaupfélag Borgfirðinga, Egilsholti 1
Skógræktarfélag Borgarfjarðar, Kveldúlfsgötu 18

Ísafjörður

Ferðapjónustan í Heydal, Mjóafirði
Hamraborg ehf, Hafnarstræti 7

Hvammstangi

Húnaþing vestra, Hvammstangabraut 5
Steyrustöðin Hvammstanga ehf, Melavegi 2

Blönduós

Húnavatnshreppur, Húnavöllum

Skagaströnd

Vélaverkstæði Skagastrandar, Strandgötu 30

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS ÞAKKAR VEITTAN STUÐNING

Sauðárkrókur

Garðyrkjustjóri Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Skagfirðingabraut 21
K-Tak ehf, Borgartúni 1
Skagafjarðarveitur, Borgarteigi 15

Varmahlíð

Akrahreppur, Miklabæ

Akureyri

ÁK smíði ehf, Njarðarnesi 4
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf - www.rettarholl.is, Smáratúni 16b
Höldur ehf, bílaleiga, Tryggvabraut 12
Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b
Molta ehf, Þveráreyrum 1a
Raftó ehf, Hjalteyrargötu 6
Sella tannlæknar ehf, Hofsbót 4
Toyota Akureyri, Baldursnesi 1

Dalvík

Promens Dalvík ehf, Gunnarsbraut 12

Húsavík

Hóll ehf, vinnuvélar og verktakar, Höfða 11
Langanes hf, Skólagarði 6
Sorpsamlag Þingeyinga ehf, Víðimóum 3

Laugar

Framhaldsskólinn á Laugum, Laugum Reykjadal
Gistiheimilið Stóru-Laugar, s: 464-2990, Stóru-Laugum

Mývatn

Jarðböðin við Mývatn, Jarðbaðshólum

Kópasker

Vökváþjónusta Kópaskers ehf, Bakkagötu 6

Egilsstaðir

Héraðs- og Austurlandsskógar, Miðvangi 2-4
Héraðsprent ehf, Miðvangi 1
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf, Einhleypingi 1

Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

Reyðarfjörður

AFL - Starfsgreinafélag, Búðareyri 1
Fjarðabyggð, Hafnargötu 2

Neskaupstaður

Tónspil ehf, Hafnarbraut 22

Höfn í Hornafirði

Skinney-Þinganes hf, Krossey
Sveitafélagið Hornafjörður, Hafnarbraut 27
Þrastarhóll ehf, Kirkjubraut 10

Selfoss

Bára Guðjónsdóttir garðyrkjufræðingur, Efri-Brúnavöllum 1
Búnaðarfélag Bláskógabyggðar, Dalbraut 1
Jötunn vélar ehf, Austurvegi 69
Set ehf, röraverksmiðja, Eyraavegi 41

Hvolsvöllur

Byggðasafnið í Skógum, Skógum
Ingimundur Vilhjálmsson, Ytri-Skógum
Rangárþing eystra, Hlíðarvegi 16

Kirkjubæjarklaustur

Ferðaþjónustan Hunkubökkum - hunkubakkar@simnet.is,
Hunkubökkum

Vestmannaeyjar

Ísfélag Vestmannaeyja hf, Strandvegi 28

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS ÞAKKAR VEITTAN STUÐNING



Barri
Skógræktarstöð

**MUNIÐ
SKÓGRAEKTAR-
FÉLAGS-
AFSLÁTTINN**

Skógarplöntur í bökkum:
Ýmsar tegundir

**Berjaplöntur í pottum
og bökkum:**
Jarðarber, runnabláber
og logalauf.

SENDUM HVERT Á LAND SEM ER

Barri ehf. • Valgerðarstaðir 4
701 Egilsstaðir • sími: 471 2371

www.barri.is